



SKOÐUN Flótti hjúkrunarfræðinga er staðreynd, skrifar Ingibjörg Hrefna. **13**



LÍFÍÐ Emmisjé Gauti neitaði að leyfa lögreglu að leita í vösum sínum. **26**



SPORT Aron Kristjánsson hættir sem danskur meistari hjá KIF Kolding. **22**

Háskólagátt – nýtt upphaf Engin skólagjöld

Umsóknarfrestur til 15.júní

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

2. júní 2015
127. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Borgar fyrir að vinna

Ráðstöfunartekjur Friðriks Indriðasonar, sem verið hefur á atvinnuleysisbótum, lækkuðu eftir að hann byrjaði í hálfu starfi hjá Íslandspósti. **2**

Sláturhús í dauðateygjunum

Sláturhúsið B. Jensen á Akureyri er upp á náð og miskunn viðskiptabankans komið vegna verkfalls dýralækna. Gjaldþrot blasir við ef ekki næst að semja sem fyrst. **4**

Holuhraun opið Ríkislögreglustjóri hefur fært viðbúnaðarstig almanna vegna jarðhræringa í Bárðarbungu af hættustigi niður á óvissustig. Gasmengun við Holuhraun er almennt undir hættumörkum. Lokun lögreglu á svæðinu er aflétt. **6**

Falsaðar myndir Rússa Rannsóknarblaðamenn fréttavefsins Bellingcat fullyrða að nokkrar ljósmyndir sem Rússar birtu síðasta sumar og áttu að sanna að Úkraínuher hefði skotið niður malasísku farþegaþotuna MH17 séu augljóslega falsaðar. **8**



2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk



Önnur hver króna fer í laun

Sveitarfélögin vilja fá hlutdeild í virðisaukaskatti og umferðarsköttum. Segja nauðsynlegt að auka tekjurnar. Um helmingur tekna þeirra fer í launagreiðslur. Segja fjármálaráðherra opinn fyrir viðræðum um málið.

SVEITARFÉLÖG Um 50 prósent tekna stærstu sveitarfélaganna fara í launagreiðslur og lítið borð er fyrir báru þegar kemur að því að auka við þjónustu. Hlutfallið er enn hærra hjá sumum minnstu sveitarfélögum. Skuldastaða þeirra hefur batnað á síðustu árum en er enn slæm hjá mörgum þeirra.

Þetta kemur fram í ársreikningum fyrir árið 2014. Innanríkisráðuneytið gefur út heildaryfirlit yfir stöðu sveitarfélaganna árlega, en þar sem niðurstaða ársins 2014 er ekki komin settist Fréttablaðið

yfir ársreikninga stærstu sveitarfélaganna og skoðaði stöðuna. Ársreikningur sveitarfélagsins Árborgar liggur ekki fyrir.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, segir stöðuna sýna það sem sveitarfélögin hafi lengi sagt, að það þurfi að breikka tekjustofna þeirra. Hann segir að fjármálaráðherra hafi gefið ádrátt um að ræða það í nýlegri yfirlýsingu tengdri kjarasamningum.

„Við mundum vilja fá hlutdeild í virðisaukaskatti og umferðarsköttum,“ segir Halldór, sem segir löngu

kominn tíma á að skoða þessi mál.

„Í viðræðum við fjármálaráðherra í tengslum við yfirlýsingar vegna kjarasamninga fannst mér hann opinn fyrir því að taka umræðuna.“

Í hópi tólf stærstu sveitarfélaganna er launakostnaður hlutfallslega hæstur hjá Akureyri, þar sem hann er 58,55 prósent rekstrar- tekna, og Fjarðabyggð, þar sem hann er 58,52 prósent tekna. Launakostnaður í Reykjavík nemur 53,56 prósentum tekna og í Kópavogi 53,43 prósentum.



Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga


Við mundum vilja fá hlutdeild í virðisaukaskatti og umferðarsköttum.



SMÁPJÓÐALEIKARNIR SETTIR MEÐ POMPI OG PRAKT Keppni á Smáþjóðaleikunum hefst í dag en leikarnir eru nú haldnir í Reykjavík í fyrsta sinn síðan 1997. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti leikana með formlegum hætti í Laugar- dalshöll í gær. Þátttakendur á leikunum eru alls um 1.200, þar af rúmlega 700 keppendur.

Beauty tips veldur byltingu: Pagnarmúrinn rofinn á netinu

SAMFÉLAG „Ég get með engu móti sagt hve margar konur hafa stigið fram með sínar sögur, en í hvert einasta skipti sem ég fer inn á er komin ný sorgarsaga.“



ÁSLAUG MARÍA AGNARSDÓTTIR

Þessar sögur eru að minnsta kosti hundrað,“ segir Áslaug María Agnarsdóttir, upphafskona og stjórnandi hópsins Beauty tips á Facebook.

Síðan á föstudag hefur rignt inn á vefsvæðið reynslusögum kvenna sem beittar hafa verið kynferðislegu ofbeldi og neita að sitja undir þögguninni lengur.

Áslaug segir álagið sem fylgdi í kjölfarið gríðarlegt, og nú sé svo komið að hún hafi látið loka fyrir öll skilaboð á sinni persónulegu síðu. „Sjálfi upplifi ég að ég veit ekki alveg hvernig mér á að líða með þetta allt saman, ég er stressuð en svo gríðarlega stolt af þessum konum,“ segir hún.

Málsókn boðuð verði skipulagsvald yfir Reykjavíkurlflugvelli tekið af borginni: Reykjavík mun leita réttar síns

STJÓRN MÁL „Það kemur skýrt fram í umsögn borgarinnar um þetta frumvarp að við munum leita réttar okkar verði það samþykkt,“ segir Sóley Tómasdóttir, fulltrúi VG og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, um þá ætlan stjórnarliða á Alþingi að færa skipulagsvald yfir Reykjavíkurlflugvelli frá borginni til ríkisins.

Flugvellirnir á Akureyri og Egilsstöðum munu einnig falla undir skipulagsvald ríkisins samkvæmt breytingu á lagafrumvarpi sem var afgreitt úr umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í gær. „Fari svo að þetta frumvarp verði að lögum mun Reykjavíkurborg leita réttar síns fyrir dóm-

stólum og krefjast skaðabóta fyrir eignaupptöku og vegna þeirrar vinnu og uppbyggingar sem nú þegar er farin af stað á svæðinu,“ segir í umsögn borgarinnar.

„Það segir í 78. grein stjórnarskrárinnar að sjálfsákvörðunarvaldið sé hjá sveitarfélögum, nema að Alþingi ákvarði annað. Það er því í höndum löggjafans að ákveða hvar mörkin liggja,“ segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks og formaður umhverfis- og samgöngunefndar.

Höskuldur segir málið varða þjóðarhagsmunum. Breytingin hafi legið fyrir í nokkurn tíma.

Sóley Tómasdóttir segir ástandið á Alþingi mikið áhyggjuefni. „Enda virðist svo vera að þing-




Virðist svo vera að þingmenn geti þvingað í gegn vanreifuð mál án þess að hagsmunir þjóðarinnar hafi verið rýndir.

Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar

menn geti þvingað í gegn vanreifuð mál án þess að hagsmunir þjóðarinnar hafi verið rýndir,“ segir forseti borgarstjórnar.

- shá, - þea / sjá síðu 10



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.–mar. 2015




Allt sem þú þarft ...

KRÓNAN
ávaxtamarkaður Krónunnar

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

ADEINS 40 kr. STYKKIÐ
ef keypt eru 10 stk.
- annars 50 kr. stk.

VEÐUR



Í dag lítur út fyrir áframhaldandi norðanátt, en helst er að finna skjól syðst á landinu. Ökutæki á sumardekkjum gætu því lent í vandræðum, einkum á fjöllum. Sunnan til ætti hann að hanga þurr og það kólnar lítið eitt frá því í gær.

SIJÁ SÍÐU 16

Mannréttindadómstóll Evrópu kveður upp dóm í máli Erlu Hlynsdóttur gegn íslenska ríkinu í dag: Segir íslenska réttarkerfið hafa brugðist sér

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu fellir dóm í máli Erlu Hlynsdóttur gegn íslenska ríkinu í dag.

Erla var dæmd í mars 2010 fyrir að setja ekki fyrirvara við lýsingu atburða sem fengnir voru úr ákæru í frétt sem hún birti árið 2007 með fyrirsögninni „Hræddir kókaínsmyglarar“.

Erla var sömuleiðis dæmd ábyrg fyrir fyrirsögninni eftir að mennirnir voru sýknaðir af ákærunni.

„Ég er mjög sigurviss. Bara mun sigurvissari heldur en fyrir hinum málunum. Maður er auðvitað efins því það er mjög stórt að vera með mál fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. En ég vona það besta,“ segir Erla.

Þetta er ekki fyrsta málið sem Erla rekur fyrir Mannréttindadómstólunum en hún hefur unnið tvö mál gegn íslenska ríkinu.

Erla ákvað að vísa málinu út eftir velgengni í fyrsta málinu sem hún rak. Hún segir að sér

hafi hvorki fundist dómur Hæstaréttar sanngjarn né réttlátur í því máli.

„Eftir þessa reynslu á ég mjög erfitt með að treysta íslensku réttarkerfi,“ segir Erla og bætir því við að íslenska réttarkerfið hafi algjörlega brugðist henni.

Íslenska ríkið hafði í hinum málunum dæmt hana ábyrga fyrir ummælum viðmælenda sinna í fréttum um kampavínslúbbinn Strawberry og Byrgismálið.

- þea



BJARTSÝN Erla Hlynsdóttir segist sigurviss í máli sínu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁSARNIR FJARLÆGGIR Alls voru 45 tonn af hengilásum, nærri milljón stykki, komin á handrið brúarinnar Pont des Arts. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarstarfsmenn Parísar hafa fjarlæggt „ástarlásana“:

Tugir tonna voru að sliga brúna

FRAKLAND Árum saman hafa ástfangin þör gert sér ferð að brúnni Pont des Arts í París til að festa hengilása á handrið brúarinnar, og hent svo lyklinum í Signu. Lásarnir áttu að vera til marks um ævarandi ást fólksins.

Nú hafa yfirvöld í París hins vegar fengið sig fullsödd, bæði vegna þess að lásarnir þóttu lýti á einni af fegurstu brúm Parísarborgar, en einnig vegna þess að hætta var farin að stafa af þeim.

Lásarnir voru fjarlægðir í gær, en þeir voru orðnir nærri milljón talsins og 45 tonn að þyngd samanlagt. Þetta farg var farið að sliga brúna, en á síðasta ári hrundi hluti hennar. - gb

Fékk ekki starf vegna hijab: Vann mál gegn fyrirtækinu

BANDARÍKIN Átta af nýu dómurum Hæstaréttar Bandaríkjanna voru á einu máli um að lögprot hefði verið framið þegar Samönthu Elauf var neitað um starf árið 2008 á þeim forsendum að hún klæddist hijab, höfuðslæðu að hætti múslimkvenna. Hún var sautján ára þá.

Dómstóllinn segir fataverslunina Abercrombie & Fitch hafa gerst brotlega gegn bandarísku borgararéttindalögum frá 1964, þar sem lagt er bann við mismunum á grundvelli trúarbragða. - gb

Stjórn SPRON fyrir dómi: Höfðu fullt traust á Exista

DÓMSMÁL Guðmundur Hauksson, fyrrverandi forstjóri SPRON, segir stjórn sparísjósins hafa borið fullt traust til Exista þegar tveggja milljarða lán var afgreitt í september 2008.

Málaferli gegn Guðmundi og fyrrverandi stjórnarmönnum vegna lánveitingarinnar hófust í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Lánið var framlengt nokkrum sinnum og innheimtist aldrei.

Einn stjórnarmanna, Jóhann Ásgeir Baldurs, sagði stjórnina hafa þurft að treysta starfsmönnum sparísjósins við mat lána. - gb

Borgar 784 krónur fyrir vinnuna sína

Friðrik Indriðason er með minni ráðstöfunartekjur í hálfu starfi hjá Íslandspósti en þegar hann var á fullum bótum. Segist búinn að fá upp í kok af Vinnumálastofnun. Sviðsstjóri Vinnumálastofnunar segir málið eiga sér eðlilega skýringu.

FÉLAGSMÁL Reykvíkingurinn Friðrik Indriðason er með minni ráðstöfunartekjur á hverjum mánuði fyrir hálfu starf hjá Íslandspósti auk skertra atvinnuleysisbóta en þegar hann var á fullum atvinnuleysisbótum.

Friðrik fékk sinn fyrsta fulla mánuð greiddan í gær en hann hóf störf hjá póstinum í apríl síðastliðnum. Fyrir hafði hann verið á atvinnuleysissskrá síðan í nóvember 2013.

Friðrik var með 160.294 krónur í ráðstöfunartekjur á fullum bótum en eftir að hann fékk sér starf sem bílstjóri hjá póstinum vegna þreytu á atvinnuleysinu hafa þær minnkað í 159.510 krónur. Þannig er Friðrik í raun að borga 784 krónur fyrir að vinna hjá póstinum í stað þess að vera á fullum atvinnuleysisbótum.

„Maður myndi halda að maður myndi auka ráðstöfunartekjur við það að fá sér hálfu starf,“ bætir Friðrik við og segir Vinnumálastofnun hvetja atvinnulausa til að útvega sér aukavinnu.

Sjálfur vill Friðrik vara aðra við því þar sem ráðstöfunartekjur hans hafa minnkað við það.

„Við það að fá mér hálfu starf lækka ráðstöfunartekjurnar því Vinnumálastofnun segist ekki geta reiknað dæmið mitt, sem er ekki mjög flókið, það er að segja frítekjumark atvinnulausra, 59 þúsund krónur,“ segir Friðrik sem er langt frá því að vera sáttur.

Bótapegar eiga rétt á að vinna sér inn um 59 þúsund krónur áður en bætur eru skertar. Frið-



MINUS Friðrik verður af 784 krónum á mánuði eftir að hann réð sig í hálfu starf við póstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

rik segir hins vegar að Vinnumálastofnun hafi ekki reiknað það með og að það sé hvergi að sjá á launaseðli hans.

„Hvernig stendur á því að þau geti ekki reiknað út frítekjumarkid? Það er þúsund króna spurningin,“ segir Friðrik.

Unnur Sverrisdóttir, sviðsstjóri Vinnumálastofnunar, segir málið ekki tengjast frítekjumarkinu.

„Við fórum að skoða þetta og þetta á sér allt eðlilegar skýringar. Það er ekkert misjafnt hérna á ferðinni,“ segir Unnur sem gat þó ekki útskýrt málið fyrir blaða-

“Hvernig stendur á því að þau geti ekki reiknað út frítekjumarkid? Það er þúsund króna spurningin.

Friðrik Indriðason

manni því upplýsingarnar væru persónulegar.

Friðrik gefur lítið fyrir svör Vinnumálastofnunar og segist vera búinn að fá upp í kok af stofnuninni. Hann reynir nú að fjarlægja sig frá stofnuninni og hefur ekki áhuga á frekari samskiptum við Vinnumálastofnun, sem Friðrik kallar helstu. thorgnyr@frettabladid.is

Frá kr. **99.900** m/allt innifalið

6. júní í 14 nætur

21 FYRIR

Tenerife

Netverð á mann frá kr. 99.900 á Tamaimo Tropical m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 115.900 á Tamaimo Tropical m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferdir

Flugvél Landhelgisgæslunnar nýttist vel við björgunarstörf á Miðjarðarhafi: Tók þátt í að bjarga 5.000 manns

UTANRÍKISMÁL Áhöfnin á TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar sem nú er við störf á Miðjarðarhafi á vegum Landamærastofnunar Evrópusambandsins (Frontex), hefur síðan á föstudag tekið þátt í að bjarga yfir 5.000 flóttamönnum af sökkvandi bátum sem lögðu upp frá Líbíu yfir hafði áleiðis til Ítalíu. Ásamt SIF tóku þátt í aðgerðum flugvél frá Finnlandi og skip frá Bretlandi, Möltu, Belgíu og Ítalíu.

Um er að ræða stærstu einstöku aðgerð á árinu en flóttamannastraumurinn hefur aukist gríðarlega, segir í tilkynningu frá LHG.

Eftirlitsbúnaðurinn í TF-SIF nýttist vel en með honum er mögulegt að greina litla báta í mikilli fjarlægð og áhöfnin metur svo á grundvelli upplýsinga frá myndum og hegðun bátanna hvort grunur sé um að fólk sé um borð. Áhöfn flugvélarinnar kallar síðan til nærstödd eftirlits- og björgunarskip til bjargar því fólk sem hún finnur.

Varðskipið Týr er væntanlegt til landsins í dag. TF-SIF verður við störf út júlí.

- shá



BJÖRGUN Flóttamannavandinn hefur aukist gríðarlega

MYND/LHG

Verðlaunaðu þig
með verðlaunabíl.



Nýr og betri Passat fer ótrúlega vel af stað og hefur þegar verið valinn bíll ársins í Evrópu 2015. Hann er léttari og sparneytnari en forveri hans og býr yfir fullkominni tækni og frábærum aksturseginnleikum. Verðlaunaðu þig með nýjum Volkswagen Passat.



Volkswagen Passat kostar frá:
3.990.000 kr.



Das Auto.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

SPURNING DAGSINS



Ætlið þið að leggja mat á sounina?

„Við ætlum að leggja af soun á mat.“ Guðmundur Ingi Guðbrandsson er framkvæmdastjóri Landverndar sem fær styrk frá Reykjavíkurborg til að rannsaka matarsoun á reykviskum heimilum.

Lítið þokast í viðræðum Samtaka atvinnulífsins og iðnaðarmanna um nýjan kjarasamning:

„SA hafa ekki hlustað á kröfugerð okkar“

VINNUMARKAÐUR „Ég býst ekki við öðru en að við fáum umræðu um kröfur okkar, Samtök atvinnulífsins hafa ekki opnað inn á það að ræða kröfugerðina hingað til,“ segir Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

Fundur SA og Rafiðnaðarsambandsins fer fram í dag í húskynnum ríkissáttasemjara. Kröfugerðin er skýr að mati Kristjáns Þórðar. „Við leggjum höfuðáherslu á að auka framleiðni, fækka yfir-

vinnutímum og hækka dagvinnulaun í því skyni að menn geti lifað af þeim launum. Þannig næst framleiðni og árangur að okkar mati. Á þetta hefur SA ekki viljað hlusta.“

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir kröfugerð þeirra langt út fyrir mörk skynseminnar og segir þessar stéttir vera í efri hluta millitekna í landinu. „Það er ljóst að í þeirri stöðu sem upp er komin núna þar sem kjarasamningar hafa náðst við



KRISTJÁN ÞÓRÐUR SNÆBJARNARSON formaður Rafiðnaðarsambands Íslands



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

stóran hluta launþega á almennum vinnumarkaði þá erum við ekki að tala við aðra hópa um hærri samninga heldur aðeins útfærslu á kjarasamningum sem hentar ákveðnum stéttum,“ segir Þorsteinn. „Kröfugerð þeirra gengur mun lengra en var samið um við Flóabandalagið og ég sé engin rök fyrir því að hópur sem er í efri hluta millitekna eigi að fá meiri hækkan en hópar með lægstu tekjur.“

- 5a



HAMINGJUSÖM OG REYKLAUS Dansarar sýna vegfarendum fram á hamingjuna sem fylgir reyklausum lífsstíl. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Reykingaeftirlitsmenn fylgjast með reykingum Pekingbúa:

Reykingabannið gengið í garð

KÍNA Almennt reykingabann gekk í gildi í Peking í Kína í gær. Um 300 milljónir reykingamanna eru í Kína og rúmlega milljón Kínverjar deyja árlega vegna reykinga. Áður hefur verið reynt að koma á reykingabanni í Kína en án árangurs.

Nýju lögín eru strangari en áður en þúsundir reykingaeftirlitsmanna munu taka til starfa og bannað verður að reykja á veitingastöðum, skrifstofum og í almenningssamgöngum í Peking.

Reykingar hafa verið mikil hefð á meðal Kínverja og til dæmis mátti vart sjá Maó formann eða Deng Xiaoping án þess að hafa sígarettu í hendi.

Núverandi forseti, Xi Jinping, hefur snúið við blaðinu. Hann er hættr að reykja og hefur bannað öðrum háttsettum embættismönnum að reykja til að sýna fordæmi.

- 5rs

Uppsagnir geislafræðinga:

Sárir vegna umræðunnar

KJARAMÁL Uppsagnir rúmlega tuttugu geislafræðinga á Landspítalanum taka gildi 1. september. Óskar Reykdalsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs Landspítalans, segir jafnvel ekki hægt að halda uppi bráðabjónustu ef uppsagnirnar standa. Alls eru 64 stöðugildir geislafræðinga á spítalanum.

Katrín Sigurðardóttir, formaður félags geislafræðinga, segir vanda þeirra djúpstæðari en hvað varði launahækkunar. Þeir vilji ræða skipulag starfa og finnst að sér vegið í umræðunni.

- kbj

Lág gildi við Norðurhelli:

Hefja þarf vöktun á Garðaholti

UMHVERFISMÁL Samkvæmt nýrri skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar mældist mengun frá álverinu í Straumsvík tímabilið nóvember 2013 til desember 2014 mjög lítil við Norðurhelli í Hafnarfirði, sem er gata skammt austur af álverinu.

Þetta er í samræmi við reynslu síðustu ára, en niðurstöður mælinga benda til þess að hefja þurfi umhverfsvöktun vegna álversins á Garðaholti, þar sem frekar megi búast við mengun yfir fjörðinn til norðurs.

- gb

Í líflínu banka vegna verkfalls dýralækna

Sláturhúsið B. Jensen á Akureyri er upp á náð og miskunn viðskiptabankans komið vegna verkfalls dýralækna. Gjaldþrot blasir við ef ekki næst að semja sem fyrst. Ekkert miðar á meðan í samningaviðræðum milli ríkisins og dýralækna.

VINNUMARKAÐUR Sláturhúsið B. Jensen í Hörgárbyggð í Eyjafirði er nú í líflínu hjá viðskiptabanka fyrirtækisins. Fyrirtækið er eina sláturhúsið á landinu sem er verktakahús í slátrun og hefur lítið sem ekkert verið slátrað nú síðustu sjö vikur í verkfalli dýralækna hjá Matvælastofnun.

„Lausafé fyrirtækisins er uppríð og bankinn heldur í okkur lífinu eins og staðan er núna. Það er með þeirra góðvild að fyrirtækið er enn starfandi,“ segir Erik Jensen, framkvæmdastjóri B. Jensen. „Við höfum verið með 17 starfsmenn á launum allt verkfallið en höfum ekkert fengið inn í tekjur sem getur staðið undir þessum rekstri.“

Að mati Eriks er verið að stefna uppbyggingu sem hefur staðið yfir í fjölda áratuga í hættu vegna verkfalls dýralækna. Fyrirtækið geti ekki reitt sig á velvild bankastofnana lengi. Bankinn gæti stöðvað fyrirgreiðslu án fyrirvara og gjaldþrot yrði óumflýjanlegt. „Ég skil ekki að ríkið skuli ekki vera búið að semja við þetta fólk og á meðan er farið svona illa með fyrirtæki í greininni. Hjá okkur erum við að tala um tap sem samsvorar á fjórða tug milljóna og það mun taka langan tíma að reyna að vinna upp þennan halla sem kominn er á reksturinn,“ segir Erik.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar, segir verkfallið hafa mikil áhrif á þriðja aðila. „Þetta er mjög erfið ástand þó að vísu sé verið að veita undanþágur í svína- og alifuglaslátrun. Verkfallið hefur staðið yfir það lengi að það skapar gríðarlega erfiðar



B. JENSEN Gjaldþrot blasir við sláturhúsinu B. Jensen í Eyjafirði ef ekki næst að semja. Lítil sem engin innkoma er í verkfalli dýralækna hjá Matvælastofnun.

Rólegt í húsakynnum ríkissáttasemjara

Á meðan ekkert gengur í viðræðum ríkisins við BHM og hjúkrunarfræðinga eru fáir fundir á dagskrá ríkissáttasemjara þessa vikuna.

Príðjudagur Iðnaðarmenn mæta á fund klukkan 9.30.

Miðvikudagur Enginn fundur bókaður.

Fimmtudagur Tækniskólinn og framhaldsskólakennarar með tvífelldan samning mæta á fund klukkan 11.00 og Félag íslenskra blaðamanna mætir á fund klukkan 10.00.

Föstudagur Enginn fundur bókaður.



JÓN GÍSLASON forstjóri Matvælastofnunar

föstudaginn, 29. maí. Stóð sá fund-

aðstæður fyrir þriðja aðila. Við vonum að menn nái saman og að þetta fari að leysast sem allra fyrst,“ segir Jón.

Á meðan þokast ekkert í samningaviðræðum. Síðasti fundur var haldinn á föstudaginn, 29. maí. Stóð sá fund-

ur fram eftir degi en var að mestu leyti árangurslaus. Ekki hefur enn verið boðað til nýs fundar í deilu dýralækna.

Sömu sögu má segja af verkfalli hjúkrunarfræðinga. Fundur var haldinn síðastliðinn föstudag en skilaði engum árangri. Hjúkrunarfræðingar höfnuðu samnings-tilboði ríkisins. Ekki hefur verið boðað til nýs fundar í þeirri deilu heldur.

sveinn@frettabladid.is

Leikum okkur!

Bio-tex þvottaefni og blettaeyðir

Verkfall hjúkrunarfræðinga hefur áhrif á allt starf Sjúkrahússins á Akureyri: Róðurinn þyngist dag frá degi

HEILBRIGÐISMÁL Verkfall hjúkrunarfræðinga á landinu hefur haft mikil áhrif á allar deildir sjúkrahússins á Akureyri. Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri, segir spítalann hafa þurft að draga saman alla starfsemi sem ekki teljist bráðatilvik.

„Verkfall hjúkrunarfræðinga hefur sömu áhrif á okkur og á höfuðborgarsvæðinu. Fókusinn er á bráðastarfsemi og við tryggjum að þeir sem til okkar leita fái þjónustu. Það er ekki hægt að fullræða að öryggi sé tryggt en við reynum að tryggja öryggi skjólstæðinga og starfsmanna eins og unnt er,“ segir Hildigunnur sem segir róðurinn þyngist dag frá degi.

„Maður er orðinn mjög kvíðinn þegar hver dagur líður því biðtími lengist. Einnig höfum við verið að fá höfnun á nokkrar undanþágubeiðnir sem er auðvitað erfið. Svo virðist sem undanþágubeiðnirnar séu skoðaðar gaumgæfilega af félaginu.“



HAFNAÐ Nokkrum undanþágubeiðnum sjúkrahússins hefur verið hafnað af félagi hjúkrunarfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

- 5a



Nº29
2015

Listahátíð
í Reykjavík

Síminn Stoltur samstarfsaðili Listahátíðar

Jan Lundgren Trio – Sænskur verðlauna Jazz
@ Harpa, Silfurberg – 4. júní, KL. 20:00 – KR. 3.900

Miðasala og dagskrá á
www.listahatid.is


13. maí — 7. júní



Guerrilla Girls – fyrirlestur
@ Bíó Paradís – 4. júní, KL. 17:00 – KR. 3.500



Shantala Shivalingappa
@ Borgarleikhúsið – 2. júní, KL. 20:00 – KR. 4.500



Gyða Valtýsdóttir – Mengi á Listahátíð IV
@ Mengi – 6. júní, KL. 21:00 – KR. 3.000



MagnusMaría – Ópera um rétt kyn
@ Þjóðleikhúsið – 3. júní, KL. 20:00 – KR. 5.900

Stofnaðilar



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Máttarstólpi

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN

Bakhjarlar

:REITIR



ÍSLENSK
ERFDAGREIÐING



BRIM
SEAFOOD

VEISTU SVARID?



1. Hver er forsætisráðherra Danmerkur?
2. Hvaða landsþekkti söngvari fjárfesti í skútu á dögunum?
3. Hvar í Reykjavík mun ný samgöngumiðstöð rísa?

SVÖR

1. Helle Thornings-Schmidt 2. Egill Ólafsson 3. Holtagörum

Íslenski sjávarklasinn og Startup Iceland gera samkomulag um samstarf: Standa að þjálfun frumkvöðla

NÝSKÖPUN Íslenski sjávarklasinn og Startup Iceland hafa gert með sér samkomulag um samstarf við þjálfun frumkvöðla í frumkvöðla-setrum Húss sjávarklasans. Þar eru tvö frumkvöðlasetur þar sem aðstöðu hafa meðal annars sprotafyrirtækin Herberia, Ankra, Arctic Seafood, Fisherman, Breki, Margildi, Brum og fleiri.

Markmiðið er að styrkja frumkvöðlafyrirtæki og efla um leið áhuga og skilning fjárfesta á þeim tækifærum sem felast í aukinni

fullvinnslu sjávarafurða og sprotum í sjávarklasnum almennt.

Stefnt er að því að fyrirtækin í frumkvöðlasetrunum fái þjálfun frá Startup Iceland og Bala Kamallakharan, stofnanda þess. Bala hefur víðtæka reynslu af þjálfun frumkvöðla og fjárfestingum í frumkvöðlafyrirtækjum. Þá munu fyrirtækin í frumkvöðla-setrunum einnig njóta þess stóra tengslanets sem Startup Iceland hefur bæði hérlendis og erlendis.

- shá



HÚSS SJÁVARKLASANS Fullvinnsla sjávarafurða er þar boðorðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorsteinn á gamlar slóðir: Aftur forstjóri Opinna kerfa

VÍÐSKIPTI Þorsteinn G. Gunnarsson var í gær ráðinn forstjóri Opinna kerfa hf.

Þorsteinn hefur áður gegnt starfi forstjóra Opinna kerfa. Hann vann hjá fyrirtækinu frá 1996 til 2008. Hann hefur þar að auki verið stjórnarformaður Advania.

Þorsteinn er rafmagnsverkfræðingur frá HÍ og með meistaraþróf frá University of Washington.

- þea



AF SLYSSAÐ Hjólið rann á malarvegnum og endaði úti í kanti.

MYND/LÖGREGLAN VESTURLANDI

Bifhjólaslysið í Hvítársíðu: Ökumaðurinn lést á sunnudag

SLYS Indverskur karlmaður á fertugsaldri lést á gjörgæslu Landspítalans á sunnudag eftir bifhjólaslysi við Hvítársíðu í Borgarfirði.

Kona mannsins var með honum á hjólinu en hlaut einungis minniháttar meiðsli.

Slysið varð á mánudag fyrir viku. Vélhjólið rann út af malarvegi og valt utan vegar. Fólkið var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur.

- sfs

1.100 manns létu lífið: Kærðir fyrir fjöldamorð

BANGLADESS Lögregla í Banglades hefur kært eiganda Rana Plaza-verksmiðjuhúsnæðisins fyrir morð á rúmlega 1.100 manns.

Árið 2013 hrundi byggingin og yfir 1.100 verkamenn létu lífið. Byggingin hósti fataverksmiðjur á vegum Benetton, Primark, Mango og fleiri fataverslana.

Alls hafa 42 verið kærðir fyrir vanrækslu í starfi með því að hunsu viðvörunarmerki um lélegt ástand byggingarinnar.

- sfs

Skuldastaðan batnar en breikka þarf tekjustofnana

Skuldir nokkurra af stærstu sveitarfélögum nema rúmri milljón á hvern íbúa. Staðan hefur batnað frá hrúni. Sveitarfélögin telja að auka þurfi tekjur þeirra. Um helmingur rekstrartekna fer í launagreiðslur.

FJÁRMÁL Fjárhagsstaða sveitarfélögunna hefur batnað frá því eftir hrúni, en enn eru mörg þeirra mjög skuldug. Fimm í hópi tólf stærstu sveitarfélögunna skulda meira en milljón á hvern íbúa. Er þá aðeins miðað við A-hlutann, en fyrirtæki þeirra eru ekki tekin með í reikninginn.

Þetta kemur fram í ársreikningum fyrir árið 2014. Innanríkisráðuneytið gefur út heildaryfirlit yfir stöðu sveitarfélögunna árlega, en þar sem niðurstaða ársins 2014 er ekki komin settist Fréttablaðið yfir ársreikninga stærstu sveitarfélögunna og skoðaði stöðuna. Ársreikningur sveitarfélögunna Árborgar liggur ekki fyrir.

Hæstar eru skuldir miðað við hvern íbúa í Fjarðabyggð, eða tæpar 1,8 milljónir, þá eru þær tæpar 1,6 milljónir í Reykjanesbæ, tæpar 1,2 í Hafnarfirði og rúm milljón á hvern íbúa í Mosfellsbæ og Kópavogi.

Þá eru sveitarfélögin mjög misvel stödd þegar kemur að eigin fé. Það er neikvætt í Fjarðabyggð og aðeins rúm 2 milljarðar í Reykjanesbæ. Hæst er það í Reykjavík, eða 87,6 milljarðar.

Launakostnaður er langstærsti útgjaldaliður sveitarfélögunna og í ársreikningunum kemur fram að um önnur hver króna sem sveitar-



HAFNAR-FJÖRÐUR Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu greiða um og yfir helming allra tekna sinni í launakostnað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

félögin fá í tekjur fer í laun. Hæst er það hlutfall í Fjarðabyggð og Ákureyri þar sem það nálgast 60%.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélöga, segir löngu tímabært að endurskoða tekjustofna sveitarfélögunna.

„Útsvarið er aðaltekjustofninn, reyndar mjög mikilvægur tekjustofn, en það eru ákveðnir ókostir við það. Gott dæmi um það er ferða-

þjónustan, þar sem útsvarið ferðast ekki með þeim sem fara í árstíðabundin störf í ferðaþjónustunni. Víða um land er aðeins ferðaþjónusta yfir sumarið og þarf að bæta við starfsfólki sem flest á lögheimili á höfuðborgarsvæðinu eða í útlöndum.

Við myndum vilja fá hlutdeild í virðisaukaskatti og umferðarsköttum.“

Halldór segir ríkið hafa gefið

ádrátt um að ræða það í nýlegri yfirlýsingu tengdri kjarasamningnum sem gefin var fyrir helgi.

„Þar er rætt um að vera í samstarfi við sveitarfélögin, lækka tekjuskatt og ræða við okkur um útsvarið,“ segir Halldór, sem segir fjármálaráðherra hafa tekið vel í slíkar umræður á fundum tengdum kjarasamningunum.

kolbeinn@frettabladid.is

Upplýsingar úr ársreikningum 12 fjölmennustu sveitarfélöga á Íslandi fyrir árið 2014*

| | Rekstrartekjur | Rekstrargjöld | Skuldir | Launakostnaður | Launahlutfall | Eigið fé | Rekstrartekjur | Skuldir | Skuldahlutfall |
|----------------|----------------|---------------|------------|----------------|---------------|------------|----------------|-------------|----------------|
| Reykjavík | 83.760.551 | 86.657.092 | 64.573.568 | 44.861.747 | 53,56% | 87.644.054 | 83.760.551 | 287.144.546 | 343% |
| Kópavogur | 20.960.916 | 18.535.741 | 33.523.587 | 11.198.800 | 53,43% | 15.765.533 | 20.960.916 | 42.176.350 | 201% |
| Hafnarfjörður | 17.986.468 | 17.206.797 | 33.316.282 | 9.735.600 | 54,13% | 4.530.356 | 17.986.468 | 48.197.839 | 268% |
| Ákureyri | 14.153.809 | 14.032.698 | 14.884.356 | 8.286.962 | 58,55% | 11.674.457 | 14.153.809 | 22.601.467 | 160% |
| Reykjanesbær | 9.753.490 | 9.756.230 | 23.777.439 | 4.623.509 | 47,40% | 2.158.400 | 9.753.490 | 40.792.377 | 418% |
| Garðabær | 9.472.385 | 8.935.360 | 9.310.780 | 4.640.924 | 48,99% | 11.112.593 | 10.724.673 | 10.020.546 | 93% |
| Mosfellsbær | 6.874.306 | 6.485.306 | 9.709.749 | 3.510.685 | 51,07% | 3.481.815 | 7.446.593 | 10.727.849 | 144% |
| Akranes | 4.719.529 | 4.576.343 | 5.451.877 | 2.523.797 | 53,48% | 6.225.310 | 5.357.050 | 6.737.115 | 126% |
| Fjarðabyggð | 4.102.671 | 3.725.430 | 8.341.706 | 2.400.726 | 58,52% | -268.725 | 5.457.572 | 9.295.678 | 170% |
| Seltjarnarnes | 3.161.006 | 2.772.132 | 523.527 | 1.683.338 | 53,25% | 4.773.573 | 3.410.740 | 537.265 | 16% |
| Vestmannaeyjar | 3.151.513 | 3.119.001 | 3.168.459 | 1.470.568 | 46,66% | 5.947.504 | 4.084.454 | 4.167.461 | 102% |

*Einungis miðað við A-hluta.

Í þúsundum króna

Ársfundur UNICEF

Ársfundur UNICEF á Íslandi verður haldinn á Þjóðminjasafni Íslands, miðvikudaginn 10. júní, kl. 9-10.

Allir velkomnir.

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í TENNIS FYRIR FULLORÐNA eru að hefjast

Skráning stendur yfir í síma 564 4030 og á tennishollin.is



Gasmengun í Holuhrauni undir hættumörkum og lokun lögreglu aflétt:

Hættustigi aflýst á gosstöðvum

ÖRYGGISMÁL Ríkislögreglustjóri hefur fært viðbúnaðarstig almannavarna vegna jarðhræringa í Bárðarbungu af hættustigi niður á óvissustig. Nýlegar mælingar sýna að gasmengun á svæðinu í og við Holuhraun er almennt undir hættumörkum. Lokun lögreglu á svæðinu er aflétt.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við hættumat Væðurstofu Íslands. Enn er þó aukin jarðhitavirkni í Bárðarbungu sem getur leitt til söfnunar á bræðsluvatni og minni jökulhlaupum í Jökulsá á Fjöllum.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur umsjón með svæðinu og stefnir að því að veita aðgang að hrauninu eftir merktum gönguleiðum. Að öðru leyti verður umferð um hraunið óheimil, en hraunið er víðast illfært.

Umhverfi á Flæðunum hefur breyst mikið í eldsambrotunum og óljóst er hvernig leysingavatn frá Dyngjujökli finnur sér farveg á ný. Ferðafólk er því hvatt til þess að kynna sér hvernig umferð um svæðið verður háttáð í sumar hjá Vatnajökulsþjóðgarði.

- shá



HOLUHRAUN Óvissa er um hvaða farveg bræðsluvatnið velur sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Sumarið er tíminn

Græjaðu þig upp með vatnsheldum hjólatöskum og bakpokum frá:

ORTLIEB

WATERPROOF



Commuter-Bag
Urban Line
Hjólataska - 14 lítra
Kr. 28.900,-



Back-Roller Classic
Hjólatöskur - 2x20 lítra
Kr. 22.900,-

Packman Pro2
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 23.800,-



Back-Roller
Urban Line
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 14.900,-



Söluaðilar:
Byko
Heimkaup
Hirzlan
Kría hjól
Markið
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Skíðapjónustan Akureyri
Útilíf, Glæsibæ og Smáralind



Downtown
Hjólataska - 18 lítra
Kr. 23.900,-



Velocity
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 18.900,-



Bike-Shopper
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 16.600,-



Ultimate6 Classic
Stýristaska - 7 lítra
Kr. 14.900,-

Allar vörur ORTLIEB eru 100% ryk- og vatnsheldar með 5 ára ábyrgð

FJALLI.IS
Smiðsbúð 6 210 Garðabær
S: 564-5040 www.fjalli.is



MÓTMÆLI Fjöldi fólks mótmælti í New Charleston eftir að lögreglumaður skaut Walter Scott í síðasta mánuði. Hann var óvopnaður og þeldökkur. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríska lögreglan hefur drepit 464 á árinu:

Svartir í meiri hættu

BANDARÍKIN Helmingur þeirra, sem fallið hafa fyrir hendi bandarískra lögreglumanna það sem af er þessu ári, var hvítur á hörund. Hinir tilheyrðu minnihlutahópum.

Hlutfallið er ekki í samræmi við skiptingu íbúanna, því nærri 80 prósent allra íbúa Bandaríkjanna eru hvít á hörund.

Hlutfallið er enn frekar þeldökkum í óhag þegar skoðað er hverjir voru óvopnaðir þegar lögreglan skaut þá. Þar eru minni-

hlutahópar nærri tveir af hverjum þremur, en hvítir um 34 prósent.

Alls hafa bandarískir lögreglumenn orðið 464 að bana það sem af er þessu ári.

Blaðamenn á breska dagblaðinu The Guardian hafa kafað ofan í þessa tölu og segja 135 þeirra hafa verið þeldökka, 67 voru af rómönskum uppruna en 234 hvítir. Alls voru 102 hinna látnu óvopnaðir.

Það eru lögreglumenn í Los Angeles sem bera ábyrgð á flestum þessara dauðsfalla. -gb

Rússar birtu falsaðar gervihnattarmyndir

Rússar birtu síðasta sumar nokkrar ljósmyndir, sem áttu að sanna að Úkraínuher hefði skotið niður malasísku farþegaþotuna MH17. Sumar þeirra voru augljóslega falsaðar, að því er rannsóknarblaðamenn fréttavefsins Bellingcat fullyrða.

RÚSSLAND Rússnesk yfirvöld lögðu á sínum tíma fram falsaðar gervihnattarljósmyndir til stuðnings þeirri fullyrðingu að úkraínskir hermenn hefðu skotið niður malasísku farþegaþotu af gerðinni Boeing 777, þegar hún var á flugi yfir Úkraínu þann 17. júlí í fyrra.

Þetta fullyrða rannsóknarblaðamenn fréttavefsins Bellingcat, sem hafa birt greiningu sína á tveimur ljósmyndanna sem Rússar segja sanna að úkraínskir hermenn hafi verið með loftvarnavopn af gerðinni BUK á þeim slóðum þar sem þotan var skotin niður.

Frá þessu er einnig skýrt á vef þýska tímaritsins Der Spiegel.

Með þotunni, sem var á leiðinni frá Hollandi til Kúala Lúmpúr í Malasíu, fórust 298 manns, eða allir sem voru um borð.

Á Vesturlöndum hefur almennt verið talið að annaðhvort rússneskir hermenn eða uppreisnarmenn hliðhollir Rússlandi hafi skotið þotuna niður, og þá væntanlega af misgáningi: Þeir hafi talið að þarna væri á ferðinni njósnaflugvél á vegum Úkraínustjórnar.

Rússar birtu síðastliðið sumar ljósmyndir, sem eiga að sýna tvennt: Annars vegar að á yfirráðasvæði uppreisnarmanna í austanverðri Úkraínu hafi þennan dag, þann 17. júlí, ekki verið að finna nein loftvarnavopn af gerðinni BUK, sem talið er að hafi verið notuð. Hins vegar að



SKOTIN NIÐUR Björgunarmenn við stórt brot úr farþegaþotunni MH17 í austanverðri Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

á yfirráðasvæði úkraínska hersins skammt frá svæðum uppreisnarmanna hafi slíkur loftvarnarbúnaður verið til staðar.

Tæknimenn á vegum Bellingcat hafa nú beitt aðferðum stafræna réttarrannsókna á tvær þessara ljósmynda, eða raunar þrjár því önnur þeirra var birt í tveimur útgáfum.

Niðurstaðan er sögð ótvíræð: „Réttargreining allra þriggja ljósmyndanna hefur afdráttar-

laust og án vafa leitt í ljós að myndunum þremur hefur verið breytt.“

Breytingarnar eru bæði fólgnar í því að ólíkar ljósmyndir hafa verið skeyttar saman í myndvinnsluforritinu Photoshop og dagsetningar falsaðar.

Þannig var hvorug myndanna tekin þann 17. júlí, daginn örlagaríka þegar þotan var skotin niður.

gudsteinn@frettabladid.is

**TENNISÆFINGAR
FYRIR 13-18 ÁRA**
byrjendur í sumar
virka daga kl. 16.30-18



Tennisfélag Kópavogs

Upplýsingar & skráning í síma
564 4030 og á tfk.is

HLAUPATÚRINN HEFUR ALDREI HLJÓMAÐ EINS VEL!

NÚ **STREYMIR** ÞÚ TÓNLISTINNI
FYRIR 0 KR. MEÐ SPOTIFY PREMIUM
Á FARSÍMANETI SÍMANS



SPOTIFY PREMIUM ÁSKRIFT

Í **6** MÁNUÐI
FYLGR ÖLLUM
ENDALAUST
SNJALLPÖKKUM
SÍMANS

Siminn.is/spotify

Spotify + Síminn



Takk fyrir fjörið á IKEA FESTIVAL

Við þökkum þeim þúsundum gesta, sem skemmtu sér með okkur um helgina, kærlega fyrir komuna!



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



Upplausn eftir afgreiðslu nefndar

Skipulagsvald á öllum alþjóðaflugvöllum landsins er fært frá sveitarfélögum til ríkisins samkvæmt afgreiðslu þingnefndar í gærmorgun. Minnihlutinn er forviða yfir málinu en nefndarformaður segir þjóðarhag undir. Reykjavíkurborg hótaði málsókn í umsögn um málið.

SKIPULAGSMÁL Ekki aðeins Reykjavíkurborg heldur einnig flugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum munu falla undir skipulagsvald ríkisins. Þessi breyting var gerð á lagafrumvarpi um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurborg og var afgangur úr umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis með stuttum fyrirvara í gærmorgun.

Alþingi lokaði í deilum í gær vegna málsins. Reykjavíkurborg hótaði málsókn í umsögn sinni fengi málið framgang, enda væru tugir milljarða undir.

Um þingmannamál er að ræða – að því standa fimmtán af nítján þingmönnum Framsóknarflokksins og þeirra á meðal Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra, sem varð ráðherra eftir að málið var lagt fram.

Minnihluti nefndarinnar brást ókvæða við og á samfélagsmiðlum

gerðu þau Róbert Marshall, Bjartri framtíð, Svandís Svavarsdóttir, Vinstri grænum, og Katrín Júlíusdóttir, Samfylkingunni, grein fyrir því. „Pólítískt reginhneysli,“ sagði Róbert málið allt.

Þegar þingfundur hófst var málatilbúnaði harðlega mótmælt af allri stjórnarandstöðunni – ákveðið væri af stjórnarflokkunum að taka skipulagsvaldið af þremur sveitarfélögum án efnislegrar umfjöllunar í nefndinni. „Verið er að taka ekki bara skipulagsvaldið af Reykjavíkurborg, heldur líka af tveimur sveitarfélögum til viðbótar með tíu mínútna umfjöllun, ekki með neinum gestum, ekki með neinum umsögnum. Hvers lags vinnubrögð eru þetta eiginlega?“ spurði Róbert í ræðu sinni og vísaði til þess að flugvöllum á Akureyri og á Egilsstöðum var bætt inn í frumvarpið sem aðeins fjallaði um Reykjavíkurborg og þar var lagt fram.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR
Skipulagsvald flugvalla í Reykjavík, Akureyri og á Egilsstöðum færast til ríkisins samkvæmt frumvarpinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins og nefndarformaður, hafnar því alfaríð að afgreiðsla málsins sé óeðlileg. Málið varði þjóðarhagsmunum og um nokkurn tíma hafi legið fyrir að þessi breyting yrði gerð. Það hafi ekki síst verið byggt á jákvæðum umsögnum Akureyrarbæjar og

Fljótsdalshéraðs sem hafi verið málinu fylgjandi [umsagnir sveitarfélaganna taka aðeins til breytinga á Reykjavíkurborg].

Í umsögn Reykjavíkurborgar segir að ljóst sé að afleitt tjón vegna samþykktar frumvarpsins geti numið tugum eða hundruðum milljarða króna. „Fari svo að þetta frum-

varp verði að lögum mun Reykjavíkurborg leita réttar síns fyrir dómstólum og krefjast skaðabóta fyrir eignaupptöku og vegna þeirrar vinnu og uppbyggingar sem nú þegar er farin af stað á svæðinu.“

Um hótun Reykjavíkurborgar um málsókn segir Höskuldur: „Ég held að sá málatilbúnaður falli um sjálfan sig. Það segir í 78. grein stjórnarskrárinnar að sjálfsákvörðunarvaldið sé hjá sveitarfélögum, nema að Alþingi ákvarði annað. Það er því í höndum löggjafans að ákveða hvar mörkin liggja,“ segir Höskuldur.

Sérstök skipulagsnefnd mun fara með málefni flugvallanna þriggja – líkt og á Keflavíkurborg og í Keflavík. „Við tryggjum samt aðkomu Alþingis sé um verulegar breytingar að ræða,“ segir Höskuldur.

svavar@frettabladid.is



„Pólítískt reginhneysli.“

Róbert Marshall

„Hér er verið að búa til fávíðri úr engu.“

Höskuldur Þórhallsson



„Er það undir sameinuðu flaggi þingflokka stjórnarliða og ríkisstjórnarinnar að tekin er ákvörðun um að viðhalda stríðsástandi í þinginu?“

Svandís Svavarsdóttir



„... vinnubrögð hjá formanni umhverfis- og samgöngunefndar og meirihluta þeirrar nefndar er eins og stríðshanski hingað inn.“

Oddný G. Harðardóttir



„Planið er að koma í fjölmíðla sem riddari landsbyggðarinnar og bjarga Reykjavíkurborg frá vondu, vondu Reykjavík.“

Helgi Hrafn Gunnarsson

Nýir kjarasamningar

VR boðar til félagsfunda til að kynna nýja kjarasamninga félagsins

| | | |
|----------------|--------------------------------|---------------------------------|
| Egilsstaðir | Miðvikudagur 3. júní kl. 17:30 | Skrifstofa VR, Kaupvangi 3b |
| Reykjavík | Fimmtudagur 4. júní kl. 19:30 | Hótel Reykjavík Natura |
| Neskaupstaður | Fimmtudagur 4. júní kl. 19:30 | Hildibrand Hotel, Hafnarbraut 2 |
| Vestmannaeyjar | Föstudagur 5. júní kl. 12:00 | Alþýðuhúsið |
| Reyðarfjörður | Mánudagur 8. júní kl. 20:00 | Fróðleiksmolinn, Búðareyri 1 |
| Egilsstaðir | Þriðjudagur 9. júní kl. 19:30 | Skrifstofa VR, Kaupvangi 3b |

Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta og kynna sér nýjan kjarasamning.



Virðing Réttlæti

VR



ACTAVIS Lyfjafyrirtækið er orðið meðal þeirra tíu stærstu í heimi. NORDICPHOTOS/AFP

Actavis orðið stærst í samheitalyfjum í Bretlandi:

Borga 63 milljarða fyrir breskt fyrirtæki

VIÐSKIPTI Actavis hefur fest kaup á breska samheitalyfjafyrirtækinu Auden Mckenzie og greiðir u.þ.b. 306 milljónir punda með reiðufé fyrir breska félagið eða sem nemur tæplega 63 milljörðum króna. Þar að auki mun Actavis greiða hagnaðarhlutdeild af framlegð næstu tveggja ára af einni af vörum Auden Mckenzie.

Í kjölfar kaupanna er Actavis orðið stærsti samheitalyfjaframleiðandi Bretlands með hátt í 900 mismunandi samheitalyf á markaði samkvæmt tilkynningu frá félaginu.

Actavis segir að kaupin muni auðvelda félaginu að bjóða lyf á hagstæðu verði auk þess að

breikka vöruúrval fyrirtækisins. Í mars síðastliðnum festi Actavis kaup á bandaríska lyfjafyrirtækinu Allergan á 70,5 milljónir dollara eða sem nemur um 9.500 milljörðum íslenskra króna. Sameinað félag er eitt tíu stærstu lyfjafyrirtækja í heimi. Actavis hyggst taka upp nafnið Allergan síðar á þessu ári faist fyrir því samþykki hluthafa.

Actavis er nú með starfsemi í 100 löndum og með yfir 30 þúsund starfsmenn og áætlaða ársveltun sem nemur 23 milljörðum Bandaríkjadala. Höfuðstöðvar félagsins eru í Dublin á Írlandi en Actavis er skráð í Kauphöllina í New York.

Miklu meira, en bara ódýrt



Hnjámottur
kr. 485



Slönguhaldarar frá
kr. 870,-

Öflug loftdæla
12V 30L/Min
Kr. 8.995,-



Hjólatjakkur 2T
Kr. 5.995,-



Jeppatjakkur
2.25T

Kr. 19.995,-



Garðverkfæri
f/börn
kr. 995,-



Grafa í
sandkassann
kr. 4.995,-




Hjólalásar í
miklu úrvali frá
kr. 245,-



Fötur í miklu
úrvali frá
kr. 295,-

Ruslatínur frá
Kr. 395,-



Heyrnahlífar
m/útvarpi frá
kr. 3.895,-



Vinnuvettlingar
PU-Flex
Kr. 295,-

Mössunarvél 1200W
M/hraðastýringu
kr. 14.975,-



Hitamælur
mikið úrval frá
kr. 495,-



Stigar og tröppur
í frábæru úrvali
Ný sending



Farangursteygjur
mikið úrval frá
kr. 395,-



Reipi
**3/4/6/8/
10/12/16mm**

Hjólborur 100Kg
Helgartilboð
Kr. 3.995,-



Ruslapokar 120L
Kr. 365,-

Strekkiþönd
mikið úrval frá
kr. 495,-



Grillbursti langur
kr. 395,-



Vasahnífar í
miklu úrvali frá
kr. 695,-



Greinaklippur frá
Kr. 595,-




**Dekk+Hjól í
miklu úrvali**



Öflugar Volcan
malarskóflur á
frábæru verð
Kr. 1.485,-



Strákústar á
tannburstaverði
Kr. 695,-



Garðskófla
kr. 595,-



Garðklóra
kr. 595,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vi@simnet.is Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Nefndarafgreiðsla vekur spurningar:

Mínútu maðurinn

Pegar þingmenn vilja láta líta á sig sem víðsýna, umburðarlynda, rétt þenkjandi og jafnvel sjálfs-gagnrýna, grípa þeir oft og tíðum til þess að ræða hofmannlega um virðingu Alþingis. Það þykir þera vott um allt ofangreint að víðra reglulega áhyggjur af því að nú þurfi þingmenn aðeins að líta í eigin barm og skoða hegðun sína og orð með það í huga að auka virðingu þingsins. Oftar en ekki er þetta sett fram undir þeim formerkjum að mælandi sé einnig að líta í eigin barm, en þegar grannt er skoðað á viðkomandi undantekningalítið við að aðrir þingmenn þurfi að skoða sín mál.

Það er ekki skrytið að þingmenn velti fyrir sér virðingarmálum; trauðla er gaman að starfa á vinnustað sem nýtur jafn lítils trausts og virðingar og Alþingi gerir. Það hlýtur að setjast á sálina á fólki. Það er hins vegar ágætt að hafa það í huga að orð skipta engu, nákvæmlega engu, í samhengi við gjörðir. Ef eitt er sagt og annað gert hljóma orðin í besta falli eins og vandræðalegt hjál.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is

Allt logaði á Alþingi í gær. Tilefnið var afgreiðsla umhverfis- og samgöngunefndar á tillögu fimmtán af nítján þingmönnum Framsóknarflokksins þess efnis að skipulagsvald yfir Reykjavíkflugvelli verði tekið af Reykjavíkurborg og fært ríkinu í hendur. Tillagan ein og sér hefur vakið hörð viðbrögð, enda ekki lítið mál að taka slíkt vald af einu sveitarfélagi. Afgreiðsla nefndarinnar bætti þó í þau viðbrögð, enda bætti meirihlutinn í og skelti tveimur flugvöllum í viðbót inn í frumvarpið; á Akureyri og Egilsstöðum.

Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Það er verið að ræða um það að ríkisvaldið taki landsvæði sem samkvæmt lögum heyrir undir annað stjórnarsýslustig því óviðkomandi. Auðvelt er að færa fyrir því rök að málið snúist öðrum þræði um eignarrétt, því skipulagsvald á flugvöllum og svæðum í kringum þá hefur áhrif á það hvað sveitarfélög geta gert við það land sem þau eiga – óháð því hver á sjálfa flugbrautina. Og hafi þingmenn gert sér grein fyrir því hve málið er af stórum toga má undrast það að meirihluti þingnefndarinnar tók sér tíu mínútur í að afgreiða málið og skella hinum flugvöllum með í púkkið.

Höskuldur Þórhallsson, formaður nefndarinnar, hefur sagt það feikinægan tíma, löngu hafi átt að vera ljóst að tillagan mundi taka umræddum breytingum og því hafi þingmenn ekki þurft lengri tíma til að fjalla um hana. Litlu skiptir hvort einhver viti af því að kannski komi eitthvað fram, það er ekki hægt að fjalla um það fyrr en það er komið fram. Höskuldur er einn flutningsmanna umrædds frumvarps og stýrði, sem formaður, störfum nefndarinnar í umfjöllun um sína eigin tillögu á þennan hátt.

Ef allir gætu unnið jafn hratt og Höskuldur og nefndameirihlutinn væri sennilega hægt að stytta starfstíma Alþingis allverulega og þinga örfáa mánuði á ári. Ef mönnum er alvara með tali um bætt vinnubrögð sem eiga að bæta virðingu þingsins, eru svona vinnubrögð hins vegar varla boðleg.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Práinsson **ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **ADSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is*, Hrunn Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeintumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Ljómandi LÍFSORKA

Heilsuvisir

NÆRANDI ÞÆTTIR

Á NÝJU VEFVÆÐI VÍSIS

Fylgstu með þessum fróðlegu orþáttum á visir.is/heilsuvisir.

Vísir.is er hluti af **365**

vísir

HIMNESKT

GIÐ **FAKAFENI**

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tvö ríki

Tillaga sem Hilmar Sigurðsson, fulltrúi Samfylkingarinnar, lagði fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar í gær var ágæt. Hann vill kanna hug Reykvíkinga til þess að stofna sérstakt borgríki. Þetta gæti breytt ýmsu. Kannanir hafa til dæmis sýnt að Reykvíkingar eru hlyntari innngöngu í Evrópu-sambandið en þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Eftir stofnun nýja ríkisins gætu sósíaldemókratarnir í Ráðhúsinu þá undirbúið nýja aðildarumsókn að Evrópusambandinu og skilið hina eftir. Þá ættu allir að geta unað vel við sitt.



Góður gjörningur

Að öllu gamni slepptu þá mætti líta á tillögu Hilmar sem skemmtilegan gjörningur eftir annars furðulega uppákomu á Alþingi í gær. Stjórnarandstæðingar, með Katrínu Júlíusdóttur í broddi fylkingar, urðu ævareiðir eftir að frumvarp var afgreitt úr nefnd um að skipulagsvald yfir flugvöllum yrði fært til ríkisins í stað þess að hafa það áfram hjá sveitarstjórnunum. Og það er lofsvert að kjörnir trúnaðarmenn á vegum sveitarfélaganna bregðist við þegar lagt er til að auka miðstýrt vald.

Fleiri mót-mæltu

Það kom líka snemma í

ljós að það mótmæltu fleiri en fulltrúar meirihlutans í Reykjavíkurborg. Í samtali við Vísi sagði Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borginni og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, að Sambandið gæti ekki annað en lagst gegn því að skipulagsvaldið væri tekið af sveitarfélögum. Skipulagsvaldið væri einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar þeirra. Nú verður fróðlegt að sjá hvort forysta Sjálfstæðisflokksins taki ekki undir með Halldóri þegar og ef málið fer til umræðu í þinginu, kjósi forystumennirnir að tjá sig á annað borð.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Valdniðsla á Alþingi

ALÞINGI



Katrín Júlíusdóttir
varaformaður Samfylkingarinnar



Svandís Svarasdóttir
þingflokksformaður VG



Róbert Marshall
þingflokksformaður Bjartar framtíðar

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis sl. mánudag voru lagðar fram viðamiklar breytingar á svokölluðu flugvallarfrumvarpi. Þar er kveðið á um að skipulagsvaldið yfir flugvöllum í Vatnsmýri sé flutt frá Reykjavíkurborg og til Alþingis. Segja má að ekki sé rétt að kalla þetta breytingar því frumvarpið var í raun endurskrifað. Varla stendur stafur eftir af upphaflega málinu. Í nýju útgáfunni er skipulagsvaldið flutt til innanríkisráðherra í stað Alþingis og það sem meira er, skipulagið er ekki einungis tekið af Reykjavíkurborg, heldur einnig af Akureyrarbæ og Fljótsdalshéraði þar sem millilandaflugvöllir eru. Það er þá í höndum ráðherra hverju sinni hvernig þessi sveitarfélög haga skipulagi sínu í tengslum við þessa flugvelli. Málið, sem er allt hið furðulegasta, er flutt af öllum þingmönnum Framsóknarflokksins án aðkomu þingmanna annarra flokka. Ekkert hefur það að gera með þau mál sem brýnust eru í samfélaginu um þessar mundir, svo sem kjaradeilu BHM og heilbrigðisstarfsmanna, húsnæðismálin eða gjaldveyrishöftin. Því er offorsíð óskiljanlegt. Með öðrum orðum er um að ræða sérstakt gælverkefni Framsóknarflokksins sem fáir aðrir virðast hafa áhuga á.

Nú bregður svo við að 10 mínútum eftir að ofangreindar breytingar voru lagðar fram á fundi nefndarinnar krefst formaður nefndarinnar, framsóknarmaðurinn Höskuldur Þór

Þórhallsson, þess að málið sé afgreitt út úr nefndinni. Þessu mótmæltum við í minnihluta nefndarinnar harðlega og óskuðum eftir því að ofangreind sveitarfélög ásamt innanríkisráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sem fer með skipulagsmálin, fengju að koma fyrir nefndina til að fjalla um þessar róttæku breytingar á málinu. Því höfnuðu þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í nefndinni. Til að geta afgreitt málið með meirihluta á fundinum sótti formaður nefndarinnar liðs-auka í formi þingmanna utan nefndarinnar sem ekki hafa tekið þátt í umfjöllun um málið hingað til. Málið fékk því hvorki vandaða umfjöllun né eðlilega afgreiðslu á fundi nefndarinnar.

Við vitum að skiptar skoðanir eru á staðsetningu Reykjavíkflugvallar og þær eru skiptar meðal okkar þriggja. En það er eitt að takast á um staðsetningu flugvallarinnar og annað að ætla sér að taka skipulagsvaldið af þeim sveitarfélögum sem hýsa flugvelli landsins þar sem innanlandsflug fer saman með millilandafluginu. Með þessu er gengið lengra gegn sjálfs-ákvörðunarrétti sveitarfélaga en dæmi eru um og er fordæmið sem hér yrði gefið verði málið samþykkt áhyggjuefni. Hvar liggja mörkin er kemur að umdeildri vega- eða línulögn? Til að bæta gráu ofan á svart er þetta gert með þeim þjósnaskap sem raun ber vitni, án alls samráðs og umfjöllunar. Það er í andstöðu við allt sem getur talist vönduð og eðlileg vinnubrögð.

Fólk og forgangsröðun

Í vetur greindu fjölmiðlar frá því að nokkrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru að fá nýja bíla. Það er gott til þess að vita að við skulum vera nægilega rík í þessu landi til að í ríkissjóði finnist peningar sem duga fyrir góðum bílum fyrir ráðherrana okkar en samkvæmt fjölmiðlum kosta bílarnir á bilinu tíu til tuttugu milljónir kr. hver.

Enginn heilvita maður efast um mikilvægi þess að ráðherrarnir séu vel akandi til að þeir geti sinnt sínum krefjandi störfum fyrir hönd og í þágu þjóðarinnar og geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Og ekki viljum við hafa þá á einhverjum skrifum því að þá

gæti þeirra dýrmæti tími farið allt of mikið í að yta í gang, skipta um dekk og bæta á leka vatnskassa.

Það er hins vegar mjög leitt til þess að vita að við skulum samt vera svo fátæk í þessu landi að það skuli ekki vera til peningar í ríkissjóðnum okkar til að reka félagslega túlkasjóðinn allt árið. Það þýðir aðeins eitt. Heyrnarskert fólk sem er háð þjónustu sjóðsins fer á mis við tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu og vera með okkur í leik og starfi.

Þetta gengur fullkomlega gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

byggist á og samningurinn hefur að meginmarkmiði, þ.e.a.s. „að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar“, eins og þar segir.

Hér er því alls ekki um ölmusu eða góðverk eða lúxus ræða. Þetta snýst um grundvallarmannréttindi fólks til að vera ekki útilokað frá þátttöku í samfélaginu.

Og þó að ég telji æskilegt að ráðherrar okkar séu á vel gangfærum bílum en ekki á einhverjum bilanagjörnum skrifum ætla ég þó að gerast svo djarfur að

MANNRÉTTINDI



Páll Valur Björnsson þingmaður Bjartrar framtíðar

fullyrða það hér að réttur þeirra til þess sé ekki tryggður í alþjóðlegum mannréttindasamningum.

Ég vil því hvetja hæstvirtan mennta- og menningarmálaráðherra til að lesa nú samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks vel yfir og taka þær skyldur sem þar eru á hann lagðar alvarlega. Ég hvet hann einnig til að kíkja svo í ríkiskassann okkar og sjá hvort hann getur ekki fundið þar svolitla peninga til að reka megi félagslega túlkasjóðinn þannig að sómi sé að og þannig

→ **Heyrnarskert fólk sem er háð þjónustu sjóðsins fer á mis við tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu og vera með okkur í leik og starfi.**

að ekki verði brotin mannréttindi á fólki í okkar nafni.

Ef hæstvirtum ráðherra tækist þetta er ég viss um að hann myndi gleðja mikið allan almenning í þessu landi sem hann vinnur fyrir og sem á peningana sem geymdir eru í ríkiskassanum.

Atgervisflótti meðal hjúkrunarfræðinga

Þann 1. desember árið 2012 hóf ég störf á Landspítalanum háskólasjúkrahúsi. Dagana á undan höfðu tæplega 300 hjúkrunarfræðingar á spítalanum skilað inn uppsögnum, þeir voru ósáttir við að ekki hefði verið gerður stofnanasamningur við þá og fóru þessa leið til þess að knýja fram kröfur sínar. Nýr stofnanasamningur var undirritaður 12. febrúar árið 2013 og var að sögn þáverandi heilbrigðisráðherra í anda jafnlaunastefnu þáverandi ríkisstjórnar sem ætlaði sér að vinna að útrýmingu kynbundins og stéttbundins launamistréttis.

Þessar fyrirætlanir féllu um sjálfar sig. Óútskýrt launamistrétti er enn við lýði. Á hundrað ára afmælisári kosningaréttar kvenna og fátækra karla er það talið allt að 25% verðmætara að sýsla með fjármuni ríkisins en mannauðinn.

Konur eru í meirihluta starfsmanna háskólasjúkrahússins, sem glímur við svo miklu stærri vandamál en faraó-maura, myglu og mósasýkingar eins og gárungarnir göntuðust með fyrir nokkrum mánuðum. Háskólasjúkrahúsið er að tapa fyrir einkareknu heilbrigðisþjónustunni sem á sér stofur og musteri um allan bæ.

Kjör heilbrigðisstarfsmanna hafa um árabil verið þannig að læknar sjá sér ekki fært að vinna fulla vinnu á háskólasjúkrahúsinu, þeir vinna þess vegna hlutastarf á spítalanum og drýgja tekjurnar á stofum úti í bæ.

Heilsugæslan nær ekki að sinna hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður sjúkra, fólk leitar heldur til sérfræðilækna á stofum eða beint á bráðamóttöku Landspítalans. Hjúkrunarrými fyrir aldraða og langveika eru ekki til staðar og þar af leiðandi liggur gamla fólkið á göngum Landspítalans dögum og vikum saman meðan beðið er eftir varanlegum úrræðum. Heilbrigðiskerfið er einkarekið í bland og enginn tapar á því nema þeir sem þurfa á þjónustu háskólasjúkrahússins að halda.

Læknar fengu sanngjarnar kjarabætur í vetur, aðrir háskólamenntaðir starfsmenn bíða enn eftir sínum kjarabótum. Verkfall BHM hefur staðið í nær sextíu daga þegar þetta er ritað, verkfall FÍH í tæpa viku og ekkert virðist í sjónmáli. Meðan deiluáðilar koma sér ekki saman um samninga og meðan stjórnvöld sinna í engu ákalli

KJARAMÁL



Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur á deildum 11B og 11G LSH

→ **Flóttinn er staðreynd, nú verða stjórnvöld að stíga fram og horfast í augu við staðreyndina. Hjúkrunarfræðingar eru eftirsóttur starfskraftur erlendis og fara ef ekki bjóðast ásættanleg kjör hér á landi.**

þeirra sem beita verkfalli sem neyðarúrræði þá bíða sjúklingar í angist heima og vita ekki hvort eða hvenær þeir fá úrlausn sinna mála.

Til þess að Landspítalinn verði aftur eftirsóttur vinnustaður fyrir þá sem hafa valið að mennta sig í heilbrigðisvísindum hérlendis og erlendis þarf að koma til móts við starfsfólk með kjarabótum og -tryggingu fyrir því að hægt verði að sinna sjúklingum á besta mögulega máta. Við þurfum að tala upp spítalan okkar, við þurfum að vinna að því að þeir sem þurfa á þjónustu Landspítalans að halda geti notið hennar með reisn, en ekki lokaðir inni á baðherbergjum eða liggjandi fyrir allra augum á göngum.

Það gerist ekki á einni nóttu, en með sameinuðu átaki stjórnvalda og starfsfólks spítalans er það hægt. Með auknum fjármunum, og sýnilegum vilja til þess að bæta úr sér gengið húsnæði háskólasjúkrahússins og efla starfsemina innan spítalans verður Landspítalinn efalítið eftirsóttur vinnustaður og öruggt skjól þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda.

Ég er að fara úr landi, aftur eftir aðeins tveggja og hálfis árs dvöl. Við erum fjórar af deildinni minni. Fjórir hjúkrunarfræðingar með hartnær fjörutíu ára samanlagða reynslu af hjúkrun krabbameinsjúkra. Fjórir hjúkrunarfræðingar með fjölskyldur sem sjá sér ekki lengur fært að lifa og starfa á Íslandi. Þetta heitir atgervisflótti.

Flóttinn er staðreynd, nú verða stjórnvöld að stíga fram og horfast í augu við staðreyndina. Hjúkrunarfræðingar eru eftirsóttur starfskraftur erlendis og fara ef ekki bjóðast ásættanleg kjör hér á landi. Við erum fjórar á minni deild sem höfum tekið skrefið, samanlagt höfum við með okkur ellefu börn. Framtíð þjóðarinnar er á leið úr landi með foreldrum sínum, hjúkrunarfræðingum.



50 Samtal á afmælisári



Gagnaver í leit að staðsetningu

Hvaða þættir ráða staðarvali?

Í gagnaversiðnaðinum hefur komið fram aukinn áhugi á Íslandi á síðustu árum. Landsvirkjun býður til opins fundar um hvað stýri vali erlendra aðila við staðsetningu gagnavera.

Föstudagur 5. júní kl. 8.30–10.30
Grand Hótel Reykjavík



Setning fundar

Hvað skiptir máli við val á staðsetningu gagnavera?
Phil Schneider, forseti Site Selectors Guild

Spurningar og svör

Pallborðsumræður – Hverjar eru þarfir gagnaversiðnaðarins?

Phil Schneider, Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun, Halldór Þorkelsson, framkvæmdastjóri hjá PwC, Guðbrandur R. Sigurðsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Opnum kerfum, Örn Orrason, yfirmaður sölu- og viðskiptaþróunar hjá Farice.

Fundarstjóri er Elinrós Líndal, viðskiptastjóri Samtaka gagnavera á Íslandi.

Húsið verður opnað kl. 8.30 og boðið verður upp á léttan morgunverð

Skráning á fundinn og bein útsending á landsvirkjun.is

Allir velkomnir!

Í tilefni af 50 ára afmæli stendur Landsvirkjun fyrir samtali við þjóðina með opnum fundum.

#lvgagnaver

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.





Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
ÞORSTEINN J. SIGURÐSSON
frá Reykholti, Fáskrúðsfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, fimmtudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 5. júní, klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa líknarfélögum að njóta þess.



Aðalbjörg Magnúsdóttir, börn, tengdabörn og fjölskyldur.



Yndislegi, fallegi drengurinn okkar og bróðir,
STEFÁN SÖLVI FJELDSTED
Lækjamótum 45, Sandgerði,

lést á Barnspítala Hringinsins, fimmtudaginn 28. maí. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 4. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Rjóður, Barnspítala Hringinsins og Leiðarljós.



Hjörtur Fjeldsted Hulda Ósk
Amelía Rún Fjeldsted, Hjörtur Karl Fjeldsted.



RAGNHEIÐUR EIDE BJARNASON

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 4. júní klukkan 13.00.



Fyrir hönd vandamanna, Bjarni Ágústsson Guðrún Ágústsdóttir Matthildur Kristinsdóttir Svavar Gestsson



Elskulegur eiginmaður minn,

JÓN FINNSSON
frá Geirmundarstöðum,
Gunnlaugsgötu 3, Borgarnesi,

verður jarðsungen frá Borgarnesarkirkju miðvikudaginn 3. júní kl. 14.00.



Ólafía Þorsteinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SVANA EYJÓLFSDÓTTIR
Bræðraborgarstíg 38,

lést á Landspítalanum 29. maí.



Synir, tengdadætur, barnabörn og barnabarnabörn.



Systir mín,

HREFNA S. KARLSDÓTTIR
áður Stigahlíð 81, Reykjavík,

lést á Söltúni mánudaginn 25. maí sl. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. júní kl. 15.00.



Fyrir hönd annarra vandamanna, Kristinn Karlsson



Yndisleg eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HJÖRDÍS SIGURÐARDÓTTIR
Markarvegi 15,

sem lést á Spáni 19. maí, verður jarðsungen frá Friðkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.



Ásgeir Hjörleifsson
Sigurður Þór Ásgeirsson Friða Kristín Gísladóttir
Hjörleifur Ásgeirsson María Purificacion Luque Jimenez
Kristinn Ingi Ásgeirsson Linda Hrónn Einarsdóttir
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir Xavier Rodriguez
barnabörn og barnabarn.



Rannsaðði hælisleitendur og flóttamenn í Grikklandi

„Af hverju sérðu mig ekki sem manneskju?“ spyr Árdís K. Ingvarsdóttir í fyrirlestri sínum.

„Það er eins og við áttum okkur ekki á fjölbreytileikanum,“ segir Árdís Kristín Ingvarsdóttir, sem kynnir frumniðurstöður doktorsrannsóknar sinnar í kvöld á fyrirlestri á vegum Mannfræðifélags Íslands.

Um er að ræða etnógrafíska rannsókn í anarkistahverfinu Exarhia í Aþenu sem gerð var á árunum 2012, og 2014-2015. „Ég skoðaði hvernig karlkyns hælisleitendur og flóttamenn af ýmsum uppruna mótuðu kynjanda ímynd sína í gegnum fjölþætta reynslu af ferðalögum, fólki og dvalarstöðum að karlmennsku meðal hælisleitenda og flóttamanna í Grikklandi,“ segir Árdís.

Sjálf er Árdís nýkomin til landsins, en hún hélt sams konar fyrirlestur í Grikklandi ekki alls fyrir löngu. „Leið margra hælisleitenda og flóttamanna liggur til Evrópu þar

sem þeir halda að hugmyndin um að réttur hverrar manneskju til lífs sé í hávegum höfð, en svo reynist ekki og kemur það mörgum á óvart,“ útskýrir hún.

Árdís segir þá sem hún rannsaðði í langflestum tilfellum hafa sóst eftir betra lífi, öryggi og fjölskyldulífi, sem þeir töldu sig geta fengið með vinnusemi að vopni. „Þegar gríska ríkið fór að herða eftirlit með lögmætri tilvist þeirra í landinu fóru þeir að líta svo á að um væri að ræða innvígslu sem þeir þyrftu að standast til að geta hafið líf sem menn,“ segir Árdís og bætir við að sér þyki athyglisverðast hvernig við tölum um innflytjendur og séum föst í staðalímyndum. Þá megi velta fyrir sér hvernig tekið er á móti hælisleitendum og hvort þeim sé ýtt út í hegðun líkt og staðalmyndir af þeim gefa til kynna.



Leið margra hælisleitenda og flóttamanna liggur til Evrópu þar sem þeir halda að hugmyndin um að réttur hverrar manneskju til lífs sé í hávegum höfð, en svo reynist ekki og kemur það mörgum á óvart.

Árdís Kristín Ingvarsdóttir

Er fyrirlesturinn haldinn í húsi Reykjavíkurakademíunnar í kvöld klukkan 20.00 og hvetur Árdís áhugasama til að láta sjá sig.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma, systir og mágkona,

ÞÓRA KRISTINSDÓTTIR
Ársölum 1, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH laugardaginn 23. maí. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 3. júní kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH í Kópavogi um leið og við færum starfsfólki þar hjartans þakkir fyrir frábæra umönnun.



Árni Ingólfsson
Ingólfur Árnason Krístrún Árnadóttir Ketill Árni, Tómas Kristinn og Hinrik Ari Ingólfssynir Jóhann Guðmundsson Elias Bragi Sólmundarson Guðrún Kristinsdóttir Erna Kristinsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

DANIEL JOHANNES GLAD
trúboði,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu við Brúnaveg í Reykjavík þriðjudaginn 26. maí. Útför hans fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu 8. júní klukkan 13.00.



Marianne Elisabet Glad
Sam Daniel Glad Clarence Edvin Glad Barbbró Elisabeth Glad Ruth Anne Glad Sigurður Sigurðsson barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg systir, mágkona, móðursystir og frænka,

BRYNDÍS EINARSDÓTTIR
frá Ekkjufellsseli,
Hamragerði 5, Egilsstöðum,

lést á Fjórdungssjúkrahúsinu á Akureyri, hvítasunnudag 24. maí. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðarkirkju laugardaginn 6. júní og hefist athöfnin kl. 14.00.



Baldur Einarsson Svala Eggertsdóttir Einar Ólafsson María Fr. Hermannsdóttir Arnþjórn Eypórssón Jóna Guðný Magnúsdóttir og aðrir ættingjar Jóhanna Gunnarsdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞORBJÖRG VILHJÁLMSDÓTTIR

lést föstudaginn 22. maí á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hennar látnu. Þökkum auðsýnda samúð. Þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík.



Þóra Benediktssdóttir Skjöldur Kristinsson Einar Þór Karlsson Karítas Bergsdóttir Ísól Björk Karlsdóttir Snorri Gunnarsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HJÁLMAR STEFÁNSSON
fyrirverandi útibússtjóri,
Strandvegi 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum þann 24. maí sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. júní kl. 13.00.



Halla Haraldsdóttir
Haraldur Gunnar Hjálmarsson Þórarinn Hjálmarsson Bára Alexandersdóttir Stefán Hjálmarsson Unnur Stefánsdóttir Halla, Bjarki, Trausti, Tinna Mjöll, Hjálmar, Margrét, Trausti Snær og Hilmar Logi



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

KONRÁÐ GOTTLIEBSSON
frá Burstabrekku, Ólafsfirði,

lést á Landspítalanum 30. maí. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 5. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Hornbrekku.



Svava Friðbjófsdóttir
Jón Árni Konráðsson Margrét Sigmundsdóttir Gottlieb Gunnar Konráðsson Sigrún Bára Eggertsdóttir Sigrún Konráðsdóttir Ólafur Haukur Ólafsson barnabörn og barnabarnabörn.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Góð markmið
Útihlaup eru ódýr og þægileg líkamsrækt sem fólk á öllum aldri getur stundað allt árið. **SÍÐA 2**



Tólf ráð
Nokkur ráð sem hafa reynst fólk vel sem misst hefur tuttugu kíló eða meira og viðhaldið árangrinum. **SÍÐA 4**

Ertu ekki enn búin(n) að prófa?

20%
afsláttur
1.-15 júní

Nú er tækifærið

ATH! aðeins á 90 töflu glasi



Útsölastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

EKKI LÁTA MAGA-ÓNOT SKEMMA FRÍÐ

GENGUR VEL KYNNIR Prógastró DDS+3 góðgerlarnir byggja upp heilbrigða meltingarflóru svo að þú getir notið frísins án allra meltingarónota.

Heilbrigð meltingarflóra er ein af undirstöðum góðrar heilsu. Þegar ferðast er erlendis kemst meltingin í tæri við nýja flóru sem oft getur valdið ónotum s.s. niðurgangi, verkjum og hægðatregðu og spillt fyrir gleðinni í ferðinni. Með inn-töku góðgerla styrkir þú ónæmiskerfið og byggir upp heilbrigða og sterka flóru í meltingarveginum sem er betur í stakk búinn til að takast á við óþekktar bakteríur.

EINN ÖFLUGASTI ASÍDÓFÍLUSINN

Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófilusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem eru bæði gall- og sýrupólnir, margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Maginn verður glaður og við með!

Með því að taka tvö hylki með morgunmat í eina viku fyrir ferðalag og á meðan á ferðalaginu stendur er hægt að minnka verulega líkurnar á því að fá hvers kyns meltingarónot. Ekki er nauðsynlegt að geyma Prógastró DDS+3 í kæli.

SÝRU- OG GALL-PÖLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallpólnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því



þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýrupólna.

Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.

Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.

GÓÐA MELTINGU Á FERÐALAGINU

Með því að taka tvö hylki með morgunmat í eina viku fyrir ferðalag og meðan á því stendur, er hægt að minnka verulega líkurnar á því að fá hvers kyns meltingaróþol.



Revolution Macalibrium macarót

fyrir hormónajafnvægi karlmanna

Kannastu við þessi einkenni?

- Preytu og orkuleysi
- Minni kynlóngun
- Þyngdaraukningu
- Svefntruflanir
- Depurð



40%
afsláttur

www.lyfja.is

Garðsláttuvélar og traktorar

Mikið úrval sláttuvéla, garðtraktora og ásetusláttuvéla



Cub Cadet



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 -18:00
Lokað um helgar



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

Alvöru græjur í sportið 

Selva utanborðsmótórar og bátar á frábæru verði



Tvígengis
15 hö - kr. 256.105
30 hö - kr. 341.763
50 hö - kr. 772.705
60 hö - kr. 854.756
80 hö - kr. 948.290



Fjörgengis
2,5 hö - kr. 148.175
5 hö - kr. 211.548
8 hö - kr. 289.375
9,9 hö - kr. 299.156
15 hö - kr. 498.215
20 hö - kr. 549.951
25 hö - kr. 643.006



Selva 430 gúmibátur
8 manna með algólfi og 30 hestafla Selva mótör

Kr. 598.000,- með vsk

Fagleg þekking, varahlutabjónusta og viðgerðir

Takmarkað magn á lager

Selva hefur framleitt utanborðsmótora og báta í 50 ár og þeirra vara er þekkt fyrir frábæra hönnun, afkastagetu og áreiðanleika. Selva framleiðir utanborðsmótora frá 2,5 upp í 250 hestöfl og gúmibáta, harðbotnabáta og trejaplastbáta allt upp í 8,3 metra langa.

ÁSAFL
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is



Sumarsprengja 20-50% afsláttur

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN
Skiopholti 29b • S. 551 0770
Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



UPP ÚR SÓFANUM „Það er fátt meira hvetjandi en að reka sjálfan sig í hlaupagallann, skóna og út að hitta hópinn á æfingu og komast að því eftir á að veðrið var ekki svo slæmt,“ segir Óskar Jakobsson, hlaupþjálfari hjá skokkhópi Vals. MYND/STEFÁN

ÖLL MARKMIÐ GÓÐ

LÍKAMSRÆKT Útihlaup eru ódýr og þægileg líkamsrækt sem fólk á öllum aldri getur stundað allt árið. Fjöldi hlaupahópa er starfræktur um allt land.

Þegar kemur að líkamsrækt eru útihlaup með ódýrari og þægilegri valkostum sem í boði eru. Hlaup er hægt að stunda nánast hvar og hvenær sem er án mikils kostnaðar og þau henta öllum aldurshópum, að sögn Óskars Jakobssonar, hlaupþjálfara hjá skokkhópi Vals. „Hlauparar eru ekki háðir opnunartíma líkamsræktastöðva. Útihlaup eru líka heilsársíprótt því þau má stunda yfir veturinn en þá þarf bara að klæða sig eftir veðri. Það þarf ekki dýran búnað til að hefja hlaup, eins og margar aðrar íþróttir, góðir skór eru það sem þarf helst að huga að.“

Fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref skiptir miklu máli að fara rólega af stað og gera það algjörlega á eigin forsendum. „Best er að byrja á því að hlaupa og ganga til skiptis og smátt og smátt lengja tímann sem maður hleypur. Einnig er mikilvægt að setja sér raunhæf markmið en þau geta verið ólík, allt frá því að hlaupa í 5 mínútur í senn til þess að hlaupa sitt fyrsta maraþon. Öll markmið eru góð ef þau eru raunsæ.“

STÓRT SKREF

Það getur verið stórt skref fyrir þá sem stunda ekki líkamsrækt að byrja að hlaupa. „Margir sem byrja læðast einir út þegar farið er að skyggja í bómullargallanum og gömlu slitnu íþróttaskónum sínum og koma hundblautir og sveittir heim. Skilja síðan ekkert í því hvað þetta var eitthvað erfitt og komast jafnvel að þeirri niðurstöðu að hlaup henti þeim ekki. En það tekur nokkrar vikur að gera þetta að lífsstíl.“

Þess vegna geta skokkhópar verið góður kostur að sögn Óskars. „Það er fátt meira hvetjandi en að reka sjálfan sig í hlaupagallann, skóna og út að hitta hópinn á æfingu og komast að því eftir á að veðrið var ekki svo slæmt og finna fyrir vellíðaninni. Þess vegna er svo mikilvægt að hlaupa með einhverjum vinum sem hvetja mann áfram eða að mæta á æfingu hjá einhverjum af hinum fjölmörgu skokkhópum sem eru starfandi um allt land.“

Hann segir góðan hlaupahóp vera vinskap fyrir lífstíð. „Það er töluvert félagsstarf sem á sér stað innan hópanna og þar eru yfirleitt þjálfarar sem ráðleggja einstaklingum með æfingar og keppnir. Þegar nýir einstaklingar koma inn er passað upp á að viðkomandi komist sem fyrst inn í félagsskapinn og þjálfarinn leiðbeinir viðkomandi



FYRSTA HLAUPIÐ Reykjavíkumaraþon er fyrsta keppnishlaup margra hlaupara. MYND/DANIEL

SKÓR SKIPTA MÁLI

Hlaup eru ekki dýrt græjusport en góðir skór eru þó eitthvað sem þarf að huga að auk fatnaðar við hæfi á hverjum árstíma. „Það er til ótrúlegt úrval af hlaupaskóm og mikilvægt að gefa sér tíma til að skoða hvað hentar hverjum og einum. Flestar verslanir bjóða auk þess upp á aðstoð við val á skóm. Varðandi fatnað er allra veðra von hér á landi og því mikilvægt að vera í góðum fatnaði.“

Hundruð keppnishlaupa eru haldin um allt land yfir sumartímann og henta mörg þeirra byrjendum vel. „Þar má meðal annars nefna mörg 3-5 km götu-hlaup en síðan eru margir sem keppa fyrst í Reykjavíkumaraþoninu í ágúst. Þar er boðið upp á 3 km skemmtiskokk en margir stefna á 10 km hlaupið. Smátt og smátt er svo hægt að detta í þann gir að skipuleggja sumarfríin út frá hlaupadagskránni. Það er ekkert verra en hvað annað!“

HLAUP.IS

Á síðunni www.hlaup.is má finna lista yfir skokkhópa víða um land undir flípanum „hlaup“.

Eygló Ósk Gústafsdóttir

Íþróttakona Reykjavíkur 2014

VIRKAR fyrir mig

Afrekalisti

Íþróttakona Reykjavíkur 2014
Ólympíuleikar 2012, 20. sæti
10. sæti á HM-25 2014
7. og 8. sæti á EM-25 2013
44 Íslandsmet í einstaklingsgreinum
65 Íslandsmeistaratitlar



Lífræn fæða

Ég stefni ótrauð á Ólympíuleikana 2016. Lifestream vörurnar henta mér best vegna þess að þær eru hrein lífræn fæðunæring. Næringarríkt fæði er mikilvægt. Með Lifestream fæðunæringu hef ég betra úthald og hreysti til að takast á við erfiðar æfingar og áskoranir.



Umboðsaðili: Celsus ehf
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

 **lifestream**
náttúruleg uppspretta bætiefna



Sumarið er komið

Stuttermabolur
7.900 kr.
2 litir:
með rauðu,
með ljósgráu.
Stærð 34 - 50

Stuttbuxur
9.900 kr.
4 litir:
dökkblátt, rautt,
svart, sandgrátt.
Stærð 34 - 50

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516



12 RÁÐ FRÁ REYNSLUBOLTUM

VILTU LÉTTAST? Það vantar ekki góð ráð þegar kemur að því að léttast. Mörgum finnst þó auðveldara að leggja við hlustir þegar þau koma frá einhverjum sem byggja þau á eigin reynslu. Hér fylgja tólf ráð frá fólki sem hefur misst tuttugu kíló eða meira og viðhaldið árangrinum.

Offita er sívaxandi vandamál á Vesturlöndum og sífellt er verið að leita leiða til að stemma stigu við henni. Þó þeir sem glíma við vandann séu oftast ekki vel upplýstir um leiðir til úrbóta getur verið hægara sagt en gert að hefjast handa og þykir mörgum þreytandi að hlusta á sjálfskipaða „sérfraeðinga“ sem leynast á hverju strái. Það er hins vegar auðveldara að leggja við hlustir þegar um er að ræða ráð frá fólki sem hefur sjálft sigrast á vandanum og misst stóran hluta af líkamsþyngd sinni. Hér eru 12 ráð sem byggð eru á reynslu fólks sem hefur misst tuttugu kíló eða meira og náð að viðhalda árangrinum. Samantektina er að finna á buzzfeed.com.

- 1 Gerðu eina heilsusamlega breytingu í einu og byggðu ofan á hverja fyrir sig. Þetta gæti verið að ganga í eða úr vinnu. Þegar það er komið upp í vana er hægt að laga eitthvað í mataræðinu eins og að minnka sykurlaugar og svo koll af kolli. Árangurinn kemur í ljós hægt og sígandi en meiri líkur eru á að hann viðhaldist.
- 2 Taktu við góðum ráðum en treystu engu að síður á eigið hyggjuvit. Það er svo mikið af „sérfraeðingum“ sem eru tilbúnir að ráðleggja þér. Þú þekkir líkama þinn best af öllum og veist hvað hentar þér. Finndu þína fjöl.
- 3 Ef þér leiðist þolþjálfun finndu þá einhverja aðra hreyfingu sem þér líkar betur. Mörgum þykir virkilega óþægilegt að stunda þolþjálfun þegar aukakílóin eru mörg. Þá er ef til vill betra að byrja á styrktarþjálfun, göngum, sundi eða öðru. Hlaupin geta bæst við síðar.

- 4 Ef þér líður illa í ræktinni hreyfðu þig þá annars staðar. Margir verða mjög meðvitaðir um eigin líkamsvöxt í ræktinni og finnst allir vera að horfa á sig. Það er vel hægt að stunda líkamsrækt annars staðar en í líkamsræktarstöð.
- 5 Fyrsta æfingin er alltaf erfið. Næsta verður auðveldari. Hafðu það að leiðarljósi.
- 6 Þetta snýst ekki um tiltekna megrun, tiltekna líkamsrækt og alls ekki um einhverja tiltekna pillu. Þetta er ferðalag í átt að breyttum lífsstíl á öllum sviðum.
- 7 Finndu stuðningsaðila eða stuðningshóp sem hvetur þig til dáða og veitir þér aðhald. Þetta getur verið einhver sem fer með þér í ræktina eða skemmtilegur gönguhópur svo dæmi séu nefnd.
- 8 Komdu auga á veikleika þína og óholla lífnaðarhætti og lestu þér til um hvernig best er að breyta þeim. Viðaðu að þér upplýsingum um næringarfræði, kaloríufjölda og annað í þeim dúr. Þannig er hægt að taka upplýstari ákvarðanir og velja hollari fæðu.
- 9 Reyndu að átta þig á því hvaða andlegu þröskuldur standa í vegi fyrir þér.
- 10 Skráðu þig í hlaup eða annan viðburð langt fram í tímann. Helst með einhverjum öðrum. Mörgum gagnast að hafa svoleiðis markmið.



- 11 Verðlaunaðu þig eftir hvern lítinn sigur. Kaupu skópar, farðu í leikhús eða fínt út að borða.
- 12 Ekki gefast upp þó komi bakslag. Það getur ýmislegt komið upp á; áföll, veikindi og annað sem gerir það að verkum að það er erfitt að halda sig við efnið. Þá er bara að byrja aftur síðar.

HEILLARÁÐ Fyrsta æfingin er alltaf erfið. Næsta verður auðveldari. Hafðu það að leiðarljósi.

FINNDU ÞÍNA FJÖL

„Mörgum þykir virkilega óþægilegt að stunda þolþjálfun þegar aukakílóin eru mörg. Þá er ef til vill betra að byrja á styrktarþjálfun, göngum, sundi eða öðru. Hlaupin geta bæst við síðar.“

GRØN BALANCE

Hafðu það grænt og njóttu lífsins

Grøn Balance fæst í Krónunni

KRÓNAN

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 2. JÚNÍ 2015



ERU VAÐLAHEIÐARGÖNGIN MISTÖK?

Bensínsparnaður um 400 krónur á þeirri 16 kílómetra og 9 mínútna leið sem sparast með göngunum.

Enn liggur vinna við borun Vaðlaheiðarganga niðri vegna þess vatnsflaums sem stöðvaði vinnuna við göngin um miðjan apríl. Ekki var það í fyrsta sinn sem vinna stöðvaðist við göngin en áður hafði heitt vatn stöðvað vinnuna vestanmegin í göngunum. Líklegt má telja að vatnsflaumur þessi fresti vígslu ganganna en að auki hlýst af honum nokkur viðbótarkostnaður sem gert gæti hagkvæmni þessarar framkvæmdar minni. En er þessi framkvæmd hagkvæm?

Eru forsendur réttar?

Margar úrtöluraddir hafa

heyrst um framkvæmdina og bent á að þjóðhagslegur hagur af henni verði harla lítill. Með göngunum spara ökumenn sér 16 kílómetra akstur sem tekur 9 mínútur. Á þeirri leið um Víkurskarð myndi bíll sem eyðir 10 lítrum á hverja 100 kílómetra eyða innan við 2 lítrum og því sparast ekki nema um 400 krónur með því að velja göngin umfram núverandi veg. Hætt er þó við því að gangagjaldið verði hærra, líklega tvöfalt eða þrefalt hærra og munu þá margir vegfarendur velja áfram að aka skarðið. Með því verða göngin seint greidd niður. Svo má einnig velja því fyrir sér

hvort ánægjulegra sé ekki að aka þá fallegu leið sem liggur um Víkurskarðið í stað þess að aka um dimm göng. Einnig hefur verið bent á að mikil óvissa ríki enn um áætlaðan heildarkostnað og þar sem hann virðist nú rjúka upp mun það ekki hjálpa til við að gera framkvæmdina hagkvæma.

Umferð minni en spád var

Þá er einnig bent á að spá um umferðaraukningu sé ofmetin. Í spá um umferðarmagn þegar ákvörðun um framkvæmdina var tekin var gert ráð fyrir að 1.632 bílar á dag færu um Víkurskarð árið 2014. Staðreyndin

er hins vegar sú að í ár stefnir í um 1.230 bíla umferð á dag og hefur hún samt aukist frá því í fyrra. Þarna munar um 25% og þeim mun lægri tekjur ef göngin væru opin nú.

Líklega myndi 25% tekjuþrenging margra fyrirtækja valda þeim miklum vanda. Þessi vandi lendir þó líklega á ríkinu þar sem öll lán sem tekin hafa verið vegna framkvæmdarinnar eru ríkistryggð.

Farartálmi fáa daga á ári

Vissulega getur Víkurskarð verið farartálmi á vetrarmánudögum og nokkra daga á ári lokast fyrir umferð um það.

Þá er kostur að hafa göng sem sneiða hjá þessum tálma og margir verða fegnir að komast leiðar sinnar. Þessir dagar eru þó fáir á hverju ári og oftast nær teljandi á fingrum annarrar handar. Því má velja því fyrir sér hvort að því fjármagni sem veitt verður í þessi göng hefði ekki verið betur varið í þá síversnandi vegi sem við Íslendingar búum nú við. Einnig hefði mátt klára að malbika hringveginn í staðinn og sneiða af ansi margar einbreiðar brýr á honum. Er þessi framkvæmd kannski ein sterkasta birtingarmynd þess kjördæmapots sem alltof lengi hefur viðgengist hér á landi?



BETRA START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótórhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:





Enn hægt að skoða tvo öfluga frá Opel

Bílabúð Benna flutti sérstaklega inn nokkra afar spennandi bíla fyrir bílasýninguna „Allt á hjólum“ í Fífunni á dögunum. Þetta eru bílar sem allir sannir bílaáhugamenn ættu að kynna sér vel. Þar á meðal voru tveir bílar frá Opel, blæjubíllinn magnaði Opel Cascada og hinn þrælöflugi 280 hestafla Opel Astra í OPC-útfærslu. OPC stendur fyrir Opel Performance Center, en það er sérstök deild sem sérhæfir sig í smíði á keppnisbílum, ásamt sérstökum OPC-útgáfum af Corsa, Astra og Insignia, sem seldir eru til almennings. Samkvæmt upplýsingum frá Bílabúð Benna verða þessir bílar sendir utan um miðjan júnímánuð og því enn tækifæri til að skoða þessa fallegu gripi í sýningarsal Opel við Tangarhöfða.



Fær Porsche 911 rafmótora?

Hjá Porsche í Þýskalandi er nú verið að velja því fyrir sér hvort hinn goðsagnakenndi 911-bíll verði næsti bíll Porsche sem fær Plug-In-Hybrid-drifrás og verði því tvíorkubíll. Nú þegar framleiðir Porsche bílana Cayenne, Panamera og 918 Spyder með slíkri drifrás og Porsche hefur áður sagt að allar líkur séu á því að allir framleiðslubílar Porsche verði brátt í boði með tvíorkuflrás. Porsche selur nú mjög vel af Cayenne og Panamera svona búnum, en 15% af seldum Panamera og 10-12% Cayenne-bílum í Bandaríkjunum eru þessarar gerðar. Fyrir um ári voru fluttar af því fréttir að Porsche væri að íhuga 700 hestafla Porsche 911 Plug-In-Hybrid-bíl og því aldrei að vita hvort þessi útfærsla hans verði svo öflug. Porsche hefur þekkinguna, ekki síst frá smíði 918 Spyder-bílsins sem er hátt í 1.000 hestöfl. Það að bjóða 911-bíllinn í svo umhverfisvænni útfærslu myndi einnig hjálpa Porsche að uppfylla sífellt strangari reglur Evrópusambandsins um litla koltvísýringlosun.



Sjálfvirk neyðarhæmlun minnkar aftanákeyrslur um 38 prósent

Sífelld fleiri bílar eru nú útbúnir sjálfvirkri neyðarhæmlun sem sér um að stöðva þá ef stefnir í árekstur. Svo virðist sem full þörf sé fyrir slíkan búnað en könnun á vegum Euro NCAP og hins ástralska ANCAP leiðir í ljós að þessi búnaður fækkar aftanákeyrslur um 38 prósent. Búnaðurinn virðist virka best á milli 30 og 50 kílómetra hraða. Ef farið er hraðar en 60 virðist þessi búnaður hins vegar hafa lítil áhrif og hvorki er fækkun né fjölgun á árekstrum ef farið er svo hratt. Eini ókosturinn við þennan búnað í bílum er að með honum aukast líkur á að bílar sem á eftir koma og ekki eru með slíkan búnað séu líklegri til aftanákeyrsla. Þessu væri ekki að heilsa ef allir bílar væru með þennan búnað, en þessi staðreynd sýnir að búnaðurinn er sneggrí að bregðast við en maðurinn við sömu aðstæður.



Subaru Outback

SUBARU EKKI LENGUR FYRIR ÖMMU OG AFA

Subaru annar ekki eftirspurn eftir Outback og kaupendahópurinn verður sífellt yngri.

Líkt og Íslendingum finnst mörgum Norðmönnum eins og Subaru hafi verið sérsníðinn fyrir sínar aðstæður, þar sem vegir eru víða misjafnir og vetrarhörkur jafnan miklar á norðlægum slóðum. Bílarnir frá Subaru hafa lengi notið mikilla vinsælda meðal norskra bileigenda, einkum í dreifbýli og norðurhéraðum landsins. Það sama á við hér á landi, en íbúar utan höfuðborgarsvæðisins, ekki síst á Norður- og Austurlandi hafa lengi verið meðal dyggustu aðdáenda Subaru. Nýlega kynnti framleiðandinn nýjan Forester með sjálfskiptingu við dísilvélinu, en áður hafði dísilbíllinn aðeins verið fáanlegur með beinskíptingu. Hér á landi er eftirspurn kaupenda meiri en framleiðandinn getur annað án biðar eftir afhendingu. Hið sama á við um nýjan Outback sem einnig var kynntur snemma í vor með EyeSight, nýju og byltingarkenndu forvarnaröryggiskerfi, sem bíla- blaðamenn um allan heim róma

í hástert fyrir nákvæmni. Blaðamenn Auto Motor und Sport í Þýskalandi segja t.d. ekkert forvarnarkerfi jafnast á við EyeSight og kollegar þeirra í Svíþjóð hafa komist að sömu niðurstöðu.

Meðalaldurinn lækkað um 10-15 ár
Noregur vekur þó nokkra eftirtekt hvað viðtökur við nýjum Subaru Outback varðar. Þar í landi keppast bíla- blaðamenn við að prófa og kynna bíllinn fyrir almenningi enda er salan þar langt umfram áætlanir. Samkvæmt því sem fram kemur á norska vefmiðlinum Abcnyheter hafði innflytjandinn gert ráð fyrir að selja um 700 Outback á árinu. Nú þegar hafa bílkaupendur gert þöntun á eitt þúsund bílum sem er þreföldun í sölu frá 2014. Hefur innflytjandinn óskað eftir 300 bílum í viðbót frá japanska framleiðandanum, en óvíst er að hægt sé að verða við þessum óskum þar sem verksmiðjurnar anna ekki eftirspurn frá öllum helstu mörkuðum heims. Þá sjást þess einnig greinileg merki í Noregi að kaupendahópurinn er að yngjast. Þannig hefur meðalaldur

kaupenda Subaru lækkað um 10-15 ár á þessu ári samanborið við meðalaldur viðskiptavina Subaru mörg undanfarin ár.

Subaru-leigubílum fjölga hérlandis

Skúli K. Skúlason, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá BL, segir sömu þróun eiga sér stað hér á landi, kaupendahópurinn sé að yngjast. „Það er margt sem kemur til. Nýju bílarnir eru mjög vel útbúnir án þess að verðið hafi hækkað, nýtt útlit höfðar til breiðari kaupendahóps og stór hópur leggur mjög mikið upp úr öryggi í umferðinni og þar er EyeSight hreinlega að slá í gegn um allan heim,“ segir Skúli. Hann segir að Subaru hafi styrkt sig mikið að undanförmum í aldurshópnum frá 35 til 54 ára, ekki síst á meðal fjölskyldufólks. „Síðan má ekki gleyma því að eldsneytiseyðslan hefur snarminkað frá eldri gerðum, þar hefur Subaru náð verulegum árangri sem einnig á sinn þátt í breiðari kaupendahópi. Það eru komnir hátt í 20 nýir Subaru í leigubílaflotann og það segir sína sögu,“ segir Skúli.

FJÓRÐA HVERT BÍLSLYS Í BNA VEGNA SÍMNOTKUNAR

Rannsóknargögn frá lögreglunni í Bandaríkjunum sýna að ríflega fjórða hvert bílslys sem þar verður er sökum símnotkunar ökumanna. Það kemur ef til vill ekki mikið á óvart ef rýnt er í niðurstöður nýlegrar könnunar þar í landi sem gerð var af National Safety Council og símafyrirtækinu AT&T. Þar kemur í ljós að 61% ökumanna sendir textaskilaboð í akstri, 33% lesa eða skrifa tölvupóst, 28% nota netið og 27% eru á Facebook við aksturinn. Þetta eru sláandi niðurstöður og ef til vill er staðreyndin ennþá verri þar sem ekki viðurkenna allir ósiði sína í könnunum. Könnunin sýndi einnig að 27% ökumanna telja að þeir geti með öruggum hætti tekið myndskæði á síma sína í akstri. Ein 17% ökumanna taka sjálfur af sér, 14% eru á Twitter, 14% á Instagram og 10% viðurkenna að vera á myndtali í akstri.

Þegar fólk var spurt að því af hverju það væri á samfélagsmiðlum í akstri sögðu 22% að það væri háð þeim. Nýjustu tölur um ástæðu bílslysa í Bandaríkjunum sýna að 27% þeirra eru vegna símnotkunar og hefur sú tala sífellt hækkað á undanförmum árum. Bent hefur verið á það að þessi tala er líklega talsvert vanmetin þar sem fólk vill treglega viðurkenna það sem ástæðu slyss og oft er auðvelt að fela slíkt þó



slys eigi sér stað. Fjórutíu og sex ríki Bandaríkjanna banna með lögum að skrifa skilaboð á síma í akstri, en aðeins 14 ríki banna það að tala í síma í akstri. Samkvæmt þessari nýju könnun eru þessi lög ekki að virka og meirihuti fólks brýtur þau.

Skemmtilegi ferðafélaginn Mercedes-Benz GLA

Mercedes-Benz GLA sameinar nútæglíðni hins lífræna borgarbíls og möguleika 4MATIC fjórhylladríftis. Þú sjttur þess að fara á milli landa í þessum fjórhvæla sport, kjeppi og stóða ríftöruþerfunni. GLA er bíllinn stjarnaþryggja- og stílkambílaálf og 58 hönnuðer frá glerlegasta.

Komdu í Óskju og reynsluaktu – víð fökum veit á móti þér.



GLA 250 CDI, 4MATIC eldríftiskerfi, 7 þrjú fjálfélagi, 185 hK, drifmagn 2.110 hK. Gættu þess að 17.100 km (180.000 km áhrif). Vættu þess á 3.900.000 hK.



Mercedes-Benz



Boxster og Cayman með 4 strokka á næsta ári

Porsche mun hefja sölu á Boxster- og Cayman-bílum sínum með fjögurra strokka vél um mitt næsta ár. Í dag eru þeir með 6 strokka vél en Porsche, eins og margur annar bílaframleiðandinn, er að fækka strokkum og minnka sprengirými í bílum sínum, en þó ekki á kostnað afsins. Þessar 4 strokka vélar verða allt að 395 hestöfl, en engin gerð Boxster né Cayman nær nú þeirri hestaflátölu. Það að 4 strokka vélar sé að finna í Porsche-bílum er þó ekki nýlunda því í dag má fá Macan-jepplinginn með 4 strokka vél í Kína og Bretlandi, en aðeins á þeim tveimur mörkuðum.

Forstjóri Porsche, Matthias Müller, var spurður að því nýlega hvort búast mætti við að sjá 4 strokka vélar í fleiri bílgerðum Porsche. Hann taldi það ekki ósennilegt, en í fyrstu ætlaði fyrirtækið að sjá hvernig þessum nýju Porsche Boxster og Cayman yrði tekið með þessum vélum. Hann vildi ekki gefa upp hve stórt sprengirými þessara véla yrði, en það verður væntanlega annaðhvort 2,0 eða 2,5 lítra og hugsanlega hvort tveggja. Porsche á eldri sögu í framleiðslu fjögurra strokka véla, en fyrirtækið seldi bíla með slíkum vélum á árunum 1948 til 1995. Strokkar þeirra voru þverstæðir og flatir frá 1948 til 1976, en svo flatar línuvélar frá 1976 til 1995.



Spænskumælandi bílkaupendur draga áfram vöxtinn vestra

Sá þjóðfélagshópur sem bílaframleiðendur sjá mestan vöxt í sölu nýrra bíla í Bandaríkjunum er hjá spænskumælandi fólki. Svo rammt kveður að þessu að spænskumælandi fólk (e. hispanic) á stærstan hlut í þeim vexti sem var í bílasölu þar vestra á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá IHS Automotive Polk Market Data voru 96% af söluaukningu bíla Ford og Chevrolet í fyrra skýrð út með aukinni sölu til spænskumælandi fólks þar í landi. Þessi tala var 33% hjá Nissan, 35% hjá Toyota og 100% hjá Honda og þar á bæ hefði sala líklega dregist saman á milli ára ef ekki hefði komið til svo mikillar sölu til spænskumælandi fólks.

Sala bíla í Bandaríkjunum jókst um 5,9% í fyrra og seldust 921.636 fleiri bílar en árið 2013. Sala bíla til spænskumælandi fólks jókst hins vegar um 15% og útskýrði það um 250.000 bíla af þessari aukningu. Þetta átti ekki einungis við í þeim ríkjum þar sem hátt hlutfall er af spænskumælandi fólki, eins og í Kaliforníu, Texas og Flórída, heldur einnig í miðvesturríkjunum og víðar um landið. Það eru 54 milljónir spænskumælandi fólks í Bandaríkjunum og fer því hratt fjölgandi, en árið 1995 var það 27 milljónir. Búist er við því að talan muni aftur tvöfalda á næstu 35 árum og verði 108 milljónir árið 2050.

Toyota hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á þann markhóp sem spænskumælandi fólk er og selur ekkert eitt bílafyrirtæki eins hátt hlutfall bíla sinna til spænskumælandi fólks, eða 16,9% í fyrra. Þetta hlutfall er 12,3% hjá Nissan og 11,9% hjá Honda, 9,2% hjá Chevrolet og 8,5% hjá Ford. Toyota seldi fjórða hvern Corolla-bíl í fyrra til spænskumælandi fólks í Bandaríkjunum og fimmta hvern Lexus IS-bíl.



BÍLASALA Í EVRÓPU JÓKST UM 7% Í APRÍL

Margir framleiðendur með mikla aukningu en minnkun hjá Honda og Toyota. Jeep þrefaldar sölu milli ára.

Tuttugasta mánuðinn í röð óx bílasala í Evrópu í apríl og nam hún 6,9 prósentum þann mánuð. Alls seldist 1,21 milljón bíla í apríl og er salan í ár með því komin í 4,85 milljónir bíla og heildaraukningin á árinu 8,1%. Er þetta lengsta vaxtartímabilið síðan ACEA hóf að taka saman tölur um selda bíla í Evrópu frá árinu 1990.

Mikill vöxtur frá árinu 2013

Sala bíla í Evrópu náði ákveðnu lágmarki árið 2013 og hefur verið stöðugur vöxtur síðan þá eftir tveggja áratuga samdrátt. Eins og undanfarna mánuði voru jeppar og jepplingar með vænan hluta sölnunnar og afar góð sala var í bílum eins og Renault Captur, BMW X5

og Jeep Renegade. Flestir bílaframleiðendur tilkynntu um ágætan vöxt í apríl. Volkswagen, stærsti framleiðandinn í Evrópu, var með 5,4% vöxt í Evrópu, 18,4% hjá Porsche, 9,5% hjá Skoda, 3,7% hjá Audi, en hjá Seat minnkaði salan um 1,1%. Hjá PSA/Peugeot-Citroën varð 5,8% vöxtur en aðeins 1,1% vöxtur var samt hjá Citroën-merkinu einu sér. Hjá Renault varð 15,3% vöxtur.

Jepp þrefaldar sölu í Evrópu

Hjá Ford varð 2,3% vöxtur í sölu, 5,7% hjá Opel/Vauxhall, 13% hjá Fiat/Chrysler og hjá Jeep-deild Chrysler varð þreföldun í sölu. Ekki gekk eins vel hjá sumum japönskum bílaframleiðendum en hjá Honda varð 25% minnkun

í sölu og 2,4% hjá Toyota. Nissan gekk öllu betur og seldi 9,3% betur en í fyrra, Hyundai 8,6% betur og Kia 6,8% betur.

Mini og Smart hjálpa BMW og Benz

BMW jók sölu um 12% og átti Mini-deild BMW mikinn þátt í því með 34% vöxt en BMW-bílar seldust 7,8% meira en í fyrra. Hjá Mercedes-Benz var sama uppi á teningnum, undirmerkið Smart seldi 56% betur en Mercedes-Benz-bílar 3% betur, samtals 7,8% aukin sala. Volvo náði 11% aukningu og Jaguar/Land Rover 17% aukningu. Mesta aukningin í einstökum landi varð á Ítalíu, eða 24%. Salan í Þýskalandi óx um 6,3%, í Bretlandi varð 5,1% aukning, 3,2% á Spáni og 2,3% í Frakklandi.



RANGE ROVER SPORT FLJÓTASTI JEPPINN

Þessi 550 hestafla jeppi fór Nürburgring-brautina á 8 mínútum og 14 sekúndum og sló við Porsche Macan Turbo.

Það er án efa alveg tilgangs-laust og jafnvel stórhættulegt að aka jeppa eins hratt og hann kemst, jafnvel þó að aksturinn fari fram á afgirtri keppnisbraut fjarri almennri bílaumferð. En það er nú einu sinni svo að í þessum flokki bíla, jeppaflokki, þarf að láta reyna á sömu lögmál og gilda um aðrar bílgerðir: Þetta snýst um akstursupplifun og löngun til að vita hvað bíllinn getur þegar mest á reynir.

Sameinar ólíka kosti

Vandlátustu bíleigendurnir vilja margir hverjir bíl sem sameinar ólíka kosti sem alla

jafna eru andstæðir pólar: Annars vegar mikla torfærugetu og hins vegar botnlausan kraft og þægindi. Og það er einmitt þetta sem hinn nýi Range Rover Sport sameinar að mati norska bílaþaðamannsins Knut Skogstad sem sagði á dögnum frá bíltúr akstursíþróttamanna framleiðandans á þýsku kappakstursbrautinni í Nürburgring. Þeir vildu komast að því hversu fljótur jeppinn yrði að fara hringinn, en Nürburgring er þekkt fyrir krefjandi aðstæður og er talin vera ein hættulegasta braut í heimi sem jafnframt er opin almenningi.

Fljótari en Porsche Macan Turbo

Bíllinn sem valinn var til tilraunarinnar var með fimm lítra V8-bensínvél sem skilar 550 hestöflum. Skemmst er frá því að segja að þeim tókst að komast hringinn á aðeins 8 mínútum og 14 sekúndum og var staðfest í kjölfarið að enginn fullvaxinn jeppi hefði verið jafn fljótur til þessa á Nürburgring. Að vísu var ekki um stórvægilegt met að ræða því aðeins munar einni sekúndu frá fyrra meti sem sett var á Porsche Macan Turbo. En niðurstaðan er sem sé sú að enn hefur engum jeppa í fullri stærð verið ekið hringinn í Nürburgring hraðar en Range Rover Sport.



BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



 3,4 l/100 km

 89 g/km



ÞARF AÐ VERA
SVONA DÝRT AÐ
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ
MÆLABORÐIÐ SÉ
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ
SÆTTA SIG VIÐ
SKELLUR OG RISPUR?

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

CITROËN C4 CACTUS FRUMSÝNDUR

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Ný og glæsileg
heimasíða

Skoðaðu citroen.is



Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Felgur.is
Gæðavottaðar álfelgur

FOLIATEC

Flott ljós
LED Perur

sérfræðingar í felgum

AXARHÖFÐA 16 5673322

Þú finnur kraftinn.

MEÐ **TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja.
Mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bildshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

40.000

FBL fréttapyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ

AUDI A3 E-TRON



1,4 L DÍSILVÉL + RAFMÓTOR
204 HESTÖFL
Framhjóladrif
Eyðsla: 1,5 l/100 km
í bl. akstri

Mengun: 35 g/km CO2
Hröðun: 7,6 sek.
Hámarkshraði: 222 km/klst.
Verð frá: 5.190.000 kr.
Umboð: Hekla



FRAMTÍÐIN Á KOSTAVERÐI

Audi A3 E-Tron hefur verið tekið með kostum og kynjum um allan heim og við reynsluakstur hans kemur það ekki mikið á óvart. Þarna er kominn frábær akstursbíl með mikið afl.

REYNSLUAKSTUR – AUDI A3 E-TRON

Finnur Thorlacius reynsluakstur

Að eiga fallegan lúxusbíl er gaman. Að eiga bíl sem gengur fyrir rafmagn er gaman. Að eiga öflugan bíl er gaman. Að spara megnið af því fé sem nú fer í eldsneyti er gaman. Því hlýtur því að vera gaman að eiga Audi A3 E-Tron og það merkilega er að það kostar minna en flestir myndu áætla. Audi A3 E-Tron er nýkominn til landsins, en hann er fyrsti bíll Audi sem bæði er með bensínvél og Plug-In-Hybrid-búnaði. Þessum bíl hefur verið tekið með kostum og kynjum um allan heim og við reynsluakstur hans kemur það ekki mikið á óvart. Þarna er kominn frábær akstursbíl með mikið afl sem afar ódýrt er að reka. Hann kostar 5.190.000 krónur og er því sáralítið dýrari en ódýrasta gerð Audi A3 með 125 hestafla vél og beinskjöttur, en hann kostar 4.740.000 kr. Merkilegt er að A3 E-Tron er ódýrari en 150 hestafla A3 með sömu vélinni og fylgir E-Tron-bílnum, en án rafmagnsmótoranna. Sá kostar 5.380.000 kr. Það sem útskýrir þetta lága verð á Audi A3 E-Tron er að hann fellur í flokk vörugjaldslausra bíla vegna sáralítillar koltvísýringismengunar, eða 35 g/km af CO₂.

Snöggur en eyðir aðeins 1,5 lítrum
Audi A3 E-Tron er með 1,4 lítra bensínvél með forþjöppu og orkar hún ein 150 hestöfl. Þessi smáa en aflmikla vél er aðeins 100

kíló og smíðuð úr áli. Er hún gott gengið langt í því að halda þessum bíl eins léttum og mögulegt er. Rafmótor bílsins vegur einnig óvenju lítið, eða 34 kíló. Hann er 99 hestöfl, en þegar þessar aflrásir eru lagðar saman skila þær 204 hestöflum. Það er býsna mikið fyrir ekki stærri bíl, enda er hann aðeins 7,6 sekúndur í 100 km hraða. Hámarkshraðinn er heldur ekki slorlegur, eða 222 km/klst. Uppgefin eldsneytiseyðsla bílsins er 1,5 lítrar, en hægðarleikur er að láta þennan bíl eyða nær aldrei bensíni þar sem hann kemst 50 fyrstu kílómetrana á rafmagninu eingöngu og fæstir aka meira en það á dag. Við vélbúnaðinn er tengd hin frábæra DSG-sjálfskipting Audi með tvöfaldri skiptingu og eins og í öðrum bílum Audi er hún einfaldlega alltaf í réttum gir. Allur þessi flotti búnaður í Audi A3 E-Tron hlýtur samt að vigta eitthvað og víst er það svo. Hann slagar hátt í 1.550 kíló, en strippaðasta gerð A3 vegur ríflega 1.200 kíló.

Lipur í akstri og langdrægur

Fyrir þessari þvingd ætti að finnast í akstri, en það er svo merkilegt hvað bíllinn virðist samt léttur í spori, þökk sé miklu aflinu og stífri fjöðrun sem eykur stöðugleika hans á vegi. Jafn gott er að aka þessari gerð A3 og öðrum gerðum og allt þetta afl kemur svo sem skemmtileg viðbót. Ótrúlega ljúft er að aka honum hljóðlausum á rafmagninu og það má gera allt upp í 130 km hraða, en fyrir ofan það kemur bensínvél

inn. Stjórna má því hvort bíllinn ekur um aðeins á rafmagninu eða með hjálp bensínvélarinnar, spara rafmagn til frekari átaka eða spara bensínið sem mest, enda er það hagkvæmast. Staðsetning rafmagnsinnstungunnar er skemmtileg, eða undir Audi-fjórhringjamerkinu á grilli bílsins. Fellur það til hliðar þegar hlaða á en innstungan sést ekki annars. Það er líka gott að hafa innstunguna að framan þar sem flestir leggja bílnum með nefið að bílskúrnum eða glugganum sem rafmagnssnúran er tekin frá. Það tekur 3 klukkustundir og 45 mínútur að fullhlaða rafhlöður bílsins og 2:15 ef um iðnaðarhleðslu er að ræða. Eldsneytistankurinn er 40 lítrar og með þessu er hægt að aka bílnum 940 kílómetra og það myndi því kosta um 9.000 krónur að aka svo langa leið, en enn minna ef bíllinn væri reglulega hlaðinn rafmagn á leiðinni.

Trodinn búnaði og á góðu veði

Audi A3 E-Tron er jafn huggulega búinn og hann er fríður að utan. Innréttingar Audi eru kunnar fyrir fegurð og það á einnig við hér. Leðursætin eru frábær með mjóbaksstuðningi og bíllinn er troðinn tækni-búnaði. Upp úr mælaborði hans sprettur 7 tommu skjár með leiðsögukerfi, aksturstölvu, og þar er stjórnað góðu hljóðkerfi bílsins með 10 hátölurum og tvöfaldrum miðstöð. Allar tengingar í nútímabílum eru til staðar, blátannarbúnaður og tengi fyrir USB og iPhone. Hiti er í framsetum, skynjari á loftþrýstingi hjólbarða, ljósa- og regnskynjari,

KEMUR Á ÓVART

- Staðsetning rafmagnsinnstungunnar í grillinu.
- Hve fágaður bíllinn er í akstri.
- Hversu lágt verð er á þessari útgáfu A3.

**LÍTIÐ SKOTTRÝMI**

- MIKIÐ AFL,
- LÍTIL EYÐSLA,
- LÁGT VERÐ



Start/Stop búnaður, rafdrifin handbremsa og miklu fleira sem búast má við í bíl frá Audi. Helsti ókostur þessa bíls er lítið skottrými, eða aðeins 280 lítrar. Erfitt er að bera þennan bíl saman við samkeppnina, en nærtækast er að bera hann við systurbíl sinn, Volkswagen Golf GTE, sem er einnig Plug-In-Hybrid-bíll, en stutt er í komu hans til lands-

ins og má búast við að hann verði verðlagður aðeins undir Audi A3 E-Tron. Í raun væri eðlilegra að bera hann saman við BMW i3 en alls óvíst er að BL muni selja hann hér á landi og verð hans því óljóst. En eins og sagði hér að ofan er þessi ný Audi A3 E-Tron á ferlega góðu verði ef hann er borinn saman við aðrar gerðir Audi A3-bílsins.

**300 Opel-bílar til Sixt**

Mikill uppgangur hefur verið hjá bílaleigunni Sixt. Að sögn Guðmundar Orra Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Sixt á Íslandi, hefur vöxtur fyrirtækisins undanfarin ár verið í góðu samræmi við stöðugan vöxt innan ferðaþjónustunnar. Sixt er með útleigustöðvar á tveimur stöðum, á Fiskislóð 18 í Reykjavík og við Leifstöð á Keflavíkurflugvelli. Einnig er skutluþjónusta á Reykjavík-urvelli.

500 nýir bílar í sumar

„Við leggjum mikið upp úr því að bjóða breiða þjónustulínu til að mæta þörfum markaðarins sem best, hvort sem það snýr að skammtímaleigu til ferðamanna eða langtímaleigu til einstaklinga eða fyrirtækja, en sá þáttur í starfsemi okkar hefur líka vaxið umtalsvert undanfarin ár og nú í haust munu sendibílar bætast í flotann okkar,“ segir Guðmundur. „Rekstraröryggi bílaleigubíla er lykilatriði og samsetning flotans okkar tekur mið af því. Nú erum við að taka inn 500 nýja bíla og þar af eru 300 bílar frá þýska gæðaframleiðandanum Opel, allt frá Opel Corsa upp í Insignia, sem er flaggskipið þeirra. Við viljum geta boðið öllum viðskiptavinum okkar upp á spennandi, hagkvæman og umfram allt áreiðanlegan kost og við teljum okkur ná því markmiði með því að bæta Opel í bílflotann hjá okkur.“ Bílaleigan Sixt er alþjóðleg bílaleigukeðja með höfuðstöðvar í München. Hún var stofnuð í Þýskalandi árið 1912 og starfar nú í yfir 100 löndum.

Gott úrval af notuðum bílum

PORSCHE Cayenne.
Skr. 07.2005, ekinn 118 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, dráttarbeisli o.fl.
Verð 2.980.000.
Rnr.100319.



SUZUKI Grand Vitara Premium.
Skr. 06.2010, ekinn 71 P.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 2.950.000.
Rnr.100102.



SUZUKI Splash GLS. Skr. 06.2010, ekinn 96 P.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.190.000.
Rnr.100915.



NISSAN X-Trail Sport. Skr. 12.2006, ekinn 162 P.KM, bensín, sjálfskiptur, sóllúga, dráttarbeisli.
Verð 1.490.000.
Rnr.100945.



SUZUKI Grand Vitara Premium.
Skr. 06.2014, ekinn 38 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.950.000.
Rnr.100888.



SUZUKI Splash GLS. Skr. 02.2012, ekinn 32 P.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.490.000.
Rnr.100923.



SUZUKI Jimny JLX.
Skr. 06.2011, ekinn 87 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.250.000.
Rnr.100825.



NISSAN Qashqai SE.
Skr. 04.2011, ekinn 106 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.100.000.
Rnr.100848.



M.BENZ C230 K Coupe.
Árgerð 2004, ekinn 84 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl.
Verð 1.750.000.
Rnr.100655.

**SUZUKI**

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið



Vandi Tavares að gera Citroën-DS að lúxusmerki

Forstjóra PSA/Peugeot-Citroën, Carlos Tavares, er vandi á höndum að gera DS-bíla fyrirtækisins að alvöru lúxusbílamerki í samkeppninni við þýska lúxusbíla. Tavares gerði DS-bíla að sérstöku bílamerki undir PSA-samstæðunni í fyrra og blés þá mikinn í lúðra. Var merkið þá aðgreint frá öðrum Citroën-bílum fyrirtækisins. Frá því hefur sala þessara bíla reyndar minnkað um 3,4% á meðan sala PSA-samstæðunnar allrar hefur aukist um 4,3%. Ekki góð byrjun þar.

Sala DS-bíla er ekki mikil samanborið við sölu þýsku lúxusbíla BMW, Audi, Mercedes Benz og Porsche en heildarsalan í fyrra var 118.472 bílar. Tavares segir að ástæðan fyrir minni sölu í fyrra en árið 2013 sé skortur á nýjum gerðum DS-bíla. Vill hann meina að tilvist DS-bíla sem sjálfstæðrar einingar sé fjárfesting í framtíðinni og nú sé unnið hörðum höndum að hönnun nýrra bíla sem bera muni DS-merkið. Fyrirtækinu muni lukkast að keppa við Audi og virðist Tavares sjá Audi sem það merki sem verðugast sé að keppa við með DS-bílunum.

Tavares segir að á endanum muni fólk sjá DS-bíla í sama ljósi og aðra tískuframleiðslu Frakka, fatnað, mat, vín, skartgrip og snyrtivörur. Það þurfi bara að gefa DS tíma. Ekki eru allir sam-mála þessu og telja að það muni reynast þrautin þyngrri að skapa lúxusbílalínu upp úr engu. PSA sýndi völdum aðilum nokkra DS-hugmyndabíla í París í mars og vakti útlit þeirra lukku en sumum fannst þeir sjá of mikið af stolnum línum frá Audi, BMW og Infinity í þessum bílum og að þeir hefðu ekkert heildarútlit sem skapaði eðlilega heild bílamerkis.



Metsala hjá Kia í Evrópu í apríl

Kia Motors náði frábærum árangri í Evrópu í apríl sl. Suðurkóreski bílaframleiðandinn seldi alls 33.602 bíla í mánuðinum og hefur aldrei áður í sögu fyrirtækisins selt svo marga bíla í Evrópu í aprílmánuði. Kia seldi 7,4% fleiri bíla í álfunni í apríl í ár en á sama tíma í fyrra. Nýjar gerðir af Kia Sorento og Kia Rio hafa selst mjög vel og þá hefur rafbíllinn Kia Soul EV einnig farið mjög vel stað í sölu.

„Kia heldur áfram að eflast í Evrópu og við höfum náð frábærum árangri á fyrstu mánuðum ársins í Evrópu. Við höfum raunar aldrei náð jafn mikilli sölu í byrjun árs í sögu fyrirtækisins. Það er afar ánægjulegt að sjá nýjustu gerðir Kia-bíla fara fram úr okkar eigin söluáætlunum. Skilaboðin eru skýr að okkar mati. Evrópskir neytendur heillast meira og meira af gæðum og hönnun Kia-bíla. Það sýnir sig á sölutölunum,“ segir Michael Cole, framkvæmdastjóri Kia Motors í Evrópu.

Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bílaumboðinu Öskju, tekur undir þetta og segir að gengi Kia hér á landi hafi verið framúrskarandi á þessu ári sem og á undanförunum misserum. „Kia var mest seldi bíllinn á Íslandi í mars sl. og árið hefur farið mjög vel af stað hvað varðar sölu. Markaðshlutdeild Kia er nú 10,7% sem gerir Kia að næstsöluhæsta merkinu á Íslandi það sem af er ári. Við erum búin að selja jafn marga bíla núna og allt árið 2013, eða rúmlega 600 bíla,“ segir Þorgeir.

2014.02.25 LPMPD
Lexus NX300h



LEXUS NX300h Í BOÐI MEÐ FRAMHJÓLADRIFI

Enn eykst framboðið á Lexus NX-jeppanum og sá ódýrasti með drif á einum öxli. Er sá ódýrasti í breiðri línu NX.

Það færast sífellt í aukana hjá bílaframleiðendum að jeppingar þeirra séu í boði aðeins með framhjóladrifi, en ekki fjórhjóladrifi. Þeim fer enda fjölgandi kaupendunum sem velja jeppinga sína þannig, enda eru þeir flestir miklu ódýrari þannig. Mjög margir jepplingarnir sjá aldrei malarvegi eða ófærð þar sem kaupendur þeirra eru að sækjast eftir hárrí sætisstöðu og miklu plássí, fremur en drifgetu. Einn þessara jeppinga er Lexus NX300h sem Lexus á Íslandi hefur nýlega hafið að bjóða með framhjóladrifi. Hann fæst á 8.290.000 krónur og sparast með því 400.000 kr. frá ódýrustu fjórhjóladrifgerð bílsins. Vélbúnaður bílsins er sá sami, þ.e. 200 hestafla 2,5 lítra bensínvél og rafmótorar sem endurheimta hamlunarorku bílsins (Hybrid).

Sneggri og eyðslugrenni með framhjóladrifi

Þessi aflrás skilar fjórhjóladrifs-

bílunum í 100 km hraða á 9,2 sekúndum en þar sem sá framhjóladrifi er nokkru léttari gerist þetta á 8,4 sekúndum. Eyðsla framdrifna bílsins er örlítið minni, eða 5,0 lítrar á móti 5,1 í fjórhjóladrifsbílnum. Í reynsluakstri bílsins með framhjóladrifu sýndi hann oftast um 7,5 lítra svo ekki nær hann uppgefinni eyðslu fremur en flestir aðrir bílar, enda var aksturinn oft frísklegur. Í raun er 7,5 lítra eyðsla á þetta stórum bíl nokkuð viðunandi. Lexusinn er mjög ljúfur í akstri en hann á nokkuð í land með fimi bestu lúxusjeppinganna við átök. Ávallt þegar lagt er af stað á bílnum notar hann eingöngu rafmagnnið og aksturinn því hljóðlátur í fyrstu, en það stendur ekki lengi og þarf bíllinn yfirleitt að notast við brunavélina mjög fljótlega. Enda er ekki mikið rafmagn til staðar þar sem ekki er hægt að stinga honum í samband

og hlaða rafhlöður hans. Afl rafmótoranna nýtist samt oftar en í upphafi aksturs því afl þeirra bætist oft skemmtilega við ef rafhlöðurnar hafa endurheimt næga hamlunarorku.

Mjög góð framsæti og snotur innrétting

Eins og í öðrum gerðum þessa snotra bíls er innréttingin ríkulæg að hætti Lexus. Framsæti hans eru frábær og aftursætin góð. Allur frágangur að innan er til fyrirmyndar og efnisnotkunin hugguleg. Farangursrýmið er ári stórt og hentugt til ferðalaga. Með Lexus NX er kominn frumlega hannaður bíll sem sker sig úr fjöldanum, er afar þægilegur í umgengni og státar eins og aðrir Lexus-bílar af fádæma áreiðanleika og lágrí bilanatíðni. En þeir sem eru að leita eftir jeppingum með meiri aksturshæfni ættu einnig að skoða aðra lúxusjeppinga.

SUBARU WRX STI SIGRAÐI Í SÍNUM FLOKKI

Í 24 stunda aksturskeppni í Nürburgring-brautinni.

Subaru WRX STI sigraði í sínum flokki (SP3T) í 24 klukkustunda aksturskeppni á Nürburgring-kappakstursbrautinni í Þýskalandi, sem stóð yfir dagana 14. til 17. maí. Ökuteymi Subaru var á ráspól að loknum tímátökum sem fóru fram dagana 14. og 15. maí og tók forystu í keppninni strax í upphafi. Teymið hélt forystunni allt til loka eftir 143 hringi, samtals 3.629 km akstur.

12 hringjum á undan næsta bíl

Í endamarki átti sá bíll sem næstur kom í sama flokki eftir að aka 12 hringi til að klára keppnina. Af öllum bílum sem kepptu í misunandi flokkum var Subaru í 18. sæti af 151 bíl í keppninni, sem er besti árangur Subaru til þessa. Subaru STI hefur undanfarið átta ár alltaf lokið keppni á Nürburgring og var sigur liðsins sá þriðji en liðið sigraði einnig í sínum flokki árin 2011 og 2012.



Mikilvægt til þróunar

Sigurinn á Nürburgring staðfestir að aldrifsbíllinn Subaru WRX STI er fullkomlega fær um að taka þátt í keppnum á brautum á borð við Nürburgring sem er ein erfiðasta keppnisbraut heims sem opin er almenningi. Frábær árangur öku-

manna Subaru í akstursíþróttakeppnum um allan heim er mikilvægur þróunardeild Subaru sem nýtir margvislega reynslu og prófanir ökuteymanna þegar lögð er lokahönd á endanlegar útfærslur á bílum Subaru áður en bílarnir fara á almennan markað.



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Opel Corsa

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.



Ný Corsa

Snjallasti bíllinn í bænum

Það er komin ný Corsa og hún er bráðsnjöll. Hún er fánleg vel græjuð fyrir fólk sem vill vera í góðu sambandi öllum stundum. Þú tengir símann þinn og spilar uppáhalds tónlistina þína í gegnum Bluetooth. En Bluetooth er bara einn kosturinn við Corsa – þú getur fengið þá miklu fleiri.

Kynntu þér Opel Corsa á opel.is eða á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Bíllámynd er Corsa Enjoy fimm ógla. Bíllabúð Benna oskilar sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Bíll með fyrirvara um texta og myndabreytingu.

**Bílabúð
Benna**

Sérfræðingar í bílum



Bíllabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bíllabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

VOLVO V40
CROSS COUNTRY1,6 L DÍLSÍVÉL, 115 HESTÖFL
FramhjóladrifEyðsla: 4,1 l/100 km
í bl. akstriMengun: 108 g/km CO₂
Hröðun: 11,9 sek.
Hámarkshraði: 190 km/klst.
Verð frá: 4.530.000 kr.
Umboð: BrimborgLÍTIÐ
SKOTTRÝMI
LÁGSTEMMD
INNRETTINGLÍTIL EYÐSLA,
ÞÆGILEGUR Í
AKSTRI,
LÁGT VERÐ

HÆFUR LÚXUSBÍLL Á FLOTTU VERÐI

Stendur 4 sentimetrum hærra frá vegi en hefðbundinn Volvo V40 og því er hann mun hæfari til utanvegaaksturs.

REYNSLUAKSTUR – VOLVO V40
CROSS COUNTRY

Finnur Thorlacius reynsluekur

Volvo kom fram með V40-bílinn árið 2012 og leysti hann af S40-bílinn og strax árið eftir kom Cross Country-útfærsla hans. Nú er þessi bíll kominn andlitslyftur og var hann kynnur hérlendis rétt fyrir síðustu áramót. Allar Cross Country-útfærslur Volvo-bíla standa hærra á vegi og eru með harðgerðara útlit. Það á líka við V40 Cross Country. Hann er með öðruvísi og grófgerðari stuðrum að framan og aftan, öðruvísi grilli, langbogum á þakinu og hliðarspeglar bílsins eru svartir. Ennfremur eru dekkinn stærri og felgurnar 19 tommu. Á hliðunum ber mest á breytingunni á hlífðarbrettum. Mestu munar þó um aukna veghæð bílsins, en hann stendur 4 sentimetrum hærra frá vegi en hefðbundinn V40 og því er hann mun hæfari til utanvegaaksturs, rétt eins og allar Cross Country-gerðir Volvo. Það var góð tilfinning að vera á slíkum bíl við reynsluakstur sem leiddi langleiðina að Kirkjubæjarklaustri og fól meðal annars í sér akstur á malarvegum. Ekki minnkaði öryggistilfinningin við þá vitneskju að þessi bíll er öruggasti bíll í heimi samkvæmt mælingum EuroNCAP.

Hefði farið yfir 1.000 km á tankfylli

Volvo V40 Cross Country með 1,6 lítra dísilvél er alger spari-grís og sannaðist það í reynsluakstrinum. Í honum voru eknir ríflega 500 kílómetrar og tankurinn var enn ríflega hálfur af dísilolíu. Uppgefin eyðsla er 4,1 lítri sjálfskiptur og það sannadist, því í langakstri var hann að eyða ennþá minna. Hæglega hefði verið hægt að fara yfir 1.000 kílómetra á tankfyllinni. Þessi pena dísilvél er ekki nema 115 hestöfl en tog hennar er 285 Nm og því er hann furðu sjaldan vélarvana. Reyndi ágætlega á hana þegar markmiðið var að halda honum sem næst þriggja stafa tölu upp Kambana og fór hann létt með það og togaði hún bílinn upp áreynslulaust án þess að vera sífelld að skipta sér niður. Það er í raun fyndið að aka lúxusbíl með svo litla hestafla-tölu, en þessi vél á samt svo mikinn rétt á sér í þessum bíl sökum þessarar sáralitlu eyðslu og vegna þess að hún dugar bílnum oftast og margir ökumenn gera ekki kröfur um meira afl. Ekki er hins vegar mjög spennandi að gefa bílnum inn, hvort sem það er úr kyrrstöðu eða á ferð, en þá þarf að bíða dável eftir einhverju upptaki sem finnst almennilega fyrir. Það er ekki á sama tíma gefið og tekið í þessum fræðum, en vel má setta sig við þessa vél með sínum kostum.

Beinskiptur fremur en sjálfskiptur

Sjálfskiptingin sem tengd er við þessa vél er ekki sú liprasta og kom stundum á óvart hvenær hún var að skipta sér og með enn betri sjálfskiptingu væri vafalaust hægt að fá meira út úr þessari vél. Því leiðir það



hugann að því að betra væri að velja hann með beinskiptingu og það sem réttlætir það val enn frekar er að þá er hann hálfri milljón ódýrari og kostar 4.530.000 í stað 5.030.000 kr. Auk þess er uppgæfin eyðsla þess beinskipta 3,8 lítrar. Að mati greinarritara er bæði skemmtilegra og hentugra að hafa ekki stærri bíl en þetta með beinskiptingu og sú útfærsla yrði alltaf fyrir valinu hvað þennan bíl varðar. Volvo V40 Cross Country má fá með 190 hestafli dísilvél og fær hann þá stafina D4 að aftan, en með henni er þessi fremur netti bíll vafalaust sem raketta. Með þeirri vél kostar bíllinn 5.520.000 kr. beinskiptur og 6.020.000 kr. sjálfskiptur. Hann er ekki í boði með bensínvél hér á landi og má að mörgu leyti furða sig á því að engin gerð Volvo-bíla býðst hérlendis með bensínvél.

Lágstemmd innréttung en gott verð

Að innan er Volvo V40 Cross Country snyrtilegur bíll, en þar skortir samt þá lúxustilfinningu sem gjarnan má finna í þýskum samkeppnisbílum hans. Innréttungar Volvo eru alla jafna fremur lágstemmdar og sú tilfinning læddist að mér að kominn væri tími á uppfarlsu þessarar. Framsætin eru engu að síður frábær og ekki fannst fyrir þreytu við langan akstur. Einn af ókostum þessa bíls þar sem hann á að vera fær um að glíma við erfðari vegi á ferðalögum er hve lítið skottrými hans er, eða aðeins 335 lítrar. Akstur bílsins var í raun mjög ánægjulegur og eiginleikar bílsins einkar góðir. Innanbæjar er hann afar lipur og finnst gaman að fara hratt í beygjur. Bíllinn er fremur stífur á fjöðrun og því ræður hann vel



við að láta henda sér til og missir seint veggrip. Í utanbæjarakstri er hann ekki síður þægilegur og það viljugur að sífelld þarf að horfa á hraðamælningu til að vera ekki kominn í kast við lögin. Ekkert finnst fyrir hraðanum og bíllinn ágætlega einangraður.

Ekki heyrðist einu sinni mikið í vetrardekkjunum sem hann var ennþá á. Verð Volvo V40 Cross Country er lágt en erfitt að bera hann saman við aðra lúxusbíla í sama stærðarflokki. Nærtækast er samt að taka til BMW X1-jepplinginn, sem fæst

á 6.990.000 sjálfskiptur, Mercedes Benz GLA á 5.910.000 kr. og Audi Q3 á 7.490.000 kr. Allir eru þessir bílar þó stærri en Volvo V40 Cross Country og með nokkru hærri sætisstöðu. Þeir eru líka með stærri og öflugri vélar.

KFC KYNNIR



FIRE FORCE 3

KAPELLUHRAUN
FIMMTUDAGINN 4. JÚNÍ

TRYGGÐU
ÞÉR MIÐA Á
MIÐI.IS

10.000 HESTÖFL · ÞOTUVÉL · HRADI: 500 KM/KLST



AÐ TILFNI 40 ÁRA AFMÆLIS KVARTMÍLUKLÚBBSINS VERÐUR

AFMÆLISSÝNING Í EGILSSHÖLL 5. - 7. JÚNÍ

SÝNINGIN ER OPIN
FÖSTUDAG KL. 18 – 22
LAUGARDAG KL. 10 – 22
SUNNUDAG KL. 10 – 17



ADGANGSEYRIR Á SÝNINGU Í EGILSSHÖLL - 5. - 7. JÚNÍ
1.500 KR.
FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI Í FYLGD MED FULLORDNUM

ADGANGSEYRIR Á FIRE FORCE - 4. JÚNÍ
3.500 KR.
MIÐSALA EINUNGIS Á MIÐI.IS - EKKI VIÐ INNGANGINN

40 ÁRA  AFMÆLI

Renault með 600.000 króna bíl á Indlandsmarkað

Þó að Nissan hafi mislukkast að markaðssetja mjög ódýran bíl á Indlandi, sem þeir settu Datsun-merkið á, ætlar Renault að reyna það sama. Það sem gæti þó riðið baggamuninn er að þessi bíll er miklu betur búinn og verður til að mynda með öryggispúðum og leiðsögukerfi. Bíllinn mun heita því einkennilega nafni Kwid og kosta aðeins 600.000 krónur á Indlandi. Suzuki býður reyndar ódýrari bíl en þetta en Suzuki

Alto kostar þar aðeins 500.000 krónur en Suzuki hefur lukkast gríðarvel að selja bíla á Indlandi og er einn stærsti bílasalinn þar í landi. Renault ætlar að byrja að selja Kwid í september á þessu ári. Datsun-bíllinn, sem heitir Go, hefur aðeins selst í 16.000 eintökum frá því Nissan hóf sölu hans á síðasta ári en það er minni sala en Suzuki Alto nær í hverjum mánuði. Renault ætlar að taka Indlandsmarkaðinn með

trompi og ætlar að vera komið með 280 sölustaði Renault-bíla strax á næsta ári, en er nú með 157 sölustaði. Tata Motors á Indlandi hefur einnig reynt að markaðssetja Nano-bíl sinn í heimalandinu en hefur ekki náð þeirri miklu sölu sem fyrirtækið stefndi að og nýjasta útspil þeirra er að bjóða Nano-bíllinn með sjálfskiptingu á ríflega 500.000 krónur.



BMW ákveður smíði X2-jepplings

Stjórn BMW hefur samþykkt framleiðslu X2-jepplings sem keppa á við Range Rover Evoque-bíllinn. Lögum bílsins verður í ætt við X4- og X6-bíla sem eru með háum afturenda. Svo virðist sem BMW sé langt komið með hönnun bílsins þar sem hann fer í prófanir eftir nokkrar vikur. Bíllinn mun koma í sölu árið 2017 að sögn bílatímaritsins Autocar. BMW X2 verður byggður á sama undirvagni og næsta kynslóð X1-jepplingsins og hins nýja BMW 2 Active Tourer. BMW ætlar með þessum bíl að svara Audi og Mercedes Benz sem einnig eru að fjölga jepplingum sínum og jeppum. Hörð barátta er á milli þessara þriggja þýsku lúxus-bílaframleiðenda um hver þeirra selur flesta bíla og ætlar BMW ekki að gefa neitt eftir í þessum slag og veðjar eins og svo margur bílaframleiðandinn í dag á vinsældir jepplinga. BMW X2 verður fyrst sýndur almenningi á bílasýningunni í Genf í mars á næsta ári, að sögn Autocar.



Eru Volvo-menn yfirmáta bjartsýnir?

Volvo er nú að byggja bílaverksmiðju í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum þar sem hægt verður að smíða 100.000 bíla á ári. Í fyrra seldi Volvo aðeins 56.000 bíla í Bandaríkjunum og í því ljósi virðast þessi áform Volvo nokkuð brött. Sagan sefar þó þær efasemdaraddir sem heyrst hafa um áform Volvo því bæði BMW og Mercedes Benz gerðu einmitt það sama fyrir tveimur áratugum og Volvo gerir nú. Bæði fyrirtækin reistu verksmiðjur í Bandaríkjunum með framleiðslugetu langt yfir árssölu þeirra þá í Bandaríkjunum. Sala bíla þeirra vestra jókst stórum skrefum uppfrá því. Vonandi gerist það einnig með Volvo-bíla upp frá þessu.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



GRÍPUR MEIRA EN ATHYGLINA



Fabia - nýi verðlaunagripurinn frá ŠKODA

Þér á eftir að líka vel við ŠKODA Fabia. Glæsileg hönnunin nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að ŠKODA Fabia skyldi vera valinn bíll ársins af WhatCar? og hljóta Red Dot hönnunarverðlaunin 2015. Komdu og prófaðu nýjan ŠKODA Fabia. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins
2.290.000 kr.



F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

Lágmúla 4 108 Reykjavík

569 7000
www.miklaborg.isÓskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Próstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634 Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307 Atli S. Sigvarðsson sölufulltrúi Sími: 899 1178 Davíð Jónsson sölufulltrúi Sími: 697 3080 Hilmar Jónasson sölufulltrúi Sími: 695 9500 Þórunn Pálsdóttir sölufulltrúi Sími: 773 6000 Svan G. Guðlaugsson sölufulltrúi Sími: 697 9300 Helgi Jónsson sölufulltrúi Sími: 780 2700 Jónrunn Skúladóttir sölufulltrúi Sími: 845 8958 Páll Þórólfsen sölufulltrúi Sími: 893 9929 Jason Ólafsson sölufulltrúi Sími: 775 1515 Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856 Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali Sími: 6955520



Kötlufell

3ja herbergja
Stærð 78,1 fm
Fallegt útsýni
Yfirbyggðar svalir

Nánar: Hilmar 695 9500 Verð: **22,3 millj.**Sogsbakki
Grimsnesi

Heilsárshús fáanlegt með öllu innbúi.
4 svefnherbergi.
Gólfhiti. Glæsileg eign.
Heitur pottur.
Vandaðar innréttingar.

Nánar: Jason 775 1515 Verð: **59,9 millj.**

Langalína 17

Glæsileg íbúð á jarðhæð, 139 fm
3 svefnherbergi Vönduð gólfefni
Sérsmíðaðar innréttingar Falleg lýsing
Sólpallur Stæði í bílakjallara
Fjölskylduhverfi

Nánar: Jason 775 1515 Verð: **55,9 millj.**

Ásbúð

Fallegt 227,4 fm einbýlishús á þremur
pöllum. Stórar stofur, endurnýjað eldhús og
baðherbergi 5-6 svefnherbergi, tvöfaldur
innbyggður bílskúr. Mjög stór og skjólsæl lóð
með miklum gróðri og sólpalli.

Nánar: Svan 697 9300 Verð: **71,9 millj.**

Urriðakvísl

Glæsilegt 233,7 fm einbýli á tveimur hæðum
Efri hæð er með fjórum svefnherbergjum
Á neðri hæð er stofa, eldhús og borðstofa
Bjartur og sérstæður bílskúr með geymsluofti
Gróinn og fallegur garður með sólpalli

Nánar: Davíð 697 3080 Verð: **76,6 millj.**

Kambasel

80 fm íbúð á jarðhæð
Sérinngangur
Stór afgirtur garður og merkt stæði
2-3 svefnherbergi
Útgengi út í garð í íbúð

Nánar: Jason 775 1515 Verð: **25,9 millj.**

Porrásalir

Nýjar, vandaðar íbúðir í 2ja og 3ja hæða húsi
Íbúðirnar eru 85-125 fm og 3-4 herbergja
Sérinngangur, vandaðar innréttingar
Frábært útivistarsvæði í nágrenninu

Nánar: Hilmar 695 9500 Verð frá: **31,9 millj.**

OPIN HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG



Austurströnd 6

4ra herb kl 17:00 - 17:45 Nánar: Ólafur 822 2307



Skipalón 20

50 ára+ kl 17:00 - 17:45 Nánar: Davíð 697 3080



Tunguvegur 15

4ra herb kl 17:30 - 18:00 Nánar: Jónrunn 845 8958



Eyjabakki 6

3ra herb kl 17:30 - 18:00 Nánar: Svan 697 9300



Línakur 1

4ra herb kl 18:00 - 18:30 Nánar: Hilmar 695 9500



Álftahólar 8

2ja herb kl 18:00 - 18:30 Nánar: Davíð 697 3080



Melabraut 5

Sérhæð kl 18:00 - 18:45 Nánar: Ólafur 822 2307

nánari upplýsingar á miklaborg.is



Mánatún 17

2ja herbergja íbúð á 3ju hæð.
Svalir til suðausturs.
Íbúð án gólfefna

Nánar: Jason 775 1515 Verð: **35,1 millj.**

Vindakór

4ra herbergja íbúð með útsýni.
Veglegar innréttingar og flott gólfefni
Stæði í bílageymslu.

Nánar: Jason 775 1515 Verð: **36,9 millj.**

OPIN HÚS

miðvikudaginn 3.júní kl.18:30-19:00

Skeljagrandi 2
2 hæð

Falleg og endurgerð íbúð á 2. hæð
100 fm íbúð auk 20 fm geymslu
3 svefnherbergi.
Stæði í bílageymslu
Geymsla með eldhúskrók og baðherbergi

Verð: **40,9 millj.**Nánari upplýsingar veitir:
Jason Ólafsson, sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is sími: 775 1515

Hávallagata

Falleg 2ja herbergja íbúð að stærð 56,3 fm
Á fyrstu hæð/fimm íbúða húsi
Eldhús og baðherbergi hafa verið endurnýjuð
Hús í góðu viðhaldi
Frábær staðsetning 101 Reykjavík

Nánar: Jónrunn 845 8958 Verð: **28,7 millj.**

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Harley Davidson Touring Electra Glide 7/2006 ek.23þús. 1650cc. 96 hö. Hlaðið aukabúnaði. LÆKKAD VERÐ 2.590.000.- Rnr.104461

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Leaf SL Árgæð 2013. Ekinn 16þ.km. Ssk. Leður o.m.fl.. 2 ár eftir af ábyrgð. Er á staðnum. Verð 3.390.000kr. Raðnr 156890. Sjá nánar á www.stora.is.

Óskum eftir bílum á staðinn. Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?


Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

ASKJA NOTADIR BÍLAR



HONDA Accord. Árgæð 2013, ekinn 30 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 3.390.000. Rnr.161391.



BMW 320d f30 sportline. Árgæð 2014, ekinn 9 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.990959.



MERCEDES-BENZ B 180 CDI blue efficiency. Árgæð 2014, ekinn 6 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990996.



Kia Sportage EX 4wd. Árgæð 2013, ekinn 63 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.240633. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

TOPPBÍLAR



HYUNDAI Getz gls. Árgæð 2008, ekinn 154 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.190.000.-TILBOÐ 890.000.stg Rnr.286634.

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

hjól.is

bestir í hjólum...



GLÆSILEGT HJÓL
YAMAHA Xjr1300. Árgæð 2008, ekinn 8 þ.km besta Verð 1.050.000. Rnr.124853. vísalán í boði

hjól.is
Sími: 577 4565
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!
www.hjol.is

HEIMSBÍLAR



M.BENZ Sprinter 313 cdi háþekja. Árgæð 2006, ekinn 162 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.290.000. Rnr.323059. Háþekja, ný smurður, webasto miðstöð. innréttaður að innan, með hillum úr áli, einnig sniðugur sem húsbílaefni

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

100 bílar.is



Nissan Leaf Acenta 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eign 4 stk í mismunandi litum- Verð 3790þús er á staðnum. Raðnr 151734



BMW 520D M-SPORT F1 2014 ek 3 þkm, sjsk Hlaðinn aukabúnaði - M-Sport - Alcantara sport innrétting - Pessi er rosalegur, er á staðnum. Verð 9800 þús, raðnr 119425.

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

SUZUKI



Rafmagnsfjallareihjólín vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reihjól sem henta vel fyrir Íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

bíll.is

bestir í bílum...



KLÁR Í VATNIÐ
TOMADOO 530 open nýr 60 hö mercury mótör Verð 3.980.000. með vsk Rnr.138451 Er á staðnum sími 6952015

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is


J.R.BÍLASALAN

BÍLDHÖFÐA 5, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



MAN N15 10.180 4 x 2 bl. Árgæð 2006, ekinn 392 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.900.000 + VSK. Rnr.156268.

JR Bílasala
Bíldshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
www.jrbilar.is



Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líklegu heilbrigðum börn eiga rættu



BÍLL DAGSINS !!!
AUDI A6 avant. Árgæð 2013, ekinn 19 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum Verð 7.990.000. Rnr.114322.

Nýja bílahöllin
Eirihöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu



KAUPUM BÍLA
HÆRRA UPPÍTÖKURVERÐ
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Hyundai Trajet.2006.Dísel.ssk. 7 manna. sk.16. Einn eigandi, smur bók. Snúningstólar. Ek 433. Verð 550þ. Uppl S: 8680106

500-999 þús.



BMW - TILBOÐ 550 ÞÚS
BMW 3 árg 2000 ek.172 þús,1900 sjálfskiptur, 16" álfelgur ofl. ný skoðaður 16, ásett verð 990 þús smá nudd á bílstjórahúrið fæst á 550 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



FRÁBÆR FJÖLSK. BÍLL.
TILBOÐ 690 ÞÚS
FORD FOCUS C-MAX 2004 ek.148 þús, ný skoðaður 16, ný kúpling, ný dekk ofl.dráttarkrókur, rúmgöður og skemtilegur fjölskyldubíll ásett verð 850 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

Mótorhjól

Ítalskir cross-hjálmar
Verð aðeins 29.000,-
Kletthálsi 3
sími 540 4900
www.yamaha.is

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333

Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL

ALLT AÐ 32% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ. VERÐ NÚ FRÁ 119.000,- TAKMARKAD MAGN.

EL - BIKE.IS

Bindir & stál ehf. Hvaleyrarbraut 39 220 Hafnarf. S. 864 9265

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



Víkurlífi 6 • 203 Kópavogur Sími 557 7720 • vikurverk.is

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÓNSK GÆÐI!

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalítillir Sparneytnir
Hljóðlátir 2,5-140 hð

Miðbraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá asú og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Garðþjónusta
Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 517 5900

GARÐAÞJÓNUSTA
REYKJAVÍKUR
S. 777-8100
Fæðu fagmenn i verkið

FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR

Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLARAMEISTARI

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

MÁLNINGI

Alhliða málningarpjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

MARKMIÐ
VERKTAKAR

ALHLIÐA
FASTEIGNAVIÐHALD

Smiðavinna • Pípulagnir
Raflagnir • Málningavinna
Múrviðgerðir • Flisalagnir
Hellulagnir • Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér
að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Parketslípun
sólþallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

99%
RYKFRITT

Spádómar

Símapá, fortið, nútíð, framtíð. Tímap. í S. 891 8727 Stella.

908 1888

Spásími Daddýar

661 3839 - SÍMASPÁ

Opíð frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskípti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þöfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

KEYPT & SELT

Til sölu

Hágæða sláttutraktórar



Verð frá 300.000 m/vsk.



Vetrarsól ehf. Askalind 4 • Kópavogi • S 564 1884

Matseðlar og borðstandar



Samskipti annast uppsetningu, prentun og hönnun matseðla, borðstanda. Sími:5807820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

VENTS

Ekkert SUPA!

bjzzzz

Hljóðlátar viftur frá 8.990

Hljóðlátu baðvifturnar

viftur.is -og allir aukahlutirnir líka

1983 - 2013
30
ára reynsla

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata

Barkablásari
Mjög öflugir blásarar sem henta þar sem þarf hröð loftskípti.
Tilboð frá 34.990

Rörablásari
Öflugir plastblásarar Hagkvæm lausn.
Tilboð frá 12.990

Útsog
Mjög öflugir blásarar sem koma með veðurhlíf.
Tilboð frá 29.990

fasteignir



Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Ólafsgesli 95

Glæsilegt hönnunarhús

Einbýlishús að stærð 233,8 m²
Tveggja hæða/ Mikið útsýni
Foss við innganginn
Golfvöllur handan götunar

Verð: **65,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



Til sölu



STUBBAHÚS.IS
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Óskast keypt

**STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

Opíð mán - lau 11-17,
Kringlan - 3. hæð
(Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr.
Spörum gjaldeyri. Heiðarleg
viðskipti. Aðeins í verslun okkar
Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698
8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112.
Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

SKÓLAR &
NÁMSKEIÐ

Námskeið

SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sigla seglskútu, kænu
eða kjölbát. Námskeið fyrir börn
og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf
og aksturmat. S. 893 1560 og 587
0102, Páll Andrésón.

HEIMILIÐ

Dýrahald

YNDISLEGIR HVOLPAR
SVART/SILFUR

Hreindræktaðir Dverg Schnauzer
hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu.
Tilb. til afh. 05. júní Uppl. í s. 897
6229.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a
room price from 55.000 kr. per
month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU Á AÐEINS
950 KR FM!

Kistumelar 16, 116 Reykjavík
165 - 280 fm bíl með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir,
göð malbikuð lóð og greið
aðkoma.

Uppl. veitir Hafsteinn í
s. 690-3031

Einstaklings íbúð í 109, alger
reglusemi, skammtíma leiga. Uppl. í
síma 6946137

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU Í AUÐBREKKU -
MEÐ INNKEYRSLUDYRUM

318 fm hæð með innkeyrsludyrum.
350 þús. 97,9 fm bílskúr. 130 þús.
Uppl. í síma 897 9743

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr
mán. Langtímasamningur í boði. S.
567 4046 & 892 0808.

SUMARTILBOÐ

GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og
sendum. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m².
Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Jói Fel

FRAMTÍÐARSTARFI!

Pökkun hjá Jóa Fel Holtagöðrum.
Vinnutími frá kl. 05-13:00 +
laugardaga, íslensku kunnátta
skilyrði.

Vinsamlega sendið umsókn á
linda@joifel.is og í s. 863 7579



KORNIÐ

Starfsfólk óskast í Kornid bakarí.
Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

VÉLAVERKSTÆÐI

Vanur maður eða lagtækur óskast
við viðgerðir og smíðar. Góð laun
í boði.

Skólamaður kemur einnig til
greina.

Umsóknir sendist á
thjonusta@365.is ásamt
símanúmeri og upplýsingar
merkt: "Vélaverkstæði"

KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR

Óskar eftir starfsmanni í eldhús.
Viðkomandi þarf að vera með
reynslu af matreiðslu og geta
unnið undir álagi. Unnið er á
kukkavöktum. Ráðið verður í
starfið strax.

Umsóknir berist á
10dropar@gmail.com.



HARPA

Austurhlið Hörpu

Einstakt rými til útleigu

Einstakt rými, fullfrágengið, er til útleigu í austurhlið
Hörpu fyrir aðila sem hyggur á sjálfstæðan rekstur.
Reksturinn þarf að tengjast hlutverki Hörpu, þ.e.
vera á sviði tónlistar, menningar, ferðamennsku eða
ráðstefnuhalds. Til ráðstöfunar eru tæplega 600 m²
innréttað og fyrsta flokks rými á 3., 4. og 5. hæð.

Við val verða styrkleiki þjónustu og/eða vöru, þekking,
reynsla, geta, viðskiptaáætlun og tryggingar lögð til
grundvallar. Einungis aðilar sem hafa haldgóða reynslu
af rekstri koma til greina.

Umsóknnum ásamt viðskiptaáætlun skal skila
í móttöku Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík,
eigi síðar en kl. 14:00 mánudaginn 22. júní 2015,
merktum: Harpa – rekstrarleyfi í austurhlið.

Nánari upplýsingar veitir aðstoðarmaður forstjóra,
Hulda Kristín Magnúsdóttir,
með netfangið: huldakristin@harpa.is.

www.harpa.is




STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!



NÚ EINNIG Í HLJÓMAHÖLLINNI 12. JÚNÍ OG HOFI 13. JÚNÍ
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12 Á TIX.IS, MIDI.IS, HLJOMAHOLL.IS OG MENNINGARHUS.IS



ÖRFÁIR MIÐAR LAUSIR Í HÖRPU



1. ÚT Á STOPPISTÖÐ 2. STRAX Í DAG 3. TÆTUM OG TRYLLUM 4. SHE BROKE MY HEART 5. GIV MIG ET BILLEDE 6. Í BLÁUM SKUGGA 7. FLJÚGÐU



8. SÖNGUR DÝRANNA Í TÝRÓL 9. Á SPÁNI 10. GEFÐU OKKUR GRID 11. ANDAFUNDURINN MIKLI 12. SUMAR Á SÝRLANDI 13. DAGUR AÐ RÍSA

40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
PLÖTUNNAR SUMAR Á SÝRLANDI
Í ELDBORGARSAL HÖRPU

5. JÚNÍ KL. 20 – UPPSELT
5. JÚNÍ KL. 23 OG 6. JÚNÍ KL. 20

MIÐASALA Á **HARPA.IS, TIX.IS** OG Í **MIÐASÖLU HÖRPU**


SÉRSTAKIR GESTIR: EGGERT ÞORLEIFSSON SEM DÚDDI, ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR (SEM HÚN SJÁLF, STÍNA STUÐ, STEINKA BJARNA O.FL.), STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR, ELÍSABET EYÞÓRSDÓTTIR, ANDRI ÓLAFSSON OG ARNAR INGI SEM MEÐLIMIR STUÐMENNSKU SÖNGSVEITARINNAR. ARI BRAGI KÁRASON OG JÓEL PÁLSSON SEM MEÐLIMIR Í LÚÐRÁVERKI SVEITALÝÐSINS.

ATH: Í TÍLEFNI ÚTGÁFUSTÓRAFMÆLIS SUMARS Á SÝRLANDI GEFUR SENA ÚT PLÖTUNA ENDURUNNA 1. JÚNÍ Á FYRSTA FLOKKS VÍNYL!

Veðurspá

Priðjudagur

Í dag lítur út fyrir áframhaldandi norðanátt, en helst er að finna skjól syðst á landinu. Það er kalt fyrir norðan og í fyrrið og í morgun snjóaði á fjallvegi, en á láglandi er útlit fyrir rigningu eða slyddu. Ökutæki á sumardekkjum gætu því lent í vandræðum einkum á fjöllum. Sunnan til ætí hann að hanga þurr, og það kólnar lítið eitt frá því í gær.



Miðvikudagur

| Staður | Veður | Stærð | Hitastigi |
|----------------|-------|-------|-----------|
| Reykjavík | Ský | 9 | 9° |
| Ísafjörður | Ský | 0 | 0° |
| Akureyri | Ský | 1 | 1° |
| Egilsstaðir | Ský | 2 | 2° |
| Kirkjubæjarkl. | Ský | 11 | 11° |
| Hveravellir | Ský | 1 | 1° |

Fimmtudagur

| Staður | Veður | Stærð | Hitastigi |
|----------------|-------|-------|-----------|
| Reykjavík | Ský | 7 | 7° |
| Ísafjörður | Ský | 1 | 1° |
| Akureyri | Ský | 2 | 2° |
| Egilsstaðir | Ský | 2 | 2° |
| Kirkjubæjarkl. | Ský | 6 | 6° |
| Hveravellir | Ský | 0 | 0° |

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. bættu við, 6. eftir hádegi, 8. sægur, 9. dá, 11. frú, 12. langt op, 14. fót mál, 16. drykkur, 17. fjallaskarð, 18. kjáni, 20. núna, 21. kvenfílik.

LÓÐRÉTT

1. starf, 3. umhverfis, 4. örvandi efni, 5. dýrahljóð, 7. holdýr, 10. verkur, 13. ískur, 15. skraut, 16. skaði, 19. á fæti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. Juku, 6. eh, 8. mor, 9. rot, 11. fr, 12. klauf, 14. skref, 16. te, 17. gill, 18. ap, 20. nú, 21. plis.
LÓÐRÉTT: 1. verk, 3. um, 4. kofein, 5. ur, 7. hoisepl, 10. tak, 13. urg, 15. flur, 19. il, 21. tap.

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



SKÁK

Gunnar Björnsson

Priðjudagurinn, 2. júní 2015

Óskar Víkingur Davíðsson (1.654) hafði svart gegn Gauta Páli Jónssyni (1.936) á Meistararnóti Skáksskóla Íslands.

Svartur á leik

24...Rh1+! 25. Hxh1 Dg3+ 26. Ke2 Dg2+ 27. Kd3 Dxh1 28. Rd5? (28. Dd1 leysir flest vandamál hvíts) 28...h3! (hirðir ekki um skiptamunstap) 29. Rf6+ Kg7 30. Rxe8+ Hxe8 31. Kc3 h2 32. Kb2 Dg1 33. Bc2 h1D og svartur vann skömmu síðar.



www.skak.is: Ný skákstig.

heimkaup.is

RISAÚTSALA!

Gerð bestu raftækjakaup sumarsins á vefnum!

35,000,-
afsláttur

40" LG ULTRA HD
VERÐ ÁÐUR
~~129.990,-~~
94.990,-

4K
sjónvarp!

HEIMKAUP

Smáratorgi 3 · Kópavogi · 550 2700

Nú versla Íslendingar á netinu... á Heimkaup.is!

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

SUDOKU

| LÉTT | | | | | MIDLUNGS | | | | | PUNG | | | | | | |
|------|---|---|---|---|----------|---|---|---|--|------|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 9 | 4 | | | 2 | | | | | 2 | 8 | | | 6 |
| | 3 | | 5 | | | | | | | 7 | 5 | | | 8 | | |
| 9 | | | 2 | 1 | | | | 8 | | 2 | | | 1 | 4 | | |
| | 8 | 3 | | | 6 | 7 | | | | 1 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | | | | 2 | | | 4 | | | | 4 | | | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | 5 | 9 | | | | 4 | 6 | | | | 3 | |
| | | 8 | | 3 | 2 | | 9 | | | 7 | | 6 | | 8 | 3 | |
| | | | | | | 2 | 5 | | | 9 | 1 | | 8 | | | |
| 4 | 6 | | 1 | | | | 7 | | | | 2 | 7 | 9 | | | |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 9 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 3 | 5 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 | 8 | 9 | 6 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 1 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 9 | 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 5 | 3 | 9 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 | 4 | 5 | 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 7 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 7 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 4 | 3 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 4 | 6 | 9 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 2 | 9 | 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 5 |

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

SECRET×SOLSTICE×2015

DAGUR ALLA NÓTTINA × LAUGARDALUR × REYKJAVÍK × 19.-21. JÚNÍ

WU-TANG CLAN [US]

FKA TWIGS [UK] CHARLES BRADLEY [US]

KELIS [US] THE WAILERS [JM] GUSGUS [IS]

MØ [DK] FLIGHT FACILITIES [AU] HAM [IS]

HJÁLMAR [IS] HERCULES & LOVE AFFAIR [US]

NIGHTMARES ON WAX LIVE [UK]

Í STAFRÓFSRÖÐ

AGENT FRESCO [IS] BAM MARGERA'S EARTH ROCKER / FFU [US]

FM BELFAST [IS] FOREIGN BEGGARS [UK] GÍSLI PÁLMI [IS]

GREEN VELVET [US] GUTI LIVE [AR] HEIDI [UK] HELGI BJÖRNS [IS]

KINK LIVE [BG] MISS KITTIN [US] MOODYMANN [US] MUGISON [IS]

NICK CURLY [DE] RETRO STEFSON [IS] ROUTE 94 [UK] SKREAM [UK]

STORMZY [UK] SUBMOTION ORCHESTRA [UK] ZERO 7 DJ [UK]

TOTALLY ENORMOUS EXTINGUISHED DINOSAURS DJ [UK]

ANUSHKA [UK] ARTWORK [UK] BERNDSEN [IS] BLAZ ROCA [IS] DANIEL AVERY [UK]

DETROIT SWINDLE [NL] DIKTA [IS] DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP [IS] DROOG [US] ENSÍMI [IS]

EMMSJÉ GAUTI [IS] EROL ALKAN [UK] FOX TRAIN SAFARI [IS] HALLELUWAH [IS]

JAVI BORA [ES] JASPER JAMES [UK] JÚNÍUS MEYVANT [IS] KLOSE ONE [UK] LEDFOOT [US]

LEON VYNEHALL [UK] DJ MARGEIR [IS] SAMARIS [IS] SERGE DEVANT [US] SINISTARR [US]

ÚLFUR ÚLFUR [IS] VALDIMAR [IS] WANKELMUT [DE]

7 BERG [IS] ALVIA ISLANDIA [IS] ARKIR [IS] AXEL FLÓVENT [IS] BENNY CRESPO'S GANG [IS] BENSOL [IS] BONES [CA]

BORG DJ [IS] CHEDDY CARTER [IS] CLASS B [IS] CASANOVA [IS] EGILL TINY [IS] FRÍMANN [IS] GEIMFARAR [IS]

GERVÍSYKUR [IS] GHOST CULTURE [UK] HIDDEN PEOPLE [IS] INTROBEATZ LIVE [IS] KAMERA [UK] KIAT [IS] KILO [IS]

KIRIYAMA FAMILY [IS] KSF [IS] KÆLAN MIKLA [IS] LAGAFFE TALES DJ [IS] LAFONTAINE LIVE [IS] LÁRA RÚNARS [IS]

LILY THE KID [IS] MELLA DEE [UK] MÁNI ORRASON [IS] MÆLGINN [IS] PANDA [UK] REYKJAVÍKURDÆTUR [IS]

RIX [IS] RVK DNB [IS] SESAR A [IS] SHADES OF REYKJAVÍK [IS] SHAMAN SHAWARMA [IS] STURLA ATLAS [IS]

STURLE DAGSLAND [DK] STEINDÓR JÓNSSON [IS] TETRIZ TAKEOVER [IS] UNI STEFSON [IS] VALBY BRÆÐUR [IS]

VIO [IS] WONKERS [IS] YAMAHO [IS] YOUNG KARIN [IS] ÞRÍÐJA HÆÐIN [IS] OG FLEIRI OG FLEIRI ...

HVAR VERÐUR ÞÚ ÞEGAR SUMARIÐ NÆR HÁMARKI?
MIÐASALA Á TIX.IS, Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK




SECRETSOLSTICE.IS

#SECRETSOLSTICE



Trend

Derhúfur, hattar og bönd
Derhúfur, barðastórir hattar, húfur og alls kyns bönd og kransar úr öllum áttum hafa átt upp á pallborðið undanfarin misseri og ekkert lát virðist þar á. Einkar heppilegt trend fyrir okkur Íslendinga þar sem lognið flýttir sér iðulega hraðar en góðu hófi gegnir. Hvort sem það er Bershka eða Chanel sem tyllt er á kollinn, er það iðulega fullkominn punktur yfir heildarútlits-i-ð.



Ragnheiður í skiptum fyrir aðra Ragnheiði

Gísli Pálmi handþrykkti sjálfur merki Glacier Mafia á boli sem verða til sölu á fimmtudaginn.

Rappariinn Gísli Pálmi heldur útgáfutónleika sína í Gamla bíói á fimmtudaginn og í tilefni af því hefur hann sjálfur búið til boli sem verða til sölu á tónleikunum. „Ég vildi hafa þetta persónulegt, allt í sambandi við þessa tónleika. Ég vann sjálfur að þessum bolum, að plaggötum og límíðum. Ég hef til dæmis sjálfur hengt upp auglýsingar fyrir tónleikana. Ég hef líka notið góðs stuðnings vina minna í Glacier Mafia,“ útskýrir Gísli.

Eins og sjá má er merki Glacier Mafia á bolunum og handþrykkti Gísli sjálfur merkið á þá. Ragnheiður Jónsdóttir, prófastur úr Vatnsmýri, sem er líklega þekktust meðal almennings fyrir að prýða fimm þúsund króna seðilinn, er greinileg fyrirmynd merkis Glacier Mafia. „Mér finnst bara mikilvægt að maður geri svona hluti sjálfur og þurfi ekki að treysta á einhver fyrirtæki að gera

svona fyrir sig. Allt sem við höfum gert fyrir þessa tónleika er handgert, af mér og mínum. Ég fékk til dæmis gamla „graff-krúíð“ mitt, CMF, til þess að hjálpa mér við vinnuna á lögnum.“

Undirbúningur fyrir útgáfutónleikana er nú á fullu. „Þetta verða lengstu tónleikar sem ég hef haldið,“ útskýrir Gísli og bætir við: „Ég mun flytja plötuna í heild sinni og með því.“ Plata Gísla Pálma, sem ber einfaldlega titilinn Gísli Pálmi, hefur vakið gríðarlega athygli síðan hún kom út í síðasta mánuði. Platan sló sölumet hjá Smekkleysu og hefur fengið glimrandi dóma. Beðið er eftir útgáfutónleikunum með eftirvæntingu. Auk Gísla Pálma munu Egill Tiny og Sölvi Blöndal úr Quarashi, sveitirnar Gervisykur og Vaginaboys og söngvarinn Sutla Atlas koma fram.

Bolirnir sem verða til sölu á tónleikunum eru

gæðabolir, eins og Gísli útskýrir. „Við ákváðum að kaupa inn dýrari boli. Við tókum „fitted boli“ sem eru síðari og flottari. Þetta endist líka miklu betur en þessir ódýru bolir sem prentað er á. Hérna, finndu efnið,“ segir Gísli og réttir blaðamanni einn bol. Óhætt er að staðfesta að bolurinn sé úr gæðaefni sem var mjúkt viðkomu. Og þegar blaðamaður spyr Gísla Pálma um verðið á bolnum er svarið stutt og einfalt: „Ragnheiður í skiptum fyrir Ragnheiði.“ Tónleikarnir verða í Gamla bíói á fimmtudag og er húsið opnað klukkan 21. Enn er hægt að fá miða á vefsíðunni tix.is og í Smekkleysu á Laugavegi.

kjartanatli@frettabladid.is



Í BOLNUM Hér má sjá Gísla Pálma í bol sem hann gerði sjálfur.

Mercedes-Benz

Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir



Mercedes-Benz

C 200 CDI



Árgerð 2011, ekinn 49 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 136 hö.

Búnaður: Avantgarde pakki, metallic lakk, parktronic nálgunarvarar, sóllúga, speglapakki, Bluetooth símkerfi, hiti í framsætum, leðurstýri o.fl.

Verð 4.790.000 kr.

B 220 4MATIC



Árgerð 2014, ekinn 6 þús. km, sjálfskiptur, bensín, 184 hö.

Búnaður: 16" álfelgur, bakkmyndavél, rafstýrt bílstjóra-sæti með minnisstillingum, krómpakki að utan, Bluetooth símkerfi, leðurstýri, árekstrarvörn o.fl.

Verð 5.990.000 kr.

E 200 CDI



Árgerð 2014, ekinn 16 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 136 hö.

Búnaður: Parktronic, hlíf undir vél, nálgunarvarar, Avantgarde pakki, hiti í framsætum, leðurstýri, Bluetooth símkerfi, árekstrarvörn o.fl.

Verð 7.490.000 kr.

GLK 220 CDI 4MATIC



Árgerð 2014, ekinn 25 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.

Búnaður: Minnispakki fyrir sæti og stýri, Parktronic með nálægðarskynjurum, rafdrifinn afturhleri, leðuráklæði, skyggðar rúður, Torfærupakki, dráttarbeiðslu, inniljósopakki, krómpakki að utan o.fl.

Verð 7.490.000 kr.



Bílafármögnun Landsbankans

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is
Opíð virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16



NOTAÐIR BÍLAR

Mikill heiður að vera valin

Teiknarinn Linda Ólafsdóttir fékk heiðursverðlaun frá Norræna vatnslitafélaginu.

Á hverju ári veita Norræna vatnslitasamtökin á Norðurlöndunum einum listamanni verðlaun og í ár var Linda Ólafsdóttir myndskreytir valin. „Þetta eru mjög virt og flott verðlaun og það er bara einn Íslendingur sem hefur fengið þau áður,“ segir Linda, sem lærði myndskreytingu í San Francisco. Í framhaldinu gerði hún samning við stóra umboðs-skrifstofu í Bandaríkjunum, Red Fox Literary.

„Þeir eru með myndskreyta

fyrir barnabækur á sínum snærum og til þess að komast eitthvað áfram í þessum bransa þá verður þú að hafa umboðsmann,“ segir Linda. Hún vonast til þess að samningurinn og viðurkenningin komi henni áfram í sínu fagi. Þessa dagana er Linda að vinna að nokkrum verkefnum, ásamt því að vinna að sinni eigin sögu.

„Hingað til hef ég bara verið að skreyta fyrir aðra, en nú er ég farin að skrifa meira. Það er meira frelsi í að skreyta sína

”**Þetta eru mjög virt og flott verðlaun.**

eigin sögu, en það er vissulega líka gott að þurfa bara að bera ábyrgð á myndunum.“ Eftir að hún myndskreytti fyrir bók á Bandaríkjamarkaði er auðveldara fyrir hana að koma sér á framfæri. „Það er svo frábært að það skiptir engu máli hvar þú býrð, maður vinnur í gegnum netið sem gerir manni kleift að vinna með þeim bestu.“

- asi



SEMUR EIGIN SÖGU Þessa stundina er Linda að vinna að eigin sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



NOKKUÐ BRATTUR McCartney tekur hlutverk sitt sem fyrirmynd barna sinna og barnabarna alvarlega, og ræktar kroppinn sem aldrei fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTO

Afar reykja sko ekki maíjúana

Paul McCartney, Bítillinn góði, sagði frá því í viðtali við Daily Mail á dögunum að hann væri alveg hættur að kveikja sér í jónu.

Sagði hann slíkar maríjúana-reykingar ekki boðlegar þegar menn væru orðnir fedur, og hvað þá afar. Þá þyrftu menn nefnilega að standa í stykkinu sem fyrirmyndir.

McCartney sagðist íðulega hafa fengið sér eina þegar hann var strákur í London, áhyggjulaus og sprellandi. Það væri hins vegar ekki svoleiðis í dag.

Upplýsti popparinn í sama viðtali að sjálfur Bob Dylan hefði kynnt hann fyrir reykingunum árið 1964. Mikið vatn sé runnið til sjávar, nú sé hann sjötú og tveggja og þá sé eins gott að huga að heilsunni.

Tók McCartney jafnframt fram að hann væri býsna hraustur þó hann segði sjálfur frá og hóf að þylja upp ansi aðdáunarverða ræktarrútinu. Ku hann vera ansi lunkinn á hlaupabrettinu, stundar kviðæfingar með svissneskum boltum og teygir svo rækilega á. Að jafnaði bregður hann sér svo í höfuðstöðu í um fimm mínútur, sem kraftlyftingamennirnir allt um kring dauðöfunda hann af. „Ég lyfti sko ekki þungu, þeir sjá um það, og verða svo grænir af öfund þegar ég hef þraukað í höfuðstöðunni í rúmar fimm mínútur,“ sagði McCartney nokkuð grobbinn.

Þá þótti honum gráupplagt að benda áhugasömum á að þegar hann gerði vel við sig, fengi hann sér rauðvínsdreitil eða glas af margarítu. Já, það má með sanni segja að Bítillinn hætti ekkert að vera töff.

HALTU ÞÉR UNGLEGGRI. BYRJAÐU NÚNA.

DayWear
Ekkert kemst nálægt sannreyndum andoxunaráhrifum*

Veitir vörn gegn öllum helstu gerðum af sindurefnum sem elda húðina. Dregur sjáanlega úr fyrstu merkjum öldrunar, þannig að unglegt útlit helst lengur.

25% AFSLÁTTUR*

*prófanir sýna að okkar Super Anti-Oxidant Complex er áhrifaríkari en mikið notuð andoxunarefni eins og Alpha-lipoic acid, Kinetin, Vitamin C, Vitamin E, Coenzyme Q10, Idebenone.

ESTÉE LAUDER DayWear Moisture Creme SPF 15 AND SHEER TINT SPF 15

ESTÉE LAUDER

*25% afsláttur af öllum kremum í Daywear línunni þriðjudag og miðvikudag í Lyfju Lág múla, Smáratorgi og Selfossi.

LYFJA
- Lifið heil

Auga þitt er lampi líkamans. Þegar auga þitt er heilt þá er og allur líkami þinn bjartur en sé það spillt þá er og líkami þinn dimmur. **Gætt þú þess að ljósið í þér sé ekki myrkt.**

www.versdagsins.is

SAMBIÓIN SAMbio.is

GEORGE CLOONEY
TOMORROWLAND
A WORLD BEYOND

MAD MAX

ETHAN HAWKE
GOOD KILL

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

| ALFABAKKA | EGILSHÖLL |
|--|-------------------------------------|
| TOMORROWLAND kl. 5:20 - 6:20 - 8 - 10:40 | TOMORROWLAND kl. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GOOD KILL kl. 8 - 10:55 | GOOD KILL kl. 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D kl. 9 | MAD MAX: FURY ROAD 3D kl. 8 - 10:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D kl. 5:20 - 8 - 10:40 | MAD MAX: FURY ROAD 2D kl. 5:30 - 9 |
| MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D kl. 5:20 - 8 - 10:40 | HOT PURSUIT kl. 6 |
| THE WATER DIVINER kl. 5:30 | AVENGERS 2 2D kl. 6 - 10:20 |
| AVENGERS 2 2D kl. 5 - 8 | TOMORROWLAND kl. 5:20 - 8 - 10 |
| CHILD 44 kl. 10:20 | TOMORROWLAND kl. 5:20 - 8 - 10:40 |
| TOMORROWLAND kl. 5:20 - 8 | MAD MAX: FURY ROAD 3D kl. 10:40 |
| GOOD KILL kl. 10:20 | MAD MAX: FURY ROAD 2D kl. 6 - 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D kl. 10:40 | HOT PURSUIT kl. 6 - 8 |
| PITCH PERFECT 2 kl. 8 | TOMORROWLAND kl. 5 - 8 |
| LOKSINS HEIM kl. 2d kl. 6 | GOOD KILL kl. 10:40 |
| | MAD MAX: FURY ROAD 3D kl. 8 - 10:40 |
| | AVENGERS 2 2D kl. 5 |

PRÍÐJUDAGS TILBOÐ I DAG

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

HRÚTAR

[SPOOKS]
THE GREATER GOOD

PITCH PERFECT 2

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

midi.is
Miðala og nánari upplýsingar

MAD MAX

PITCH PERFECT 2

HRÚTAR

TOMORROWLAND
A WORLD BEYOND

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|-----------------|----------------|
| TOMORROWLAND | 5:25, 8, 10:35 |
| HRÚTAR | 6 |
| PITCH PERFECT 2 | 5:30, 8, 10:30 |
| MAD MAX 3D | 8, 10:30 |

Góða skemmtun í bíó



MÁN.-FÖS. 2.-15. JÚNÍ

TYRANT Á GULLSTÖÐINNI Í JÚNÍ

VERTU KLÁR Í NÆSTU SERÍU

Gullstöðin er hluti af Skemmtipakkanum



Pað styttist í aðra seríu af hinum vinsælu Tyrant en þættirnir verða sýndir á Stöð 2 í sumar. Þangað til bjóðum við þér að hita upp með því að horfa á alla fyrstu seríuna á Gullstöðinni.

365.is | Sími 1817

365



ÁHUGAVERÐ Parinu leiðist athyglin ekki, og tilkynnti um fjölgun innan fjölskyldunnar á skjánum á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Kim og Kanye fjölga

Heimsbyggðin hefur þegar dregið fram spákúlurnar.

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og rapparinn Kanye West tilkynntu umheiminum að von væri á erfingja í þættinum Keeping up with the Kardashians á sunnudaginn.

Má með sanni segja að vefmiðlar hafi logað síðan, en heimsbyggðin var meðvituð um að hjónakornin væru að reyna að eignast annað barn og illa gengi.

Saman eiga þau dótturina North West og vakti nafnið á barninu heilmikla athygli og sumum þótti það sniðugt.

Eðli málsins samkvæmt hafa netheimar því farið aftur af stað og velta fyrir sér nafni systkinis litlu North, en ekki er vitað hvors kyns barnið er.

Twitter hefur tekið rækilega við sér, og er Kim, líkt og svo oft áður, meðal heitustu umræðuefna á miðlinum.

Hafa netverjar nokkuð einsleita hugmynd um nafnavalið og er nafnið South West langvinsælast, en þar á eftir kemur nafnið Wild West. Þetta verður gríðarlega spennandi.

Vantar fleiri kvenhlutverk

Óskarsverðlaunaleikkonan Reece Witherspoon bauð karlrembum kvikmyndabransans birginn er hún steig í pontu Produced By-ráðstefnunnar í Los Angeles fyrir skemmstu.

Lét hún gamminn geisa um hve erfitt væri fyrir konur að næla sér í bitastæð hlutverk, þau væru einfaldlega af afar skornum skammti þar sem flest væri skrifað fyrir karla.

„Við konur erum fimmtíu prósent mannkyns, og mér þætti ekki óeðlilegt að við endurspegluðum það í kvikmyndum. Það er engin klikkun að fara fram á það, einfaldlega endurspeglun á raunveruleikanum,“ segir Witherspoon pikkföst á sínu.



TVÖ GÓÐ Ekki vantar beinið í nefið á Witherspoon, en hér sést hún með Philip Seymour Hoffman heitnum, bæði með Óskar. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS



FRUMSÝND 10. JÚNÍ

FORSALA HAFIN Á *midi.is*,  Miðl OG *SAMbio.is*

URBAN

Coca-Cola

Ragnar áfram í Rússlandi

FÓTBOLTI Árbæingurinn Ragnar Sigurðsson framlengdi í gær samning sinn við rússneska úrvalsdeildarfélagið Krasnodar til ársins 2018. Ragnar hefur leikið með félaginu síðan í janúar í fyrra og var fastamaður í liðinu á nýafstöðnu tímabili, er hann skoraði eitt mark í 26 leikjum.

Ragnar verður 32 ára gamall þegar samningurinn rennur út en hann á þegar að baki níu ár í atvinnumenskunni. Hann hóf ferilinn með Fylki hér á landi en fór fyrst til IFK Gautaborgar í Svíþjóð, svo FC Kaupmannahafnar í Danmörku árið 2011 og svo Krasnodar þremur árum síðar.

Hann er lykilmáður í íslenska landsliðinu og á að baki 44 leiki með A-landsliði Íslands og eitt mark.

- esá

ÚRSLIT

PEPSI-DEILD KVENNA

KR - ÞÓR/KA 2-4
0-1 Klara Lindberg, 1-1 Sigrún Birta Kristinsdóttir (12.), 1-2 Sandra María Jessen (34.), 1-3 Klara Lindberg (49.), 2-3 Chelsea Leiva (62.), 2-4 Sandra María Jessen (76.).

AFTURELDING - ÍBV 0-3
0-1 Kristín Erna Sigurlásdóttir (33.), 0-2 Sabrína Lind Adolfsdóttir, víti (48.), 0-3 Shaneka Jodian Gordon, víti (65.).

FYLKIR - BREIÐABLÍK 0-4
0-1 Rákel Hönnudóttir (15.), 0-2 Fannís Friðriksdóttir (21.), 0-3 Telma Hjaltalín Prastardóttir (56.), 0-4 Alda Kara Lúðvíksdóttir (79.).

| STADAN | | | | | |
|-------------|---|---|---|---|---------|
| Breiðablik | 4 | 3 | 1 | 0 | 15-2 10 |
| Þór/KA | 4 | 3 | 1 | 0 | 13-5 10 |
| Valur | 3 | 3 | 0 | 0 | 11-1 9 |
| ÍBV | 4 | 2 | 1 | 1 | 7-4 7 |
| Stjarnan | 5 | 2 | 0 | 1 | 6-2 6 |
| Selfoss | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-5 6 |
| Fylkir | 4 | 1 | 0 | 3 | 3-11 3 |
| KR | 4 | 0 | 1 | 3 | 3-11 1 |
| Próttur | 3 | 0 | 0 | 3 | 0-9 0 |
| Afturelding | 4 | 0 | 0 | 4 | 3-16 0 |

NÆSTU LEIKIR
Stjarnan - Valur í kvöld kl. 19.15
Selfoss - Próttur í kvöld kl. 19.15

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins

Geng mjög stoltur frá borði

Aron Kristjánsson kvaddi danska félagið KIF Kolding um nýliðna helgi með því að gera liðið að meisturum annað árið í röð. Nú taka við tvö landsliðsverkefni og svo er framtíðin algerlega óráðin hjá þjálfaranum.

HANDBOLTI „Það var alveg frábært að enda þetta svona. Þetta er búinn að vera virkilega góður tími og ekki hægt að enda þetta betur,“ segir Aron Kristjánsson en hann stýrði KIF Kolding til danska meistaratílsins á sunnudag.

Þetta er annar titill félagsins í röð undir stjórn Arons. Hann var líka að stýra Kolding í síðasta sinn enda var það frágengið fyrir nokkru að hann myndi láta af störfum hjá félaginu eftir tímabilið.

Kolding tapaði seinni úrslitaleiknum gegn Skjern, 21-20, en hafði unnið fyrri leikinn með sex mörkum, 30-24, og var aldrei hætta á öðru í seinni leiknum en að lið Arons myndi klára dæmið.

„Við lentum í smá meiðslum í leiknum en náðum samt að klára þetta örugglega. Vörnin var frábær og Kasper Hvidt öflugur í markinu.“

Þetta var mjög spes

Þetta voru sérstakir úrslitaleikir fyrir Aron enda var hann leikmaður Skjern er það vann sinn fyrsta titil árið 1999. Hann þjálfaði liðið síðan í þrjú ár.

„Þetta var mjög spes enda á ég mikið af vinum í Skjern. Það gaf þessu aðeins aukalega. Er við unnum titilinn með Skjern árið 1999 þá lögðum við einmitt Kolding í úrslitum,“ segir Aron en hann gengur eðlilega stoltur frá borði eftir að hafa unnið frábært starf fyrir Kolding.

„Ég er mjög stoltur og ánægður með það sem ég afrekaði hjá félaginu. Það gekk líka mikið á hjá okkur í vetur vegna meiðsla. Þess vegna varð ég meðal annars að kalla á Ólaf Stefánsson. Breiddin var ekki mikil á álagstímum eins og þegar við vorum að berjast í Meistaradeildinni. Það var samt gott að rísa aftur upp frá því og klára titilinn með stæl.“

Það verða nokkrar breytingar á liðinu milli ára. Aron fer sem og sænska stórskyttan Kim Anderson. Konstantin Igrópulo kemur í hans stað. Lasse Boesen er síðan



SIGURREIFUR Aron hefur náð frábærum árangri með danska liðið Kolding en þrátt fyrir að hafa náð góðum árangri með Kolding og landsliðið er framtíð þjálfarans í óvissu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

að leggja skóna á hilluna. Gamli stríðshestar eins og Kasper Hvidt og Lars Jørgensen halda áfram.

Enn í viðræðum við HSI

Eins og alþjóð veit er Aron einnig að þjálfra íslenska landsliðið en það er alls óvíst hvort hann heldur áfram með liðið eftir leiki landsliðsins um miðjan mánuðinn. Sérstök staða fyrir nýkrýndan danskan meistara sem gæti staðið uppi atvinnulaus í lok mánaðarins.

„Ég hef verið í viðræðum við HSI síðustu vikur en þær viðræður voru lagðar á hilluna meðan úrslitaleikirnir fóru fram í Danmörku,“ segir Aron en hann flaug heim á dögum til þess að ræða við forráðamenn HSI en enginn botn hefur fengist í viðræðurnar það sem af er.

„Það fer væntanlega eitthvað að skýrast í þessu en það er alls ekki útilokað að ég haldi áfram með landsliðið.“

henry@frettabladid.is

„Það fer væntanlega eitthvað að skýrast í þessu en það er alls ekki útilokað að ég haldi áfram með landsliðið.“

Aron Kristjánsson.

Stærra fyrir okkur en ÓL fyrir Kína

Smáþjóðaleikarnir voru settir í gærkvöldi með pomp og prakt í Laugardalshöll.

SMÁÞJÓÐALEIKAR Sextánda Smáþjóðaleikarnir voru settir í gærkvöldi í Laugardalshöll þar sem opunarhátíðin fór fram. Þetta er í annað sinn sem Ísland er gestgjafinn, en síðast fór mótið fram hér á landi árið 1997. Keppni hefst nú í fyrramálið, en skotfímifólk fer af stað klukkan 9.00 og og klukkutíma síðar hefst keppni í tennis, borðtennis og í sundi. Frítt er inn á alla viðburði.

„Það eru tæplega 800 keppendur á mótinu og með fylgdarmönnum og dómurum eru þetta um 1.500 manns,“ segir Ragna Ingólfsdóttir, kynningarstjóri Íþrótt- og Ólympíusambandsins, við Fréttablaðið.

Fyrir utan keppendur þarf auðvitað sjálfboðaliða til að halda utan um mótið, en skráning til þessa tókst frábærlega.

„Þegar við lokuðum skráningu vorum við nánast komin með þann fjölda sem við vonuðumst eftir sem eru 1.200 manns. Það eru margir búnir að vinna síðan í apríl og hafa verið alveg virkilega öflugir,“ segir Ragna.

Nóg er einnig að gera hjá starfsfólkinu í aðdraganda leikanna. „Þetta hefur verið erfitt en tekst vonandi vel. Það er búið að undirbúa þetta í tvö og hálf ár þannig stressið er ekkert klikkað. En það þarf að ganga frá ýmsum lausum endum.“

Lokaundirbúningurinn hefur gengið vel, segir Ragna, en met



FRÍÐUR HÓPUR Ísland á stóran hóp á Smáþjóðaleikumunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

var sett í að flytja allt íþróttafólkið og fararstjóra til landsins.

„Það gekk alveg þvífíkt vel. Það voru aðeins sex tóskur sem týndust, en talað var sérstaklega um að það væri nýtt met,“ segir Ragna og hlær.

Ragna var lengi vel langfremsti badmintonspilari landsins og Ólympíufari, en hún tók við starfi kynningarfulltrúa ÍSÍ fyrir einu ári.

„Það er talað um að ég sé komin með 7-8 ára reynslu eftir að hafa staðið í þessum undirbúningi. Þetta er náttúrulega alveg rísa-

stórt verkefni. Það var einhver um daginn sem reiknaði það út að þetta væri stærra verkefni fyrir Ísland heldur en Ólympíuleikarnir voru fyrir Kína þegar liðið er á mannafla og kostnað,“ segir Ragna.

Hún vonast auðvitað til að íslenska íþróttafólkið vinni til sem flestra verðlauna.

„Við erum komin niður í annað sætið á verðlaunatöflunni. Það væri gaman að sjá okkur efst eftir þessa leika. Það má alveg gera kröfu um gott gengi,“ segir Ragna Ingólfsdóttir.

- tom



Aðalfundur

Aðalfundur stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi verður haldinn fimmtudagskvöldið 11. júní 2015 kl. 20. Fundurinn fer fram í sal félagsheimilis Sjálfstæðismanna í Mjódd, Álfabakka 14a. Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir sem greitt hafa ársgjaldið 2014 - 2015.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnarmanna
6. Önnur mál

Stjórnin



Á FERÐ OG FLUGI Pablo Puyed verður mikið á ferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Punyed verður mikið fjarverandi

Stjörnumenn verða án Pablos Puyed í nokkrum leikjum vegna landsleikja.

FÓTBOLTI Pablo Puyed, miðjumaður Íslandsmeistara Stjörnunnar, verður ekki með liðinu á morgun þegar það mætir Leikni í 32-liða úrslitum Borgunarbikarsins.

Þetta staðfesti Victor Ingi Olsen, rekstrarstjóri knattspyrnudeildar Stjörnunnar, en Puyed var valinn í hóp salvadorska landsliðsins sem lék æfingaleik við Hondúras í gær og mætir Síle í Rancagua á föstudaginn.

Punyed spilaði ekki á móti Hondúras þar sem hann var á Kópavogsvelli að spila með Stjörnuni í Pepsi-deildinni. Ekki er um að

ræða alþjóðlega leikdaga og þurfa Stjörnumenn því ekki að sleppa honum. Hann flýgur engu að síður út í dag og verður í hópnum gegn Síle, en salvadorska landsliðið er að undirbúa sig fyrir tvo leiki gegn St. Kitts og Nevis í undankeppni HM 2018 og svo Gullbikarinn sem hefst í byrjun júlí.

Leikirnir gætu því orðið fleiri sem Puyed missir af í Pepsi-deildinni, í Borgunarbikarnum og mögulega í Meistaradeildinni.

Stjarnan mætir Fjölni á sunnudagskvöldið en Puyed verður þá í besta falli nýkominn heim eftir

langt flug frá Síle, en það er 12.000 kílómetra frá Íslandi.

El Salvador á fyrir höndum tvo leiki í undankeppni EM 2018, en sá síðari verður spilaður 16. júní. Daginn áður á Stjarnan að spila við Fylki í Pepsi-deildinni og ólíklegt að Salvadorinn verði þar fái hann kall í landsliðið í þessa leiki.

Gullbikarinn, þar sem landslið Mið-Ameríku, Norður-Ameríku og Karíbahafsins berjast, hefst svo 7. júlí, en þar á El Salvador þrjá leiki fyrir höndum í riðlakeppninni.

Þar gæti hann misst af fleiri Stjörnuleikjum.

- tom

Alfred á leið til Englands?

FÓTBOLTI Breski vefmiðillinn talkSPORT hélt því fram í gær að Alfred Finnbogason yrði að öllum líkindum lánaður til félags í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.



ALFRED FINNBOGASON

Alfred er á mála hjá Real Sociedad á Spáni og skoraði tvö mörk í 25 leikjum á sínu fyrstu tímabili í deildinni. Hann var í alls sex skipti í byrjunarliði Real Sociedad í deildarleik.

David Moyes er stjóri félagsins en hann stýrði Everton í fjölda-mörg ár og er enska félagið sagt áhugasamt um að fá Alfred í sínar raðir. Sem og nýliðar Norwich sem unnu umspil ensku B-deildarinnar í vor.

Romelu Lukaku er í aðalhlutverki í sókn Everton en Roberto Martinez, stjóri liðsins, sagði í síðustu viku að hann vildi styrkja hópinn í sumar og fá meiri breidd í liðið.

- tom



DÝRMÆTT MARK Nicolai Müller fagnar sigurmarki Hamburg gegn Karlsruhe í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hamburg enn í úrvalsdeild

FÓTBOLTI Hamburg hélt sæti sínu í þýsku úrvalsdeildinni með naumindum eftir sigur á Karlsruhe í framlengdum leik í umspili liðanna um sæti í deildinni á næsta tímabili.

Hamburg er eina liðið í sögu þýsku úrvalsdeildarinnar sem hefur aldrei fallið um deild þó að það hafi staðið tæpt síðustu árin.

Liðið lenti undir í leiknum í gær en náði að tryggja sér framlengingu með marki úr vítaspurnu á 90. mínútu leiksins. Nicolai Müller var hetja Hamburg í framlengingunni og skoraði sigurmarkið á fimm mínútum fyrir leikslok.

Hamburg verður því á meðal þátttökulíða í þýsku úrvalsdeildinni á næsta tímabili, líkt og hvert tímabil síðan deildin var stofnuð árið 1963. Hamburg er eina liðið sem getur enn státað af þeim árangri en liðið hefur alls sex sinnum orðið þýskur meistari, þrisvar eftir að úrvalsdeildin var stofnuð.

- esá



Hlökkum til að sjá þig Í HÁSKÓLABÆNUM AKUREYRI



Háskóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla. Háskóli er samfélag.

Heilbrigðisvísindasvið

- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfunarfræði
- Heilbrigðisvísindi MS/Diplóma

Viðskipta- og raunvísindasvið

- Líftækni
- Sjávarútvegsfræði
- Diplómanám í náttúru- og auðlindafræðum
- Viðskiptafræði
- Auðlindafræði MS
- Viðskiptafræði MS

Hug- og félagsvísindasvið

- Félagsvísindi
- Fjölmiðlafræði
- Kennarafræði (leik- og grunnskólastig)
- Diplómanám í leikskólafræðum
- Lögfræði
- Nútímafræði
- Sálfræði

- Félagsvísindi MA
- Lögfræði ML
- Menntunarfræði MEd
- Menntavísindi MA
- Fjölmiðla- og boðskiptafræði MA/Diplóma
- Heimskautaréttur LLM/MA/Diplóma

HA býður einnig upp á allt nám í fjarnámi að undanskilinni lögfræði

Umsóknarfrestur til 5. júní

unak.is

DAGSKRÁ



19:40

SÆLKERAHEIMSREISA UM REYKJAVÍK

Í þessum þætti heimsækir Vala íranskt eldhús þar sem arkitektinn og kokkurinn Ali Persi segir okkur frá persneskri matargerð. Hann eldar fyrir okkur ævintýralega góða hrísgrjónarétti með kryddi á borð við saffran og önnur exotísk krydd sem mikið eru notuð í persneska rétti.

FRÁBÆR
PRÍÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



NÝTT!

20:50

CATASTROPHE

Ný bresk þáttaröð um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hittast á skemmtistað í London þar sem örlög þeirra ráðast og líf þeirra tekur óvænta stefnu.

22:30

MURDER IN THE FIRST

Nýir og hörkuspennandi þættir þar sem eitt stórt og flókið sakamál er til umfjöllunar frá upphafi til enda út þáttaröðina.



20:50

ONE BORN EVERY MINUTE US


Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



19:00

FERÐIN TIL TUNGLSINS

Skemmtileg teiknimynd um 3 hressar húsflugur sem gerast laumufarþegar um borð í geimskipi sem er á leið til tunglsins.



STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
07.45 Teen Titans Go
08.05 The Middle (13.24)
08.30 Restaurant Startup (6.8)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors (22.50)
10.40 Suits (2.16)
11.25 Friends with Better Lives (7.13)
11.50 The Face (8.8)
12.35 Nágrannar
13.00 X-factor UK (7.34)
13.55 X-factor UK (8.34)
14.40 Time of Our Lives (12.13)
15.35 Survivors. Nature's Indestructible Creatures (2.3)
16.30 Teen Titans Go
16.55 Ground Floor (5.10)
17.20 Bold and the Beautiful
17.42 Nágrannar
18.04 Simpson-fjölskyldan (17.22)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag.
19.40 Sælkerahemsreisa um Reykjavík (8.8)
20.05 White Collar (9.13)
20.45 Catastrophe (1.6)
21.10 Veep (7.10)
21.40 A.D. Kingdom and Empire (9.12)
22.25 Murder in the First (2.10)
23.10 Last Week Tonight with John Oliver (15.35)
23.40 Louie (5.14)
00.00 Weird Loners (1.6)
00.25 Outlander (12.16)
01.20 Stalker (20.20)
02.05 Weeds (5.13)
02.30 The Bodyguard
04.35 White Collar (9.13)
05.20 Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

- 10.00** NBA 2014/2015 - Playoff Games (Cleveland - Atlanta. Leikur 4)
11.35 Ensku bikarmörkin 2015
12.05 Spænski boltinn 14/15 (Barcelona - Deportivo)
13.50 Spænsku mörkin 14/15
14.20 Pepsí deildin 2015 (Breiðablik - Stjarnan)
17.25 Meistaradeild Evrópu
17.55 Meistaradeildin í handbolta - Final Four 2015 (Barcelona - Veszprém)
19.30 Pýsku mörkin
20.00 Goðsagnir efstu deildar (Goðsagnir - Ólafur Þórðarson)
20.50 FA Cup 2014/2015 (Arsenal - Aston Villa)
22.35 Ensku bikarmörkin 2015
23.05 UFC Now 2015
23.50 NBA 2014/2015 - Playoff Games (Cleveland - Atlanta. Leikur 4)

- 12.45** Goals of the Season
13.40 Premier League 2014/2015
15.35 Premier League 2014/2015
17.20 Enska 1. deildin 2014/2015 (Preston - Swindon - Úrslit B-deildin)
19.05 Goals of the Season
20.00 Stuðningsmaðurinn (Magnús Gylfason)
20.30 MD bestu leikirnir (Man. Utd. - Barcelona - 25.11.98)
20.50 Enska 1. deildin 2014/2015 (Middlesbrough - Norwich - Úrslit).
23.15 Premier League 2014/2015

INN

- 20.00** Hrafnaþing Vinnubrögð á vinnumarkaði
21.00 Álið og Ísland Erindi á ársfundi Samáls 2.4
21.30 Skuggaráðuneytið Hávaði út af rammaáætlun

STÖÐ 3

- 18.35** Silicon Valley (3.10)
19.00 The World's Strictest Parents
20.00 Traffic Lights (13.13)
20.25 10 Items or Less (8.8)
20.50 One Born Every Minute UK (12.14)
21.40 Mental (4.13)
22.25 Flash (23.23).
23.10 The 100 (9.16)
00.50 Traffic Lights (13.13)
01.35 One Born Every Minute UK (12.14)
02.25 Mental (4.13)
03.05 Flash (23.23)
03.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó.

KrakkaStöðin

- 07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.49** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Lína langsokkur **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Latibær **10.47** Skoppa og Skríttla **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.49** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Lína langsokkur **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Latibær **14.47** Skoppa og Skríttla **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.49** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Lína langsokkur **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Latibær **18.47** Skoppa og Skríttla **19.00** Stuart Little 2

GULLSTÖÐIN

- 17.50** Friends (4.25)
18.10 Modern Family
18.35 Mike & Molly (20.24)
18.55 The Big Bang Theory (13.24)
19.20 Veggfóður (2.7)
20.05 Eithvað annað (5.8)
20.35 The Newsroom (2.6) Þriðja syrpan af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.
21.35 Grimm (6.22)
22.20 Curb Your Enthusiasm (3.10) (Trick or Treat)
22.50 Tyrant (1.10)
23.40 Chuck (4.24)
00.25 Cold Case (9.23) (Perfect Day)
01.10 Veggfóður (2.7)
01.50 Eithvað annað (5.8)
02.20 The Newsroom (2.6)
03.15 Grimm (6.22)
04.00 Curb Your Enthusiasm (3.10) (Trick or Treat)
04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó.

BÍÓSTÖÐIN

- 11.10** Moonrise Kingdom
12.45 42
14.55 10 Years
16.35 Moonrise Kingdom
18.10 42
20.20 10 Years
22.00 Our Idiot Brother Gamanmynd frá 2011 með Paul Rudd, Elizabeth Banks, Zooey Deschanel og Emily Mortimer í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um Ned sem hefur sérstaka hæfileika til þess að koma sér í vandræði hvar og hvenær sem er og endar í fangelsi.
23.30 The Iceman
01.15 The Deep Blue Sea
02.50 Our Idiot Brother

RÚV

- 15.00** Smáþjódaleikarnir 2015 - setningarhátið
16.20 Táknafréttir
16.30 Smáþjódaleikarnir 2015 (Frjálsar Íþróttir) Bein útsending frá keppni dagsins í frjálsum íþróttum á Smáþjódaleikunum á Laugardalsvelli.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Besta mataræði heims (2.2) (World's Best Diet) Breskur heimildarþáttur í tveimur hlutum um hóp næringarfræðinga sem ferðast heimshorna á milli í leit að hinu fullkomna mataræði. Skoðað er hvernig það hefur breyst í tímans rás og hvaða áhrif það hefur á heilsu fólks.
20.45 Hefnd (7.23) (Revenge)
20.50 Maðurinn og umhverfið (2.5) (Orka og umhverfi).
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Smáþjódaleikarnir á Íslandi - samantekt (1.4)
22.35 Gáru á vatninu (2.7) (Top of the Lake).
23.25 Dicte (1.10) (Dicte II)
00.10 Kastljós Endursýnt Kastljós frá því fyrr í kvöld.
00.35 Fréttir Endursýndar Tíufréttir.
00.50 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond (23.25)
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
13.35 Cheers (10.26)
14.00 Dr. Phil
14.40 Benched (1.12)
15.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course (1.20)
15.35 My Kitchen Rules (8.10)
16.20 Eureka (3.20)
17.05 Black-ish (5.13)
17.30 The Odd Couple (10.13)
17.50 Dr. Phil
18.30 The Talk
19.10 Design Star (6.9)
19.55 Kirstie (7.12)
20.15 Reign (1.22) Mary, drottningu Skotlands, er ætlað að giftast frönskum prins og tryggja þar með bandalag Frakklands og Skotlands. Hún kemst hins vegar fljótt að því að ráðahagurinn er síður svo öruggur og að pólitískir fjandmenn við frönsku hirðina leggja allt í sölnar til að koma í veg fyrir brúðkaupið.
21.00 Elementary (24.24)
21.45 Nurse Jackie (1.12)
22.10 Californication (1.12)
22.40 Sex & the City (14.18)
23.05 Ray Donovan (1.12)
23.50 Franklin & Bash (1.10)
00.35 Blue Bloods (21.22)
01.20 Elementary (24.24)
02.05 Nurse Jackie (1.12)
02.30 Californication (1.12)
03.00 Sex & the City (14.18)
03.25 Pepsi MAX tónlist

HRINGBRAUT

- 10.00** Lífsstíll (e) **10.30** Kíkt í skúrinn (e) **11.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **12.00** Lífsstíll (e) **12.30** Kíkt í skúrinn (e) **13.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **14.00** Lífsstíll (e) **14.30** Kíkt í skúrinn (e) **15.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **16.00** Lífsstíll (e) **16.30** Kíkt í skúrinn (e) **17.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **18.00** Lífsstíll (e) **18.30** Kíkt í skúrinn (e) **19.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **20.00** Fólki með Sirry **21.00** Atvinnulífið **21.30** Ritstjórnir **22.00** Fólki með Sirry (e) **23.00** Atvinnulífið (e) **23.30** Ritstjórnir (e)



4.JÚNÍ.2015

GAMLA BÍÓ

18 ÁRA ALDUSTAKMARK

**EGILL TINY &
SÖLVI BLÖNDAL ÚR**

Quarashi

**ASAMT / STURLA ATLAS,
GERVÍSYKUR & VAGINABOYS**

- M I D A S A L A -

TIX.IS
SMEKKLEYSA

BESTI BITINN



„Í dag er það Local, sesarsalatíð þar er minn uppáhaldsskyndibiti núna.“

Davíð Óskar Ólafsson leikstjóri

Pagnarmúr rofinn í stelpuhóp á Facebook-síðu

„Ég veit ekki alveg hvernig mér á að líða, stressuð en gríðarlega stolt,“ segir Áslaug, stjórnandi Beauty tips.

„Ég tók mér frí frá síðunni um helgina, lokaði alveg á þetta. Álagið hefur verið gríðarlegt,“ útskýrir Áslaug María Agnarsdóttir, upphafskona og stjórnandi hópsins Beauty tips, en fórnarlömb kynferðisofbeldis deildu sögum sínum innan hópsins á föstudag. Með þessu hafna konurnar þeirri þöggun sem verið hefur við lýði til þessa. Myllumerkin #þöggun og #konurtala hafa verið í forgrunni.

„Ég get með engu móti sagt hve margar konur hafa stigið fram með sínar sögur, en í hvert einasta skipti

sem ég fer inn á er komin ný sorgarsaga. Þessar sögur eru að minnsta kosti hundrað,“ útskýrir Áslaug þegar hún er innt eftir tölum og bætir við að hún hafi gefist upp á að fylgjast grannt með flæðinu, strax í enda dags á föstudag.

Aðspurð um upphaf þessarar hol skeflu frásagna íslenskra kvenna á internetinu segir Áslaug að það megi eflaust rekja til færslu sem sett var inn um lögmanninn Svein Andra Sveinsson. „Ég endaði með að taka þá færslu út, þar sem þetta var orðið eins og einn dýrargarður þarna. Ekki

til að þagga niður í neinum, síður en svo,“ útskýrir hún. Úr varð bylting og þagnarmúrinn var rofinn.

„Sjálfr upplifi ég að ég veit ekki alveg hvernig mér á að líða með þetta allt saman, ég er stressuð en svo gríðarlega stolt af þessum konum,“ segir Áslaug, sem hefur þurft að loka fyrir skilaboð á sinni persónulegu fésbókarsíðu vegna áreitis í kjölfar byltingarinnar. - ga

ÖFLUG Hópur Ásdísar er afar vinsæll og eru meðlimir hans nú rúmlega tuttugu og fimm þúsund íslenskra kvenna. MYND/ADSEND



Neitaði lögreglu um að leita í vösum sínum

Rapparin Gauti Peyr Másson er ósáttur við lögreglumenn sem vildu leita á honum um helgina. Gauti segir kominn tíma á að að ræða almennilega um borgaraleg réttindi og segir fráleitt að lögreglan geti leitað á grunlausu fólki að vild.

„Ég þekki minn rétt og þetta var bara fátíð framkoma hjá lögreglunni,“ segir rapparin Gauti Peyr Másson, betur þekktur sem Emmsjé Gauti, um uppákomu inni á skemmtistaðnum b5, aðfaranótt laugardags. Gauti var þar staddur ásamt vinum sínum þegar tveir lögreglumenn tóku hann afsíðis og vildu leita á honum.

„Við byrjuðum kvöldið með því að fara á uppistand með Hugleiki Dagssyni á Húrra. Við fórum þaðan á Fredda og tókum nokkra tölvuleiki. Síðan ákváðum við að kíkja á b5 og vorum afar rólegir. Ég var búinn að drekka þrjá bjóra. Enginn í hópnun var ölvður og enginn með læti,“ útskýrir Gauti. Þegar hópurinn kom inn á b5 komu lögreglumenn að rapparanum og vildu ræða við hann. „Við stöndum þarna inni á staðnum og allt í einu birtist maður fyrir framan mig sem kynnir sig ekki. Grípur í höndina á mér og biður mig að koma með sér. Ég neitaði því. Þá birtist lögreglukona sem var frekar æst og sýnir mér lögreglumerkið sitt og sagði mér að koma afsíðis. Ég sagðist ekki hafa neina ástæðu til þess og það um að fá að sjá skjöldinn hennar aftur.“

Þekkir rétt sinn

Gauti segir að lögreglumennirnir hafi sagt honum að kæmi hann ekki með þeim afsíðis myndi það jafnvel þýða að hann yrði handtekinn á staðnum. „Ég ákvað því að fara með þeim þarna bakatil og þar mætti ég þremur öðrum lögreglumönnum. Ég var beðinn að tæma vasana mína. Þó að ég hafi ekki haft neitt að fela neitaði ég að gera það. Ég sagði þeim að ég þekkti rétt minn og mér var bara gróflaga misboðið. Það var engin ástæða til þess að sigta mig út og taka mig afsíðis. Lögreglukonan spurði mig hvort ég ætlaði virkilega að spila þennan leik og sagði að ef ég neitaði að tæma vasana myndi það þýða að ég yrði handjárnður, að þau þyrftu að fara með mig út um aðaldyrnar og þannig fara með mig í járnnum yfir dansgólfið í allra augsýn. Ég ákvað þarna að gefa mig einfaldlega ekki. Ég sagði þeim að ef þau vildu gera það yrðu það þá að vera þannig.“

Ekkert samræmi í útskýringum

Gauti segir að ekkert samræmi hafi verið í rökstuðningi lögreglumanna, af hverju hann hafi verið tekinn fyrir þarna inni á skemmtistaðnum. „Fyrst var mér tjáð að þetta hefði verið „random“, en síðar sögðust þau hafa verið að fylgjast með mér og hefðu rökstuddan grun. Líklega bara til þess að hræða mig, enda vorum við nýkomnir inn á staðinn.“



ÓSÁTTUR Emmsjé Gauti er ekki sáttur við framgöngu lögreglunnar.

Gauti bætir við að þegar hann endurtók við lögreglumennina að þeir þyrftu bara að fara með hann inn á lögreglustöð hafi þeir gefið sig. „Ég sagði þeim að mér þætti þetta brot á friðhelgi míns einkalífs. Að þeir ætluðu að leita á mér þarna algjörlega að ástæðulausu. Þeir vissu vel að ekkert benti til þess að ég væri á eiturlyfjum. Ég er ekki á sakaskrá og ég var tekinn afsíðis á einhverjum fátíðum forsendum, líklega vegna þess að þeir könnuðust eitthvað við andlitið á mér. Ég sagði þeim að ef þeir ætluðu sér að handtaka mig yrðu þeir þá bara að gera það, en þá þyrftu þeir líka að eiga við eftirmálin, því það var nákvæmlega engin ástæða til að handtaka mig.“ Gauti segir að lögreglumennirnir hafi þarna sannfærst um að hann væri ekki með eiturlyf á sér. „Þeir sögðu að þetta væri allt í góðu og að ég mætti fara. Bara sisvona. Líklega hafa þeir séð að þessi hræðslutaktík myndi ekki virka og þeir hafa örugglega gert sér grein fyrir því að þeir hafi ekkert getað gert innan ramma laganna.“

Ekki í fyrsta skiptið

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Gauti lendir í lögreglumönnum sem vilja vita hvað er í vösum hans. „Á Sónar í fyrsta settist ég niður í Hörpu, ásamt móður minni og systur. Við

höfðum setið þarna í mjög skamma stund þegar lögreglumaður kom að mér og það mig að koma með sér. Mér fannst þetta svo furðulegt allt að ég bara leyfði honum að fara ofan í vasa mína og að sjálfsögðu fannst ekkert. Manni brá bara eiginlega að þetta færi svona fram.“

Hann er mjög mótfallinn þessum aðferðum lögreglunnar, eins og beitt hefur verið á hann í tvisgang núna. „Erum við ekki komin lengra en þetta? Við erum með pissfullt fólk úti um allt sem er að slást og jafnvel ælandi í tíma og ótíma. Ætlum við í alvörunni að reyna að nappa fólk á einhverjum einkaneysluskömmtum þegar það er úti að skemmta sér? Lögreglan segist vera undirmönnum. En um helgina voru þarna fimm lögreglumenn að nóttu til, með mér baksviðs að reyna að hræða mig. Þetta snýst nefnilega ekki um eitt hvert hatur á lögreglunni. Ég myndi frekar vilja að lögreglumenn væru sýnilegir á djamminu, þannig að fólk gæti leitað til þeirra og þeir fylgst vel með. Í staðinn fyrir að þeir klæði sig í „nineties“ unglingsföt, í einhverju dulargervi að reyna að grípa fólk úr leyni. Maður hefur séð og heyrð Pírata ræða þessi mál mikið og mér finnst mjög mikilvægt að við ræðum borgaraleg réttindi hér á landi, því svona aðferðir við að leita á fólki eiga ekki að sjást.“

kjartanatli@frettabladid.is

heimkaup.is

RISAÚTSALA!

Gerð bestu raftækjakaup sumarsins á vefnum!



33% afsláttur

Dúndur hljómur!

HW-H355
SAMSUNG 2.1
HEIMABÍÓ - SOUNDBAR
VERÐ ÁÐUR
44.990,-
29.990,-

Nú versla Íslendingar á netinu...
á Heimkaup.is!

HEIMKAUP

Smáratorgi 3 · Kópavogi · 550 2700



SUMAR TILBOÐ

rekkjan

HEILSURÚM



ROYAL BASE (90x200 cm)
Stök dýna 21.595 kr. - **NÚ 12.957 kr.**
Með botni 66.235 kr. - **NÚ 39.741 kr.**



ROYAL CORINNA
(153x200 cm) Einnig til í öðrum stærðum
Stök dýna 64.900 kr. - **NÚ 51.920 kr.**

Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365.is
Sími 1817

0-60 mín. og SMS
0 kr.
60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

60-365 mín. og SMS
2.990 kr.
365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.


Endalaust
4.990 kr.
Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn.



THULE[®]
SWEDEN

Ferðabox og hjólafestingar



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland



BAKPANKAR

Erlu Bjargar
Gunnarsdóttir

Tilfinninga- byltingin


Ég hef ekki orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. En frá því að ég var smástelpa hefur mér verið treyst fyrir leyndarmálunum. Þeim hefur verið hvíslað í eyru mín. Í skólaferðalagi. Á trúnaðarstundu sem færir yfir eftir svefngalsa í sleepover. Yfir kakóbolla og ristudu brauði. Við eldhúsbörðid. Í leigubíl. Á Kaffibarnum. Þetta eru heilög leyndarmál. Ekki segja neinum. Aldrei. Usssss...

OG ÉG HEF þagað úr mér vitid. Þagað úr mér trú og traust á mannkynid. Og við höfum öll einhvern tímann þagað. Og við höfum öll óttast þögnina og það sem gerist í skjóli hennar. Sem manneskjur, mæður, feður, systur og bræður.

Í VIKUNNI hefur fjöldi kvenna deilt reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi á internetinu og þannig frelsað sig frá leyndarmálinu. Það hefur verið magnað að fylgjast með byltingunni. Að sjá hundruð radda þrýsta á þagnarmúrinn sem hefur hlaðist upp. Stein fyrir stein. Kynslóð eftir kynslóð. Sársauka eftir sársauka. Svo finna raddirnar – fullar af réttlætiskenn, reiði og samkennd – sprungu á múrnunum og flæða þar í gegn. Stækka sprunguna þar til hún opnast upp á gátt. Nýr jarðvegur tekur að myndast. Er það ekki svona sem heimurinn breytist?

OG ÞAÐ ER sama hvað við fussum og sveium mikið yfir því að fólk stari á skjáinn í stað þess að stara hvert á annað. Skjárinn með sínum samfélagsmiðlum hefur gert okkur á svo margan hátt persónulegri og býr til pláss fyrir þetta „örþægilega“. Það eru kannski færri kaffiboð haldin með spjalli um veðrið og ómögulega ríkisstjórn. En við höfum aldrei verið jafn einlæg.

ÞAÐ ER TIL orð yfir það þegar fólk tuðar um að tilfinningatal og erfiðar reynslusögur eigi ekki heima á opinberum vettvangi. Að það eigi ekki að bera sinn einkaskít á torg. Að tjáning sé það sama og athyglissýki. Orðið er þögnun.



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalæstur á töluþláð 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan. - mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu. Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrifa - Margar gerðir og litir.

BONBONS S ▶
2 grunneiningar:
4 sæta sófi/
tvöfalt rúm með
2 púðum /
kodda kr. 169.950.-



FAYDOM BONBON M kr. 229.900.- ▲



KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA

BODYPRINT - IQ CARE

BYLTING Í HEILSUDÝNUM

ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!



Ráttur
stuðningur
og þrýstijöfnun
★★★★★
Settu heilsuna
í fyrsta sæti

Reverie®

Vönduð stillanleg

HEILSURÚM

með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

- Inndraganlegur sterkur stálbotn
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færir ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Kíktu á www.reverie.com



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

BODYPRINT er með nýjan opnari efniseiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur (svitnar síður).

BODYPRINT er með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

BODYPRINT aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því djúpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

BODYPRINT er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

BODYPRINT er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbackið.

BODYPRINT er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

BODYPRINT leitast við að halda hryggslunni í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

IQ-CARE

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum



12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is